50.000

UM 43.500 SELDAR SLAUFUR

AÐEINS EINN DAGUR EFTIR Í SÖLU

BLEIKA



**SKOÐUN** Fanný Heimisdóttir segir að leikskólabörn séu svikin með rýrum kosti. 13



**MENNING** Sigurður Guðmundsson sækir innblástur í íslenska póesíu. 22



**LÍFIÐ** Íslendingar fengu hlutverk í rómantískri, þýskri mynd. 24



**SPORT** U21 árs landsliðið fer ekki á EM eftir grátlegt jafntefli gegn Dönum. 26


WOW air

EVRÓPA frá

9.990 kr.



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
15. október 2014
242. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Tryggingafélögin lækka

Gengi bréfa í tryggingafélögunum hefur lækkað nokkuð á árinu. Að hluta til skýrist það af kostnaði vegna stórtjóna en einnig vegna lakari ávöxtunar.

## FRÉTTIR

**Óvissa með kvennafangelsi** Fangelsinu í Kópavogi verður hugsanlega lokað fyrr en áætlað var vegna niðurskurðar. 2

**Skýra ekki málið** Fjármálaráðuneytið útskýrir ekki hvers vegna matur á veitingahúsum og í mötuneytum er ekki inni í forsendum virðisaukaskattsfrumvarpsins. 4




12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | | NA | 2 |
| Akureyri | 4° | | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 3° | | NNA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | NA | 3 |
| Reykjavík | 3° | | A | 4 |

**Hlýjast syðst** Í dag verður austan strekkingur allra syðst, annars hægari vindur. Stöku skúrir S- og A-til, annars fremur skýjað en úrkomulítið. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaður | Fólk




# Íhuga að kæra Framsókn

Framsóknarflokkur tók við tveimur styrkjum yfir hámarksupphæð sem kveðið er á um í lögum. Ríkisendurskoðun íhugar að kæra styrkveitingarnar til lögreglu. Hafa ekki tekið afstöðu til málsins enn sem komið er.

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun íhugar að kæra Framsóknarflokkinn til lögreglu vegna brota á lögum um fjármál stjórnmálaflokka þegar flokkurinn tók við tveimur styrkjum yfir löglegri upphæð. Þetta staðfestir Lárus Ögmundsson, lögfræðingur Ríkisendurskoðunar.

Fram kemur í ársreikningi Framsóknarflokksins að flokkurinn tók við tveimur styrkjum yfir hámarksupphæð, sem er 400 þúsund krónur. Einhamar Seafood styrkti flokkinn um 462.750 krónur og Skinney Þinganes styrkti flokkinn um 440 þúsund krónur. „Við erum að fara yfir málið í rólegheitum, það er stutt síðan þetta kom upp og við erum að velta því fyrir okkur hvort við eigum að fara með málið til lögreglu,“ segir Lárus.

Ríkisendurskoðun benti Framsóknarflokknum á að þessir styrkir væru yfir löglegri upphæð. Framsóknarflokkurinn brást fljótt við ábendingum Ríkisendurskoðunar og hefur nú þegar greitt til baka rúmar 100 þúsund krónur samtals til þessara tveggja fyrirtækja.

Í lögum um fjármál stjórnmálaflokka segir í 12. grein að hver sá sem veiti viðtöku styrkjum, sem honum sé óheimilt að taka við skuli sæta sektum og gera skuli lögaðilum sekt fyrir broti sem þessu. Einnig segir að refsa skuli fyrir brot hvort sem þau séu framin af ásetningi eða gáleysi.

Lárus gat ekki svarað því hvenær Ríkisendurskoðun tæki afstöðu til þess hvort yrði kært eða ekki. „Við erum með þetta á okkar borðum, nú er svo komið að ríkisendurskoðandi er í viku fríi og við munum líklega skoða þetta betur í næstu viku,“ segir Lárus. - sa

> **Við erum að velta því fyrir okkur hvort við eigum að fara með málið til lögreglu.**
>
> *Lárus Ögmundsson, yfirlögfræðingur hjá Ríkisendurskoðun.*



**BÆNASTUND** Hópur fólks hittist vikulega fyrir framan Kvennadeild Landspítalans til að biðja fyrir hugarfarsbreytingum til fóstureyðinga og fóstrum sem er eytt á spítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Andstæðingar fóstureyðinga hittast vikulega á lóð Landspítalans til að biðja:

# Biðja fyrir framan Kvennadeild

**SAMFÉLAGSMÁL** Hópur fólks kemur saman vikulega fyrir utan Kvennadeild Landspítalans og biður fyrir fóstrum sem eytt er á spítalanum.

Að sögn Denis O'Leary, prests í Maríukirkju í Breiðholti og eins af þeim sem mæta þangað reglulega til að biðja, vonast hann til að með bæninni nái hópurinn að koma af stað hugarfarsbreytingu hjá fólki til fóstureyðinga.

Að þessu sinni eru fjórir einstaklingar, sem allir eru meðlimir Maríukirkju og í félaginu Lífsvernd, sem er félag fóstureyðingaandstæðinga hér á landi, mættir fyrir framan Kvennadeildina. Það fer lítið fyrir þeim og þau biðja í lágum hljóðum. Þau segjast biðja um vernd fyrir ófædd fóstur en einnig biðja þau fyrir öllum börnum sem fæðast á spítalanum. „Öll vorum við einu sinni fóstur. Við getum verið þakklát fyrir að okkur var ekki eytt,“ segir Denis í samtali við blaðamann Fréttablaðsins. - hó / sjá síðu 6

> **Öll vorum við einu sinni fóstur. Við getum verið þakklát fyrir að okkur var ekki eytt.**
>
> *Denis O'Leary, prestur í Maríukirkju.*



**GUÐRÚN TARA SVEINSDÓTTIR** Hafna bleiku og bláu í fatnaði barna.

Bjóða lífrænan barnafatnað:

# Ókynbundin barnafataverslun

**VIÐSKIPTI** „Það skiptir okkur máli vegna þess að við viljum ekki kyngreina börnin með litum. Það virðist vera inngróið í samfélagið að stelpur eigi að vera í bleiku og strákarnir í bláu, sem gerir það að verkum að framboðið af öðru er lítið,“ segir Guðrún Tara Sveinsdóttir sem ásamt eiginmanni sínum, Gísla Hrafni Magnússyni, opnar netverslun með lífrænan barnafatnað. „Við uppgötvuðum svo merkið PurerBaby og leist rosalega vel á það og ákváðum að slá til og hefja lítinn innflutning og opna netbúð.“ - asi / sjá síðu 30


NATURA ISLANDICA

Betri heilsa náttúrulega




Burnirótarhylki

gegn streitu og bæta andlega líðan

www.naturaislandica.is

Frábær flensufæla!




Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

## SPURNING DAGSINS



Jón Þór, eruð þið búin að fá ykkur fullsödd af frumvarpinu?

**„Já, við þingmenn erum fullsaddir, enda er hráefniskostnaðurinn sem við greiðum í okkar mötuneyti yfir 550 krónur á mann.“**

Forsendur í fjárlagafrumvarpi næsta árs varðandi upphæð sem kostar að brauðfæða hvern einstakling eru gagnrýndar af alþingismönnum. Jón Þór Ólafsson er þingmaður Pírata.

Þingflokksformaður Pírata telur ólíklegt að lögbann muni draga úr ólöglegu niðurhali vegna hjáleiða:

# Héraðsdómur fyrirskipar lokun Deildu.net

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur komist að þeirri niðurstöðu að Vodafone og Hringdu.net eigi að loka fyrir aðgang viðskiptavina sinna að vefsíðunum Deildu.net og Piratebay. Á vefsíðunum hefur verið hægt að hala niður ókeypis efni í trássi við höfundarréttarlög.

Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) höfðaði málið.

Sýslumanninum í Reykjavík er nú gert að leggja lögbann á að umrædd fjarskiptafyrirtæki veiti viðskiptamönnum sínum aðgang að vefsíðunum.

Fyrir ári síðan fór STEF fram á við Sýslumanninn í Reykjavík að leggja sambærilegt lögbann á fjarskiptafyrirtæki en því var hafnað.

STEF hefur einnig lagt fram lögbannskröfu gegn öðrum íslenskum fjarskiptafyrirtækjum líkt og TAL, 365 og Símanum og eru þau mál í ferli. Lögmaður STEF telur málið fordæmisgefandi og megi því búast við sömu niðurstöðu varðandi önnur fjarskiptafyrirtæki.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingflokksformaður Pírata, segir að ákvörðun héraðsdóms muni líklega ekki draga úr ólöglegu niðurhali. „Nú verður lokað á þessa vefi. En það eru aðrir vefir með svipaðan tilgang og fjöldi þeirra hleypur á hundruðum jafnvel þúsundum. Á að loka þeim öllum? Og ef svarið er já, hvernig sjá menn fyrir sér að þeir ætli að hafa opið internet meðfram höfundarrétti?“ **- ih**



**PÍRATI** Helgi Hrafn efast um að lögbann skili tilætluðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**NIÐURRIF** Hverfisgata 58 var rifin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rífa á fjölda húsa við Hverfisgötu og Frakkastíg og byggja ný:

## Tæplega sjötíu íbúðir byggðar

**SKIPULAGSMÁL Stefnt er að því að tæplega sjötíu íbúðir auk verslana og skrifstofuhúsnæðis verði byggðar á svokölluðum Frakkastígsreit, sem er á mótum Hverfisgötu, Frakkastígs og Laugavegs.**

**Nú er unnið að því að rífa húsin á Hverfisgötu 58 til 62 en einnig stendur til að rífa Frakkastíg 8. Baldur Svavarsson arkitekt, sem vinnur að skipulagi reitsins, segir að áhersla verði lögð á að byggja litlar íbúðir.** **- ih**

Nýtt háhýsi við Höfðatorg:

## Eykt byggir 80 íbúða blokk

**SKIPULAGSMÁL** Eykt hf. hefur fengið samþykki skipulagsfulltrúans í Reykjavík fyrir áformum um tólf hæða fjölbýlishús á horni Þórunnartúns og Bríetartúns við Höfðatorg.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist næsta haust og að þeim ljúki síðla árs 2016 að því er kemur fram á heimasíðu Eyktar. Áttatíu íbúðir verða í húsinu. Á jarðhæð þess á að vera þjónustustarfsemi og bílakjallari þar undir. Í umsögn skipulagsfulltrúa segir að byggingin samræmist deiliskiplagi, meðal annars hvað varðar nýtingu og hæðir húsa. **- gar**

Dagblaðalestur dregst saman:

## Fréttablaðið heldur velli

**FJÖLMIÐLAR** Lestur dagblaða dróst saman á þriðja ársfjórðungi milli áranna 2013 og 2014.

Lestur á Fréttablaðinu dregst minnst saman eða um eitt prósent í aldursflokknum 18-49 ára. Í sama aldursflokki dregst lestur Morgunblaðsins, DV og Fréttatímans saman um á milli sjö og níu prósent.

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með 52,7 prósent lestur á landsvísu samanborið við 20,7 prósent lestur Morgunblaðsins og 31,7 prósent lestur á Fréttatímanum í fyrrgreindum flokki lesenda. **- ih**

# Kvenfangar í óvissu

Fangelsinu í Kópavogi verður hugsanlega lokað fyrr en áætlað var vegna niðurskurðar. Þrjár konur afplána nú í íslenskum fangelsum, aðeins ein í Kvennafangelsinu.

**FANGELSISMÁL** Kvennafangelsinu í Kópavogi verður væntanlega lokað næsta sumar en áætlað er að nýtt fangelsi á Hólmsheiði verði tilbúið um þarnæstu áramót. Þar verður sérstök kvennadeild. Þá verður í nokkra mánuði ekkert eiginlegt kvennafangelsi. „Það er niðurskurðarkrafa á okkur í ár eins og fyrri ár og við erum að velta því fyrir okkur hvernig við eigum að takast á við það. Einn möguleikinn er að loka fangelsinu í Kópavogi fyrr,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri. Áætlað er að nýtt fangelsi á Hólmsheiði verði tilbúið um þarnæstu áramót og getur því skapast sú staða að ekkert eiginlegt fangelsi fyrir konur verði um nokkurra mánaða skeið. Páll segir það ekki koma að sök þar sem kvenfangar séu nú í miklum minnihluta í fangelsinu. Einungis ein kona afplánar núna en samtals afplána nú þrír kvenfangar dóm í íslenskum fangelsum auk þess sem nokkrar eru á Vernd. Tvær afplána á Kvíabryggju.

Páll segir það hafa gengið vel að hafa kven- og karlfanga saman og engin meiriháttar vandamál komið upp. „Það hefur gengið merkilega vel. Starfsfólk hefur tekið þessu með opnum huga og er mjög vakandi fyrir því að þetta sé flókið verkefni,“ segir hann.

Lengi hefur verið ljóst að aðstaða fyrir kvenfanga á Íslandi er hvergi nærri nógu góð.

Fangelsið í Kópavogi er talið óhentugt, sérstaklega konum sem afplána lengri dóma. Fangelsið á Hólmsheiði verður með sérstaka kvennadeild þar sem kvenfangar eru aðskildir frá karlföngum. „Þar er sérstök deild fyrir konur sem afplána lengri dóma þar sem þær eru aðskildar frá öðrum föngum auk þess sem aðbúnaður þeirra tekur mið af því að það sé hægt að afplána til lengri tíma. Aðstaða þeirra verður fullnægjandi og okkur til sóma. Þar verður ein átta manna deild rekin sérstaklega fyrir konur en ef þeim fjölgar þá verður fangelsið hannað þannig að það er hægt að taka aðra deild fyrir átta konur,“ segir Páll en hafa kvenfangar verið frá engum og upp í sextán.

**viktoria@frettabladid.is**



**VERÐUR LOKAÐ** Hugsanlega verður fangelsinu í Kópavogi lokað fyrr en áætlað var.

### → Þrjár í fangelsi

Núna eru þrjár konur að afplána dóma í íslenskum fangelsum. Ein afplánar í Kvennafangelsinu í Kópavogi en hinar tvær á Kvíabryggju. Að sögn Páls Winkel fangelsismálastjóra er fjöldi kvenna í afplánun misjafn. „Það hefur farið frá því að vera engin og upp í sextán,“ segir hann.



**FANGELSISMÁLASTJÓRI** Páll Winkel segir að nýtt fangelsi á Hólmsheiði verði tilbúið um þarnæstu áramót.






Eimskip og Samskip eru sögð hafa skipt á milli sín flutningum á sjó og landi:

# Kærð fyrir samkeppnislagabrot

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur kært ellefu starfsmenn Samskipa og Eimskipa til sérstaks saksóknara fyrir stórfelld brot á samkeppnislögum. Kastljósið greindi frá þessu í gær.

Samkvæmt kærunni hafa fyrirtækin skipt á milli sín viðskiptum við fyrirtæki og heilu landshlutana. Í kærunni er minnst á kvartanir fyrirtækja vegna þess að þau hafi fengið samhljóða tilboð hjá Eimskipum og Samskipum. Einnig eru tiltekin dæmi úr innanhúsgögnum frá fyrirtækjunum þar sem áhersla er lögð á að hækka verð en ekki lækka og láta þar að auki ákveðin fyrirtæki og landsvæði eiga sig.

Meðal hinna kærðu eru Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskipa, Ásbjörn Gíslason, fyrrverandi forstjóri Samskipa, og Pálmar Óli Magnússon, núverandi framkvæmdastjóri Samskipa.

Fyrirtækin ásamt dótturfyrirtækjum flytja inn um áttatíu til níutíu prósent af neytendavörum á Íslandi auk þess að sinna um sjötíu prósentum af landflutningum á Íslandi.

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Samskipum, Eimskipum og dótturfyrirtækjum þeirra í september árið 2013 og í júní á þessu ári við rannsókn málsins.

Fyrirtækin sæta einnig rannsókn samkeppnisyfirvalda í Hollandi. **-ih**



**HÚSLEIT** Samkeppniseftirlitið gerði húsleit í húsnæði Samskipa í september á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/SETFÁN



# HEKLA **Einkaleiga**

## Engin óvissa – fast mánaðargjald

Með HEKLU **Einkaleigu** gefst einstaklingum tækifæri til að aka um á nýjum bíl.

HEKLA **Einkaleiga** býður hagstætt mánaðargjald í 12 eða 24 mánuði. Þú hefur einfalda yfirsýn yfir hvað bifreiðin kostar þig mánaðarlega, kemst hjá ófyrirséðum kostnaði og getur valið leigutíma sem hentar.

Afnot, þjónusta og viðhald fyrir einstaklega hagstætt fast mánaðargjald. Í HEKLU **Einkaleigu** eru engin óvænt útgjöld, fjárbinding eða endursöluáhætta. Við lok leigu er bílnum einfaldlega skilað.

HEKLA **Einkaleiga** býður upp á nýja bíla, þjónustu og viðhald í einum pakka fyrir fast mánaðargjald.

Innifalið í HEKLU **Einkaleigu** er þjónusta og viðhald. Það þýðir að þú þarft ekki að hafa áhyggjur af óvæntum útgjöldum þegar þú ferð með bifreiðina á verkstæði, t.d. í þjónustuskoðun.

VELDU **BÍLINN!**

HEKLA

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



## Verðdæmi*

| Tegund | Mánaðargjald frá |
|---|---|
| Volkswagen up! | 47.300 kr. |
| Volkswagen Polo | 59.900 kr. |
| Volkswagen Golf | 79.900 kr. |
| Volkswagen Passat | 113.600 kr. |
| Volkswagen Tiguan | 137.200 kr. |
| Skoda Octavia | 95.200 kr. |
| Skoda Yeti | 133.600 kr. |
| Skoda Superb | 129.300 kr. |
| Audi A1 | 77.400 kr. |
| Audi A3 | 115.200 kr. |
| Audi A6 | 230.000 kr. |
| Audi Q5 | 246.200 kr. |
| Mitsubishi Outlander | 144.200 kr. |

*Verðdæmi miðast við 200.000 kr. eingreiðslu í byrjun leigusamnings.

## SVONA ERUM VIÐ



**4.970** **kílómetrar mælist strandlína Íslands.**

**Fiskveiðilögsagan er hins vegar 758.000 ferkílómetrar.**

Aftur tæmist á miðju ári sjóður sem heyrnarlausir geta notað til að fjármagna túlkaþjónustu:

# Túlkasjóður heyrnarlausra er galtómur

**FJÁRMÁL** Sjóður sem tryggja átti heyrnarlausum túlkaþjónustu í daglegu lífi allt yfirstandandi ár er uppurinn. Þar með eru heyrnarlausir sviptir þeim réttindum sem þeir eiga til þátttöku í daglegu lífi, segir formaður Félags heyrnarlausra sem telur ríkið brjóta lög með því að veita ekki þessa þjónustu nema hluta úr ári.

Þetta er annað árið í röð sem sjóðurinn tæmist á miðju ári. Túlkunum er ætlað að aðstoða heyrnarlausa einstaklinga í daglegu lífi, hvort heldur það eru vinnustaðafundir, tómstundir eða læknisheimsóknir.

Lög mæla fyrir um að íslenskt táknmál sé jafnrétthátt íslensku og að óheimilt sé að mismuna fólki eftir því hvort málið það notar.

Formaður Félags heyrnarlausra er ekki í vafa um að lög séu brotin.

„Það er í raun búið að útiloka okkur frá þátttöku í þjóðfélaginu. Það er búið að útiloka okkur frá því að sinna okkar skyldum sem húseigendur, sem foreldrar, bara sem virkir þjóðfélagsþegnar,“ segir Heiðdís og segir að engin svör komi frá ráðuneytinu. Á meðan þurfa heyrnarlausir að búa við óvissu.

„Ég starfa líka sem hjúkrunarfræðingur. Flest starfsþróunarnámskeið fyrir okkur eru sett á laggirnar á haustin. Þannig að þú getur ímyndað þér að ég hef enga möguleika átt á að taka þátt núna undanfarin tvö ár. Þannig að ég á ekki möguleika á að ná frama í starfi og ekki að vinna með mína starfsþróun.“ **- hh**



**Á ALÞINGI** Heyrnarlausir segja að á þeim séu brotin lög þegar túlkaþjónusta er ekki veitt vegna fjárskorts.



**FLÓTTAMENN HANDTEKNIR** Hópur Kúrda, sem flúðu frá Sýrlandi, hefur verið hafður í haldi í þessu íþróttahúsi í Suruc í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Spenna vex í Tyrklandi:

## Tyrklandsher ræðst á Kúrda

**TYRKLAND, AP** Tyrkneski herinn gerði í gær loftárásir á Kúrda í suðaustanverðu landinu. Þetta er í fyrsta sinn í tvö ár sem herinn ræðst á Kúrda.

Tyrknesk stjórnvöld segja Kúrdana vera uppreisnarmenn.

Kúrdar í Tyrklandi eru afar óánægðir með aðgerðarleysi stjórnvalda og hersins gagnvart árásum vígasveita Íslamska ríkisins á Kúrdabæinn Kobani, sem er rétt handan landamæranna í Sýrlandi. Sumir Kúrdar saka jafnvel tyrknesk stjórnvöld um að vera komin í bandalag við Íslamska ríkið um árásir á Kúrda. **- gb**

Dýrast að kaupa inn í Víði:

## Bónus með lægsta verðið

**VERSLUN** Bónus var með lægsta verðið á matarkörfunni þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í lágverðsverslunum og stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu á föstudag. Matarkarfan kostaði 16.086 krónur hjá Bónus en hún var dýrust hjá Víði á 19.650 krónur sem er 3.564 króna verðmunur eða 22 prósent.

Oftast var 25-50 prósenta verðmunur á hæsta og lægsta verði vöru.

Krónan var með næstlægsta heildarverðið, karfan þar kostaði 160 krónum meira en í Bónus. **- jme**

# Neysluviðmiðin skoðuð að nýju reynist þess vera þörf

Fjármálaráðuneytið skýrir ekki hvers vegna kaup á mat á veitingahúsum og í mötuneytum eru ekki flokkuð með matarútgjöldum í forsendum virðisaukaskattsfrumvarpsins. Viðmið verða endurskoðuð reynist þau röng.

**STJÓRNMÁL** Matvara sem keypt er á veitinga- og kaffihúsum og mötuneytum er ekki inni í dæmum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um útgjöld heimila í frumvarpi til laga um breytingar á virðisaukaskatti þótt Hagstofa Íslands geri ráð fyrir þeim í neysluviðmiðum sínum. Að öðru leyti er vísað til neysluviðmiða Hagstofunnar í frumvarpinu.

Fjármálaráðuneytið segir að þjónusta veitinga- og kaffihúsa og mötuneyta, þar með talinn hlutur matvæla í þeirri þjónustu, sé metin með annarri vöru og þjónustu í lægra þrepi virðisaukaskatts. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá ráðuneytinu í gær. Hins vegar er ekki útskýrt hvers vegna þessi leið er farin í ráðuneytinu.

Fjármálaráðuneytið sendi frá sér yfirlýsinguna í kjölfar frétta Fréttablaðsins af því að í forsendum virðisaukaskattsfrumvarpsins væri gert ráð fyrir að fjögurra manna fjölskylda eyddi 2.976 krónum á dag, í mat. Fréttablaðið óskaði eftir viðtali við Bjarna Benediksson fjármálaráðherra um málið í gær en hann veitti það ekki.

Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður VG, segir að viðmiðin í virðisaukaskattsfrumvarpinu séu röng.

„Þetta á sér ekki stoð í raunveruleikanum og er því ráðuneytinu til vansa. Við þurfum að fá nánari útskýringar á þessu því þetta lítur út fyrir að vera einhver fundin tala til að ná fram í fjárlögum því sem þeir vilja ná fram – fjarri öllum raunveruleika.“

Í frumvarpinu er búist við því að fyrirhuguð hækkun á matarskatti kosti heimilin 4.315 krónur á mánuði. Sé kostnaður við matar- og drykkjarinnkaup meiri en raun ber vitni mun hækkun á matarskatti hafa mun meiri áhrif á hag heimilanna en ráð var fyrir gert.



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Málið var til umræðu á Alþingi í gær. Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar sagði að annaðhvort hefðu orðið mistök sem hljóti að kalla á endurskoðun á virðisaukaskattsfrumvarpinu eða þá hitt að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi náð slíkum árangri í sparinnkaupum að þeir skuldi okkur öllum hinum námskeið í því hvernig eigi að láta enda ná saman með matarkostnað upp á 248 krónur á hverja máltíð.

Sigurður Ingi Jóhannsson atvinnuvegaráðherra varð til svara og sagði; „Hvað varðar nýlegar fréttir um neysluverðmið tel ég einboðið að þingnefndin sem fjalli um þetta mál taki það til ítarlegrar skoðunar. Komi í ljós að miðað sé við röng eða að einhverju leyti ekki fullnægjandi viðmið býst ég við að menn taki það til gagngerrar endurskoðunar í meðförum þingsins,“ sagði Sigurður Ingi.

**johanna@frettablaðid.is/ jonhakon @frettabladid.is sveinn@frettabladidi.is**



**ÓSKÝRT** Þúsundir manna neyta matar í mötuneytum eða á veitingahúsum. Fjármálaráðuneyti gefur hins vegar ekki skýringar á því hvers vegna kaup á mat á þessum stöðum eru ekki flokkuð með matarútgjöldum. MYND/GETTY

### ➜ Fá 11 þúsund í dagpeninga

Á vef fjármálaráðuneytisins kemur fram að starfsmaður sem dvelur á sex til tíu tíma ferðalagi innanlands fær 5.400 krónur í dagpeninga fyrir mat og 10.800 krónur ef hann dvelur lengur.

Á sama tíma er neysluviðmið ráðuneytisins fyrir fjögurra manna fjölskyldi 2.976 krónur á dag, eða 248 krónur hver máltíð á einstakling. Ríkisstarfsmaður gæti því keypt sér 43 máltíðir samkvæmt þessu.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Friedrichshafen | 19° | New York | XX° |
| Aþena | 26° | Gautaborg | 13° | Orlando | XX° |
| Basel | 20° | Kaupmannahöfn | 13° | Ósló | 8° |
| Berlín | 15° | Las Palmas | 26° | París | 19° |
| Billund | 16° | London | 16° | San Francisco | XX° |
| Frankfurt | 18° | Mallorca | XX° | Stokkhólmur | 9° |




**Á MORGUN** 10-15 m/s við S-ströndina, annars hægviðri.




**FÖSTUDAGUR** Yfirleitt hæg A-átt en hvessir syðst er líður á daginn.

**ÚRKOMULÍTIÐ** Í dag má búast við strekkingi allra syðst en annars hægum vindi. Stöku skúrir S- og A-til en annars úrkomulítið. Á morgun og föstudaginn má búast við stöku skúrum eða slydduéljum, einkum á Vestfjörðum og NA-lands.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

SIEMENS

# 20%

## Þið eruð verð verðlækkunar strax!

### Sældarlíf með Siemens

Eins og alþjóð veit er afar líklegt að **vörugjöld** af heimilistækjum verði felld niður um áramót. Til að kæta ykkur ætlum við samt strax að lækka vöruverð um **20%** til áramóta af þeim tækjum, sem nú bera vörugjöld; **ofnum, helluborðum, eldavélum, uppþvottavélum, kæliskápum, þvottavélum** og **þurrkurum**.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Gildir ekki um sértilboð.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu hátt hlutfall fjármagns, sem varið er til heilbrigðiskerfisins, fer í beinar forvarnir?
**2.** Hver er markatala íslenska liðsins í A-riðli undankeppni EM 2016?
**3.** Hvað bíða margir eftir því að komast í meðferð á Vogi?

**SVÖR:**
**1.** Eitt prósent **2.** 8-0 **3.** 300

Lögfræðingur bændanna sem urðu fyrir tjóni segir líkur á að málið fari fyrir dómstóla náist ekki samningar:

# Enn ósamið um bætur vegna díoxínmengunar

**MENGUN** Ísafjarðarbær á enn eftir að semja við þá tvo bændur sem urðu fyrir mestu tjóni vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal. Bændunum var gert að slátra öllu búfé sínu í apríl árið 2011.

Ísafjarðarbær bauð bændunum fyrr á þessu ári samtals um þrjátíu milljónir. Samningaviðræður standa enn yfir. Leysist málið ekki á næstu vikum eru líkur á því að málinu verði skotið fyrir dómstóla að sögn Björns Jóhannessonar, lögfræðings bændanna.



**GÍSLI HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Steingrímur Ólafsson í Efri-Engidal varð fyrir mestu tjóni og honum var því boðinn stærsti hluti fjárins. Honum var gert að skera allan sinn búpening, tuttugu nautgripi og áttatíu kindur.

Kristjáni Ólafssyni var svo gert að slátra 210 kindum. Kristján telur hæpið að niðurstaða fáist í málið án þess að leita til dómstóla. Hann er ekki sáttur við framkomu bæjarins í málinu enda séu þrjú og hálft ár síðan búfénu var slátrað. „Bærinn hefur ekki viljað hjálpa okkur að koma upp bústofni á ný,“ segir Kristján og þar að auki hafi fasteignagjöld hans verið send til innheimtufyrirtækja.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, segir að tilboð bæjarins sé gert með þeim fyrirvara að fleira hafi valdið bændunum tjóni en mengunin frá Funa. „Það er ákvörðun Matvælastofnunar að láta slátra gripunum, án þess að hafa til þess nægjanleg gögn eða rökstuðning,“ segir Gísli. Hann vill ekki útiloka að Ísafjarðarbær sæki þær bætur sem bændunum verði greiddar til Matvælastofnunar.

Ísafjarðarbær komst í haust að samkomulagi við þriðja bóndann, Karl Bjarnason, sem varð fyrir minnstu tjóni en hann þurfti að slátra sjö kálfum. **- ih**

Nýjar reglugerðir innleiddar:

## Fjármálaráðherrar semja

**UTANRÍKISMÁL** Samkomulag hefur tekist um hvernig þrjár reglugerðir um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði verða innleiddar.

Gengið var frá samkomulaginu á fundi fjármálaráðherra EFTA-ríkjanna og ESB í Lúxemborg í gær.

Samkomulagið byggist á tveggja stoða kerfi EES-samningsins. Felur það í sér að allar bindandi ákvarðanir gagnvart EES/EFTA-ríkjunum þremur, verða teknar af Eftirlitsstofnun EFTA og að hægt verði að bera þær undir EFTA-dómstólinn. **- jme**

Starfsmaðurinn ekki í hættu:

## Árásin á Stuðlum til lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** „Ég á erfitt með að fara yfir þessa atburðarás þar sem ég er bundinn trúnaði gagnvart skjólstæðingi okkar,“ segir Þórarinn Viðar Hjaltason, forstöðumaður meðferðarheimilisins Stuðla. Starfsmaður Stuðla var stunginn með hnífi í fyrradag. Það var ungur skjólstæðingur heimilisins sem stakk manninn. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni er málið á borði rannsóknardeildar en starfsmaðurinn er ekki alvarlega slasaður. **- sáp**

**EYRARBAKKI**

### Vilja bæta ásýndina

Eftir yfirferð og skoðun á umgengni á Eyrarbakka ætlar Hverfisráð Eyrarbakka innan Árborgar að óska eftir því að utanaðkomandi aðili verði fenginn til að gera úttekt á ásýnd þorpsins og því sem betur mætti fara í almennri umgengni þar.

# Biðja fyrir fóstrum við Kvennadeild Landspítalans

**Hópur fólks kemur saman í hverri viku og biður fyrir fóstrum sem er eytt og viðhorfsbreytingu til fóstureyðinga. Hópurinn nálgast konur sem leita á spítalann ekki að fyrra bragði en vill breiða út boðskapinn. Félagsráðgjafi á Kvennadeild segir ekkert ónæði stafa af fólkinu.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við biðjum fyrir vernd fyrir ófædd börn og stöðvun á fóstureyðingum. Við biðjum fyrir hugarfarsbreytingu til fóstureyðinga því við trúum að ófædd börn séu líka manneskjur og þau eigi að fá möguleika á að lifa,“ segir Denis O'Leary, kaþólskur prestur við Maríukirkju í Breiðholti, sem ásamt þeim Ásdísi Terisitu Einarsson frá Filippseyjum, April Frigge frá Bandaríkjunum og Francis Steinar er mættur fyrir utan Kvennadeild Landspítalans til þess að biðja fyrir þeim fóstrum sem er eytt á degi hverjum og hugarfarsbreytingu kvenna til fóstureyðinga.

Öll eiga þau það sameiginlegt að tilheyra kaþólsku kirkjunni á Íslandi og koma í hverju einasta þriðjudagshádegi saman við Kvennadeild Landspítalans og fara með bænir.

Þau drúpa höfði og fara með hljóða bæn sem þau lesa af plastspjöldum sem skreytt eru myndum af fóstrum. Þau segja misjafnt hversu margir mæta á bænafundinn hverju sinni en oftast séu það tveir til átta einstaklingar.

Það var kalt í veðri þegar blaðamaður ræddi við hópinn en að sögn April láta þau kulda og óveður ekki á sig fá. Til að verjast kuldanum eru April og Denis með húfur sem eru merktar félaginu Lífsvernd og búið er að sauma í slagorðið „stöðvum fóstureyðingar“.



**BÆNAHÓPUR** Ásdís Terisita Einarsson, Francis Steinar, Denis O'Leary og April Frigge fyrir framan Kvennadeild Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Það mætir alltaf einhver hingað til að biðja, sama hvernig veðrið er. Á síðasta ári voru jólin og gamlársdagur á þriðjudegi og við mættum hér alveg eins og aðra þriðjudaga. Reyndar ekki í hádeginu því að þá vorum við í messu,“ segir April.

Hópurinn hefur sig ekki mikið í frammi og tekur fólk ekki tali á spítalalóðinni að fyrra bragði. Að sögn Denis kemur það þó fyrir að fólk nálgist þau af forvitni og þá sé rætt við fólkið og það fái að hlýða á boðskap þeirra hafi það áhuga á því. „Okkur finnst ekki í lagi að eyða fóstri og við viljum gjarnan koma þeim skilaboðum til annarra. Þó að fóstureyðingar sé leyfðar í dag viljum við fá fólk til að hugsa og vonumst eftir því að með tímanum sjái það hversu rangar þær eru. Eins og til dæmis með þrælahald. En við hlaupum ekki á eftir fólki til þess að breiða út boðskapinn,“ segir Denis og kímir.

Francis bendir á að þrátt fyrir að þau sem eru samankomin þennan þriðjudag séu kaþólikkar, séu allir velkomnir sama hverrar trúar þeir eru. „Það er öllum velkomið með að biðja með okkur. Við breytum þá bara bænunum,“ segir hann.

Að sögn félagsráðgjafa við Kvennadeildina hafa konur sem þangað leita ekki orðið fyrir ónæði af fólkinu.

hannarut@365.is


# Hitablásarar



Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa **6.990**
Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa **8.990**
Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa **12.990**
Rafmagnshitablásari 2Kw **2.190**
Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa **17.990**
15 metra rafmagnssnúra **3.190**
Rafmagnshitablásari 15Kw 3 fasa **29.990**

Meiri gæði / Lægra verð

**MÚRBÚÐIN**

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Stærri Breiðafjarðarferja hefur rými fyrir 280 manns og 55 einkabíla:

# Nýr Baldur kominn til landsins

**SAMGÖNGUR** Nýr Baldur kom til landsins síðastliðna nótt og mun leysa gömlu Breiðafjarðarferjuna með sama nafni af hólmi á næstunni. Skipið er stærra en gamla ferjan og tekur 280 farþega og 55 einkabíla í ferð.

„Þetta hefur ekki gengið þrautalaust en núna er skipið loksins komið heim. Nú verða smávægilegar breytingar gerðar en hann verður tilbúinn til siglinga á Breiðafirði eftir viku til tíu daga,“ segir Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða í Stykkishólmi, en upphaflega átti skipið að hefja siglingar í byrjun september. Unnið er að því að búa skipið vörukrana til að þjóna Flatey og einnig verða gerðar breytingar á geymum skipsins fyrir ferskvatnsflutninga til Flateyjar.

Nýja ferjan, sem er norsk smíði og hét Vågan, var sjósett árið 1979, en endurbyggð árið 1989. Andstætt fyrirrennara sínum eru öll ökutæki flutt undir dekki og varin fyrir sjóroki.

Þörfin fyrir nýja ferju segir Pétur að hafi ekki síst verið vegna breytinga á innanlandsflutningum, en bílar í gámaflutningum hentuðu gamla skipinu illa.



**BALDUR** Skipið er 68 metra langt og 12 metrar á breidd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekjubrýr í áætlunarhöfnum í Stykkishólmi og Brjánslæk eru byggðar eftir norskum stöðlum og smellpassar því nýja ferjan við brýrnar.

Skipið er lítið minna en Herjólfur og getur því auðveldlega leyst Vestmannaeyjaferjuna af þegar þess gerist þörf. **- shá**




# Glæsilegur árangur Hyundai í gæðakönnun J.D. Power

Eins og fram hefur komið í bílablaði Fréttablaðsins rataði Hyundai nýlega í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Power. Einkum voru það áreiðanleiki og lág bilanatíðni sem skiluðu Hyundai sigri í þremur stærðarflokkum. Þessi niðurstaða staðfestir að Hyundai bílar eru með þeim traustustu og endingarbestu á markaðnum.

## 10%

**ÚTBORGUN INN Á NÝJAN HYUNDAI**

Kynnið ykkur nýja lánamöguleika hjá sölumönnum Hyundai.



**Hyundai i10**
Eyðsla frá 4,7 l/100 km*
Verð frá **kr. 1.990.000**
**10% útborgun frá 199.000 kr.**



**Hyundai i20**
Eyðsla frá 3,8 l/100 km*
Verð frá **kr. 2.390.000**
**10% útborgun frá 239.000 kr.**



**Hyundai ix20**
Eyðsla frá 4,5 l/100 km*
Verð frá **kr. 3.790.000**
**10% útborgun frá 379.000 kr.**



**Hyundai i30**
Eyðsla frá 4,1 l/100 km*
Verð frá **kr. 2.990.000**
**10% útborgun frá 299.000 kr.**



**Hyundai ix35**
Eyðsla frá 5,3 l/100 km*
Verð frá **kr. 5.790.000**
**10% útborgun frá 579.000 kr.**

Nýi bíllinn er Hyundai

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM64989

Hörð átök hundruð námsmanna og háskólakennara við lögreglu í Mexíkó:

# Kveiktu í stjórnarráðsbyggingu

**MEXÍKÓ, AP** Hundruð námsmanna og kennara brutu rúður og kveiktu elda í stjórnarráðsbyggingu í Chilpancingo í Mexíkó í fyrrinótt. Fólkið krefst þess að 43 námsmönnum, sem rænt var 26. september, verði skilað aftur heilum á húfi.

Talið er að lögreglumenn tengdir fíkniefnaklíkum hafi rænt námsfólkinu úr litlum kennaraskóla í smábæ í Guerrero-héraði, en Chilpancingo er höfuðborg héraðsins.

Jose Villanueva Manzanarez, talsmaður héraðsstjórnarinnar, segir að mótmælendurnir hafi upphaflega reynt að komast inn í þinghúsið í Chilpancingo, en lögreglan hafi komið í veg fyrir það. Þá hafi þeir haldið að stjórnarráðsbyggingunni. Fyrir rúmlega hálfum mánuði létust að minnsta kosti sex námsmenn í bænum Iguala, sem er í Guerrero-héraði, þegar lögreglan tók að skjóta á hóp námsmanna þar.

Átökin hafa dregið fram í dagsljósið tengsl lögreglunnar víða í Mexíkó við fíkniefnahringi og aðra skipulagða glæpastarfsemi. **- gb**



**STJÓRNARBYGGING Í LJÓSUM LOGUM** Háskólakennarar og námsmenn mótmæla ofríki lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**EBÓLUFRÆÐSLA Í LÍBERÍU** Börn lesa dreifibréf um varnir gegn ebólu. NORDICPHOTOS/AP

# Tíu þúsund manns gætu smitast á viku

Alþjóðleg heilbrigðisyfirvöld segja hættu á að ebólufaraldurinn í Afríku muni versna enn frekar á næstu mánuðum, takist ekki að ná tökum á honum með hertum heilbrigðisaðgerðum. Sem fyrr er samt sáralítil hætta á heimsfaraldri.

**GENF, AP** Innan tveggja mánaða gæti farið svo að tíu þúsund ný ebólusmit greindust í viku hverri, en til þessa hefur tíðnin verið um eitt þúsund tilfelli á viku.

Þetta segir Bruce Aylward, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO.

Hann skýrði jafnframt frá því að dánartíðni þeirra sem smitast mælist nú um sjötíu prósent, en til þessa hefur WHO metið það svo að dánartíðnin sé um eða innan við fimmtíu prósent.

Á blaðamannafundi í Genf sagði Aylward að verði heilbrigðisráðstafanir í Afríku ekki hertar til muna og meira fé lagt í viðbrögð gegn sjúkdómnum, þá muni það kosta mörg mannslíf.

Jafnvel þótt faraldurinn haldist í svipuðum tölum og til þessa, þá muni heilbrigðisstarfsfólk í Afríkuríkjunum eiga í mestu vandræðum með að sinna þeim sem veikjast.

Alls hefur ebólufaraldurinn kostað 4.447 manns lífið á þessu ári, en 8.914 manns hafa smitast, samkvæmt nýjustu tölum frá WHO. Nánast allir eru þeir íbúar í ríkjum vestanverðrar Afríku, flestir í Síerra Leóne, Gíneu og Líberíu.

Aylward segir ekki miklar líkur á því að faraldurinn breiðist svo nokkru nemi út um heimsbyggðina alla: „Ég býst ekki við að þessi veira sé að fara neitt. Það er fylgst með öllum sem fara og veikt fólk verður ekkert á ferðinni.“

Hann segir mikið álag vera á heilbrigðisstarfsfólki og heilbrigðisstofnunum í Afríkuríkjunum, sem engan veginn hafa bolmagn til þess að takast á við vandann. Áherslan sé því fyrst og fremst á það að veita veikum meðferð.

„Það væri hræðilega siðlaust að segja að við ætlum bara að einangra fólk,“ segir hann, og tekur fram að helsta forgangsmálið nú sé að útdeila varnarbúnaði til almennings og koma upp einföldum heilsugæslustöðvum, þar sem hægt sé að veita lágmarksmeðferð.

> **Ég býst ekki við því að þessi veira sé að fara neitt. Það er fylgst með öllum sem fara og veikt fólk verður ekkert á ferðinni.**
>
> *Bruce Aylward, aðstoðarframkvæmdastjóri WHO.*

Nokkrir sjúklingar hafa verið fluttir til Vesturlanda, þar sem sjúkrahús bjóða upp á mun fullkomnari meðferð. Sumir þeirra hafa náð sér, en tveir heilbrigðisstarfsmenn þar hafa smitast – annar á Spáni en hinn í Bandaríkjunum.

Spænska hjúkrunarkonan Teresa Romero er sögð þungt haldin, en þó hafi henni skánað eilítið á ný. Grannt er fylgst með fimmtán manns, sem hún hafði umgengist eftir að hafa smitast. Enginn þeirra hefur þó sýnt nein einkenni ebólusmits. **gudsteinn@frettabladid.is**

Fregnin um jarðareign Rússlandsforseta kom mönnum í opna skjöldu:

# Pútín á lóð á Álandseyjum

**ÁLANDSEYJAR** Þegar fyrrverandi framkvæmdastjóri Jarðamælinga ríkisins í Finnlandi hélt ræðu fyrir gamla hermenn síðastliðinn mánudag var eins og hann hefði varpað sprengju, að því er segir í frétt á vef finnska blaðsins Hufvudstadsbladet. Framkvæmdastjórinn greindi nefnilega frá því að Pútín Rússlandsforseti ætti 1,7 hektara land með aðgangi að sjó í Saltvik á Álandseyjum í Eystrasalti, sem eru sjálfsstjórnarsvæði undir finnskum yfirráðum. Greint er frá því að samkvæmt friðarsamkomulagi frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar hafi Rússar fengið allar eigur Þjóðverja í Finnlandi en jörðin, sem var 10 hektarar, var í eigu þýsks pars. Árið 2010 kom rússneski ræðismaðurinn til jarðamælingaskrifstofunnar á Álandseyjum og vildi skipta jörðinni, sem tilheyrði utanríkisráðuneyti Rússlands, í tvennt þannig að 1,7 hektarar yrðu eign forsetaembættisins, það er í raun forseta Rússlands, en þá var Medvedev forseti. Nú er það Pútín sem hefur aðgang að jörðinni sem enginn býr á. Þeir einu sem hafa verið á jörðinni eru starfsmenn rússnesku ræðismannsskrifstofunnar. **- ibs**



**RÚSSLANDSFORSETI** Rússar eignuðust allar eigur Þjóðverja í Finnlandi eftir seinni heimsstyrjöldina. NORDICPHOTOS/AFP


GERÐU FRÁBÆR KAUP

Skoðaðu úrvalið á Bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR






DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 04/13, ekinn 88 þús. km. dísil, beinskiptur.
Rnr. 142443.
Frábær kaup! 2.780 þús.





HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 05/13, ekinn 48 þús km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.190 þús.
Rnr. 120474.





NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 08/08, ekinn 84 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 142427.





SUZUKI SWIFT 4WD
Nýskr. 06/13, ekinn 39 þús km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr. 142447.





NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 35 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.990 þús.
Rnr. 142450.





HYUNDAI i10
Nýskr. 06/12, ekinn 57 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.540 þús.
Rnr. 142446.





NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 06/13, ekinn 42 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.670 þús.
Rnr. 142445.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is



> Fim og fær í flestan sjó

Í fimleikum skiptir mestu að leysa úr flóknum æfingum áreynslulaust og fallega.
Kraft, samhæfingu, lipurð og að geta hugsað um margt í einu þekkjum við vel hjá Samskipum!

***Samskip - stoltur styrktaraðili Fimleikasambands Íslands.***

SAMSKIP
Saman náum við árangri

www.samskip.is

Lækki sjúkdómabyrði Íslendinga um einn af hundraði gæti það eitt sparað milljarða árlega:

# Minni sjúkdómabyrði sparar fljótt milljarða

**HEILBRIGÐISMÁL** Með því að lækka sjúkdómabyrði íslensku þjóðarinnar um aðeins einn af hundraði gæti ávinningur þess numið um 3,5 milljörðum króna á ári, mælt í vergri þjóðarframleiðslu. Norðmenn hafa sett sér metnaðarfull markmið með heildstæðri forvarnastefnu sem þegar hefur tekið gildi.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær þá er af þeim tæplega 70 milljörðum sem varið er til heilbrigðiskerfisins á Íslandi aðeins einu prósenti varið til beinna forvarna utan heilsugæslunnar – sem er þrisvar sinnum lægra en meðaltal Evrópuþjóða. Á sama tíma á stærsti hluti kostnaðar í heilbrigðiskerfinu rætur að rekja til afleiðinga langvinnra lífsstílstengdra sjúkdóma.

Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS, hefur vakið athygli á þessu í grein í nýjasta blaði sambandsins, en setur, eðli málsins samkvæmt, vissa fyrirvara fyrir þeim tölum sem hann nefnir.

„Viðmið Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), sem hún nefnir glötuð góð æviár, sýna hvað hvert prósentustig þýðir fyrir okkur Íslendinga. Það er vissulega gild spurning hvort við næðum árangri í þessa veru ef við myndum verja sömu upphæð til forvarna og löndin í kringum okkur, eða með því að þrefalda fjármagn til beinna forvarna," segir Guðmundur.

Um helmingur þessa heilsufarsskaða sem WHO gerir að umtalsefni er á áhrifasvæði lífsstíls, og hann má mæla í tugum ef ekki hundruðum milljarða króna í tapaðri landsframleiðslu. Spurður um hvað löndin í kringum okkur eru að gera varðandi forvarnir segir Guðmundur hægt að líta til Norðmanna. Þar í landi var sett fram heildstæð stefna í ósmitnæmum sjúkdómum árið 2013; eða hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki, langvinnum öndunarfærasjúkdómum og krabbameinum. Dauðsföllum vegna þessara sjúkdóma ætla Norðmenn að fækka um 25% á næsta áratug hjá fólki undir 75 ára aldri. Heimfært upp á Ísland samsvarar það 130 mannslífum. „Það er vandfundin sú aðgerð til björgunar mannslífa þar sem svona tölur eru annars vegar," segir Guðmundur. - shá


**LÍFSSTÍLL** Norðmenn ætla með heildstæðri forvarnastefnu að mennta þjóðina í heilbrigði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**HULIN MÓÐU** Mengunin í Reykjavík komst ekki á það stig í gær að hún ógnaði heilsu fullhrausts fólks en olli óþægindum hjá þeim sem glíma við sjúkdóma í öndunarfærum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gosmengun frá Holuhrauni byrgir sýn í borginni:

# Meiri loftgæði í dag

**UMHVERFI** Gosmengunin frá Holuhrauni lagðist eins og hjúpur yfir Reykjavík í logninu í gær.

Eftir hádegið var mistrið svo mikið að fjöllin voru hulin móðu. Hæstu gildi brennisteinsdíoxíns mældust í Norðlingaholti en mengunin var ekki svo mikil að hún ógnaði heilsu fullhrausts fólks. Hins vegar komst hún á það stig að geta valdið óþægindum hjá þeim sem eru með öndunarfærasjúkdóma.

Samkvæmt upplýsingum Veðurstofunnar var það ekki einungis gosmengun sem olli mistrinu, því nokkuð mikið af svifryki mældist í andrúmsloftinu og brennisteinsvetnismengun frá Hellisheiðarvirkjun.

Veðurstofan spáir fremur hægri austlægri átt í dag og þá þokast gosmengunin í vesturátt, yfir Skagafjörð og Húnaflóa að Breiðafirði. - jme







**SAMKEPPNISMÁL RÆDD** Félag atvinnurekenda boðaði til fundar um samkeppnismál í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óvíst hvaða áhrif mál MS mun hafa

Ráðherra neytendamála, segir mikilvægt að bíða eftir skýrslu frá Hagfræðistofnun um landbúnaðarkerfið og að máli Samkeppniseftirlitsins og Mjólkursamsölunnar ljúki áður en ákvarðanir verði teknar um framtíð landbúnaðarkerfisins.

**NEYTENDAMÁL** Algjörlega óvíst er hvernig brugðist verður við 370 milljóna króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Mjólkursamsöluna fyrr í haust. Sektin var lögð á vegna þess að Mjólkursamsalan selur samkeppnisaðilum hrámjólk á hærra verði en tengdum aðilum.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hefur verið kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Fari málið þaðan fyrir dómstóla gæti tekið mörg ár að fá niðurstöðu í það. Til dæmis féll dómur í Hæstarétti Íslands í síðustu viku vegna 260 milljóna króna sektar sem Samkeppniseftirlitið lagði á Vífilfell með ákvörðun. Sú ákvörðun var gefin út 2011 og því tók þrjú ár að fá lokaniðurstöðu, sem var á þá leið að ákvörðunin var felld úr gildi. Jafnframt verður beðið eftir skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vinnur fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Á fundi sem Félag atvinnurekenda efndi til í gær sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir, sem er ráðherra neytendamála, að hún teldi eðlilegt að samkeppnislög næðu til allra atvinnugreina, þar með talið Mjólkursamsölunnar. „Ég held að við séum öll sammála um að einokunarstaða, án tilefnis, leiðir til tjóns og sóunar við nýtingu framleiðsluþátta," segir Ragnheiður Elín.

En Ragnheiður sagði jafnframt að hún styddi þann farveg sem málið er í. Það skipti máli hvað muni koma út úr ferlinu hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála og dómstólum ef til kasta þeirra kæmi. „Það er alveg sama hver á í hlut, þú ert alltaf saklaus þangað til þú ert fundinn sekur. Auðvitað verðum við að gefa fólki í okkar samfélagi andmælarétt og það verður að leyfa málinu að ganga sinn gang. Við verðum að gefa lögmönnum færi á að takast á um þetta fyrir dómstólum og annað," segir Ragnheiður.

„Ég er ánægð með það að landbúnaðarráðherra sé búinn að setja þessa heildarendurskoðun í gang sem er þverpólitísk og með þátttöku Hagfræðistofnunar í vinnunni," segir Ragnheiður Elín.

Allar þær ákvarðanir sem teknar verði í framtíðinni verði betri ef byggt verði á bestu fáanlegu upplýsingunum. „Því vil ég leyfa þessu ferli sem og málinu gegn MS að fara sinn gang í kerfinu. Ég vona svo sannarlega að það þurfi ekki að taka langan tíma. Endurskoðun þarf allavega ekki að gera það," segir hún.

jonhakon@frettabladid.is



> **Ég held að við séum öll sammála um að einokunarstaða, án tilefnis leiðir til tjóns og sóunar.**
>
> *Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.*

Forsætisráðherra segist búinn að svara fyrir úthlutun menningarstyrkja:

# Ekkert athugavert við úthlutun

**ALÞINGI** „Að mínu mati er það ekki ásættanlegt að styrkjum skyldi úthlutað úr ríkissjóði eins og gert var og án auglýsinga, án þess að faglegt mat væri lagt á umsóknir og þess að jafnræðis væri gætt," sagði Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, í umræðum um úthlutun menningarstyrkja á Alþingi í gær.


**BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR**

Brynhildur var að vísa til þess þegar forsætisráðherra úthlutaði styrkjum að upphæð 205 milljónir króna til atvinnuskapandi minjaverndarverkefna árið 2013.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði að stjórnarandstaðan virtist hafa valið daginn í gær til að endursýna gamalt efni. Hann sagðist vera margbúinn að svara fyrir úthlutun styrkjanna en gæti gert það aftur. Þetta hefði verið einskiptis aðgerð þar sem fjölmörg verkefni hefðu verið valin á grundvelli fyrirliggjandi gagna eða umsókna sem lágu fyrir í forsætisráðuneytinu og fleiri stofnunum.

„Það hefur verið áhersla mín í samræmi við stefnuyfirlýsinguna að efla starfsemi á sviði menningararfs og sömuleiðis að efla hina faglegu sjóði á því sviði," sagði Sigmundur Davíð. - jme

www.citroen.is

# MEIRI TÆKNI FÆRRI DROPAR



CITROËN C3
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 2.250.000 KR.



CITROËN C4
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 3.250.000 KR.



CITROËN C4 PICASSO
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 3.990.000 KR.



7 MANNA

CITROËN GRAND C4 PICASSO
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 4,0 L/100 KM
VERÐ FRÁ 4.390.000 KR.



CITROËN C5
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 4,9 L/100 KM
VERÐ FRÁ 4.990.000 KR.

Við bjóðum gott úrval glæsilegra Citroën bíla sem allir eiga það sameiginlegt að vera hlaðnir tæknibúnaði og skara fram úr í sparneytni. Veglegur kaupauki fylgir öllum nýjum Citroën í október. Komdu í reynsluakstur og kynntu þér málið.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Eldsneytisnotkun er miðuð við blandaðan akstur. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Íslensk embætti eru ótrúlega óviss um eigin mál:

# Yppa bara öxlum

Fréttablaðið hefur sagt fréttir af launaskrifstofu ríkisins þar sem ekkert er vitað um fjarvistir starfsfólks, þessa stærsta launagreiðanda í landinu, og ekkert er vitað um hvort og þá hversu margt starfsfólk þarf til starfa á komandi tímum. Mikil þörf er á þessum upplýsingum, samt eru þær ekki tiltækar.

Fréttablaðið hefur einnig sagt frá að einstaka læknar ávísa lyfjum til veikra einstaklinga langt umfram þörf, vegna veikinda. Nefnd hafa verið afar sorgleg tilefni þess vegna. Hjá landlækni er staðan ámóta og hjá launaskrifstofu ríkisins. Ekkert utanumhald er um málið. Hér er um dauðans alvöru að ræða.



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Á síðasta ári komu á borð embættisins 314 mál sem sneru að misnotkun ávanabindandi lyfja, bæði er varða einstaklinga, sem grunur leikur á að misnoti lyf, og lækna, sem taldir eru ávísa slíkum lyfjum í of miklu magni. Sérstakt lyfjateymi er starfrækt innan embættisins sem Ólafur Einarsson líffræðingur heldur utan um. Ólafur sagði, í samtali við Fréttablaðið, að langan tíma taki að vinna úr hverju máli og oft sé erfitt að fá þær upplýsingar sem óskað sé eftir vegna tiltekinna mála.

Og hvers vegna? Jú, embættið er fjársvelt og erfitt er að sinna öllum þeim fjölda mála sem þarf að sinna. Í helgarblaði Fréttablaðsins var viðtal við Markús Kristjánsson, föður konu sem lést í maí á síðasta ári. Hún hafði strítt við meltingarsjúkdóm en það var ekki það sem dró hana til bana heldur misnotkun ávanabindandi lyfja sem læknar höfðu ávísað á hana vegna sjúkdómsins. Á rúmlega hálfs árs fresti fékk hún ávísað frá sama lækni 2.200 töflum af Ketogan sem er sterkt morfínlyf. Læknirinn fékk áminningu frá landlækni en hefur enn leyfi til að gefa út lyfseðla og starfar sem læknir. Ólafur Einarsson hjá landlækni sagði að það vantaði fleiri til að starfa að eftirliti við lyfjagagnagrunn sem er nú til reynslu hjá embættinu.

Allar lyfjaávísanir eru keyrðar út í gegnum lyfjagagnagrunn og farið er yfir þær. Einnig er fylgst með gagnagrunninum og læknar spurðir út í ef talið er að þeir ávísi of miklu af lyfjum. En samt er ekki hægt að hafa auga með, eða koma í veg fyrir, að einstaka læknar ávísi banvænum skömmtum til fólks sem er veikt, oft af fíkn. Peningaleysi er kennt um. Vandinn er þekktur, en úrræðin ekki.

Á sama tíma veit ekki nokkur maður hver þörf hins opinbera er hvað varðar starfsfólk á næstu árum. Að sama skapi veit ekki nokkur maður hve mikil frávik eru frá vinnu hjá hinu opinbera, til dæmis vegna veikinda. Enginn hefur tekið þetta saman og enginn veit eitt eða neitt um þessi mál. Sama er að segja um starfsmannaveltuna.

Gunnar Björnsson, sem er skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og forstöðumaður kjara- og mannauðsskrifstofunnar, segir allar upplýsingar til en ekkert hafi verið gert til að vinna úr þeim. „Við höfum lítið komist í þetta vegna þess að við erum ekki nógu og mörg. Við hefðum gjarnan viljað vera með miklu betri tölfræði varðandi starfsmannamál,“ sagði Gunnar í frétt í Fréttablaðinu.

„Við höfum lengi ætlað að vinna þessar skilgreiningar en ekki komist til þess,“ sagði skrifstofustjórinn. Á meðan er allt á huldu um málið. En getur verið að það sé vegna þess að ekki sé eftirspurn eftir upplýsingunum. „Það er stöðugt verið að biðja um upplýsingar um starfsmannamálin.“

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Úr takti við tímann

Lárus H. Bjarnason, rektor MH, greindi frá því í gær að Menntaskólinn við Hamrahlíð hygðist hætta að starfrækja kvöldskóla. Ástæðan er minni aðsókn og ákvörðun stjórnvalda að hætta að veita framhaldsskólum fé til menntunar þeirra sem orðnir eru eldri en 25 ára. Sennilegast er þessi ákvörðun eðlileg. Hvati fólks til að stunda nám minnkar ef það þarf sjálft að standa straum af skólagjöldum. En þetta er þvert á það sem lögð hefur verið áhersla á undanfarin ár, aukna fullorðinsfræðslu og símenntun.

### Meira borðað í útlöndum

Ríkisstarfsmaður á ferðalagi innanlands fær tæplega ellefu þúsund krónur í dagpeninga fyrir fæði. Á sama tíma má út frá dæmum sem fjármálaráðuneytið birtir á vefsíðu sinni reikna með að fjögurra manna fjölskylda eyði tæpum þrjú þúsund krónum í mat á dag. Það er óljóst hvað skýrir nákvæmlega þennan mun. Sennilegast ekki hærra matarverð erlendis, en kannski að ráðuneytið geri ráð fyrir að menn borði meira þegar þeir eru að heiman en þegar þeir eru heima.



### Að verja réttan málstað

Hugsanlega kann að vera að einhver efist um þá sem taka að sér að verja málstað fólks sem sakað er um samkeppnislagabrot. Heiðrún Lind Marteinsdóttir héraðsdómslögmaður er ein þeirra sem hafa tekið slíkar varnir að sér. Heiðrún hélt fyrirlestur í gær á fundi Félags atvinnurekenda um matskennd ákvæði samkeppnislaga og viðurlagaákvæði. Sjálf sagði hún á fyrirlestrinum að ef þetta hefði verið Kastljósviðtal en ekki fyrirlestur þá hefði verið drungaleg tónlist í bakgrunni og andlitið á henni blörrað. Það hljóti náttúrlega bara vont fólk að efast um ágæti samkeppnislaga og framkvæmd þeirra. Hún bætti því síðar við að á lögmannsstofunni Lex hefðu menn reyndar líka tekið að sér að verja smærri fyrirtæki í baráttu við þá stærri sem hafa markaðsráðandi stöðu.



jonhakon@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Verða framhaldsskólar í landsbyggðunum?

STJÓRNSÝSLA



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Framhaldsskólar á landsbyggðinni eru skornir sérstaklega niður í nýju fjárlagafrumvarpi: Fjölbrautaskóli Snæfellinga og Menntaskólinn á Tröllaskaga, nýjar og framsæknar menntastofnanir, fá fyrirmæli um fækkun nemendaígilda svo nemur nærri 20%. Sama má segja um Menntaskólann á Egilsstöðum. Skólarnir á Sauðárkróki, í Borgarbyggð, á Laugum, í Vestmannaeyjum og á Húsavík bera allir skarðan hlut frá borði. Erfitt er að sjá hvernig margir þessara skóla og sérstaklega þeir minni muni lifa þennan niðurskurð af.

Fjölbreyttir framhaldsskólar á landsbyggðinni eru lífæð hennar. Þeir eru forsenda þess að fólk geti fengið framhaldsmenntun í heimabyggð, en þurfi ekki að flytja burt. Því fleiri og fjölbreyttari sem þeir eru, því betra. Þeir hafa á síðustu árum þróað mikilvægt dreifnám sem nýst hefur nemendum á smærri stöðum til að taka fyrstu ár framhaldsskólans í heimabyggð og auðveldað þannig nemendum enn á barnsaldri að vera áfram í heimabyggð samhliða námi. Dreifnámið hefur líka stutt við rekstrargrunn þessara minni menntastofnana, því kennarar þeirra sinna þá fleirum en þeim sem eru í staðarnámi.

Allri þessari fjölbreytni á nú að fórna. Niðurskurðurinn kallar á fækkun kennara í framhaldsskólum á landsbyggðinni. Framhaldsskólakennarar eru í dag hryggjarstykkið í opinberri þjónustu og oft mikilvægustu og best menntuðu opinberu starfsmennirnir í hinum dreifðu byggðum. Þeir munu ekki hafa að neinu öðru að hverfa.

Til viðbótar þessu standa innanríkisráðherrann og heilbrigðisráðherrann þessar vikurnar að stærstu einstöku niðurlagningaraðgerð í opinberri þjónustu í landsbyggðunum með sameiningu sýslumannsembætta, lögreglustjóraembætta og heilbrigðisstofnana. Í tilviki heilbrigðisstofnananna er verið að færa þjónustu fjær fólki og á Akureyri stendur heilbrigðisráðherra Sjálfstæðisflokksins fyrir allsherjarríkisvæðingu nærþjónustu við íbúana.

Aukin miðstýring, meiri einhæfni og minni fjölbreytni virðast vera einkunnarorð sjálfstæðisráðherra.

Ríkisstjórnin vegur að lífæð byggðanna og leggur niður mikilvæg opinber störf í þjónustu við fólk. Það þarf aðra stjórnarstefnu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ódýr matur fyrir leikskólabörn

SAMFÉLAG



**Fanný Heimisdóttir**
leikskólastjóri

Ég hef áður vakið athygli á því að við svíkjum leikskólabörn með rýrum kosti. Maturinn þeirra í leikskólanum, þrjár máltíðir ásamt ávöxtum og lýsi, kostar daglega minna en einn kaffibolli á kaffihúsi. Þeir borgarfulltrúar sem ég hef rætt við um málið hlusta vel en virðast ekki hafa vald til að gera neitt. Ég hef reynt við bæði Gnarr og Dag, og vona enn að Dagur sjái hversu brýnt málið er því hann er bæði læknir og jafnaðarmaður. Með því að bæta leikskólamatinn gætum við jafnað stöðu heimila; leikskólar geta gert betri innkaup en einstaklingar. Heima gæti kvöldmaturinn verið með einfaldara sniði á virkum dögum. En þegar máltíðir leikskólans eru oftar og oftar brauðmeti, grautar, skyr og pastaréttir þurfa foreldrar frekar að huga að góðum próteingjöfum í kvöldmatnum ásamt nægu grænmeti, jafnvel huga að því að börnin læri að tyggja. Misskiljið þetta ekki þannig, að leikskólar geti gert svo hagstæð innkaup að rúmlega 300 krónur pr. barn á dag dugi, en það er sú upphæð sem nú er lögð til. Matur barna þarf að vera fjölbreyttur og börn ættu að eiga rétt á vali eins og aðrir borgarar.

**➜ Hvað kostar matur fyrir eitt barn/fyrir einn fullorðinn? Hvað borða börn fátækra foreldra heima hjá sér í kvöldmat? Hvað borða börn þeirra sem eru efnameiri eftir sinn leikskóladag? Þetta mætti skoða með gegnsæi og jöfnuð í huga.**

### Foreldrar gætu greitt meira

Foreldrar framselja til annarra þá ábyrgð að fara með hagsmuni barna sinna. Í leikskólunum tökum við að okkur að fæða börnin ásamt því að búa þeim menntandi uppeldisumhverfi. Að þjónusta börn vel í mat og drykk ætti að vera sjálfsagður hlutur á Íslandi. En ábyrgðin á næringu barnanna hlýtur að liggja hjá foreldrum fyrst og fremst. Það ætti því að spyrja foreldra hvort þeir vilji greiða níu, jafnvel tíu þúsund á mánuði, í stað sjö þúsunda eins og nú er. Auðvitað yrði það fast gjald fyrir alla en ég trúi því að niðurstaðan yrði börnunum í hag. Ákvörðun um þetta ætti ekki að liggja í pólitískum kerfum því þar er ekki nægileg ábyrgð.

### Að öðlast uppeldi fyrir lífið

Markmið leikskóla er að börnin öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Þegar við erum allt of feit og lífsstílssjúkdómar sliga heilbrigðiskerfið ættum við að leggja metnað í að kenna börnunum okkar að borða vel og rétt. Það er þjóðþrifamál að kenna börnum að borða og miða mat þeirra við bestu þekkingu þar um. Það er auk þess mannréttindamál að fá vel að borða og í samræmi við það sem best gerist manna á meðal í samfélaginu. Slagorð dagsins gæti verið „sýndu mér diskinn þinn og ræðum svo jöfnuð“.

### Gegnsæi um gjöld

Hvað kostar matur fyrir eitt barn/fyrir einn fullorðinn? Hvað borða börn fátækra foreldra heima hjá sér í kvöldmat? Hvað borða börn þeirra sem eru efnameiri eftir sinn leikskóladag? Þetta mætti skoða með gegnsæi og jöfnuð í huga. Víst er að við þurfum að áætla meira til matarkaupa í leikskólum eigi síðar en í fjárhagsáætlun 2015. Eðlilegt væri að miða upphæðina við að hægt væri að mæta kröfum manneldisráðs um mataræði, að lágmarki. Að auki þarf svo að skoða sérstaklega kostnað við mat leikskólastarfsfólks og auka gegnsæi um það hvernig hann er fjármagnaður.

# Það verður að breyta starfsmannalögunum – seinni grein

STJÓRNSÝSLA



**Guðlaugur Þór Þórðarson**
alþingismaður

Í fyrri grein minni fór ég yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsmannalögin. Í þessari grein fer ég yfir viðbrögð við orðum mínum um umhverfi opinberra starfsmanna.

Félagi Ögmundur Jónason sendi mér tóninn í Fréttablaðsgrein. Hann minnti á að ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hefði sagt upp fjölda heilbrigðisstarfsmanna sem og lögreglumönnum. Fyrrverandi heilbrigðisráðherra og innanríkisráðherra hélt því síðan fram að ég vilji auðvelda núverandi stjórnvöldum að gera slíkt hið sama. Þingmaðurinn flytur mál sitt gegn betri vitund. Ólíkt ríkisstjórn þeirri sem Ögmundur sat í og studdi hefur ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks staðið vörð um heilbrigðiskerfið og hækkaði framlög til heilbrigðismála um 10 milljarða í sínu fyrsta fjárlagafrumvarpi. Og lögreglumönnum var fjölgað.

### Eineltisforstjórar

Ögmundur nefndi hins vegar annað sem hefði átt að vekja athygli fjölmiðla. Sem formaður BSRB kynntist Ögmundur skuggahliðum ríkisrekstrar; eineltisforstöðumönnum en orðrétt sagði Ögmundur:

„Til eru nefnilega þeir forstjórar sem sjálfir ráða ekki við starf sitt. Þetta eru einstaklingar sem beita geðþóttavaldi; eru eineltisforstjórar.“ Síðan rekur þingmaður dæmi sem hann þekkir frá fyrri störfum sínum.

Ég spyr, er í góðu lagi að hafa fyrirkomulagið með þessum hætti? Mitt svar er nei, við verðum að breyta þessu umhverfi. Ég held því miður að Ögmundur hafi rétt fyrir sér og lýsi hluta vandans ágætlega. Það er fullkominn misskilningur að almenni markaðurinn einkennist af því háttalagi sem Ögmundur gerir að umtalsefni. Ég fullyrði að stjórnandi sem hagar sér eins og Ögmundur lýsir verði aldrei eftirsóttur á almenna markaðnum. Vandinn við núverandi fyrirkomulag hjá hinu opinbera er að eineltisstjórnendurnir njóta sérstakrar verndar. Það eru ekki almannahagsmunir.

### Varhugavert að ræða breytingar!

Formaður BHM, Guðlaug Kristjánsdóttir, heldur því fram í grein hér í Fréttablaðinu að það sé jafnvel „varhugavert“ að ræða breytingar á starfsmannalögunum! Einhvern tíma hefðu slík ummæli verið kölluð tilraun til þöggunar en ég ætla nöfnu minni ekki slíkt. Í kjölfar síðasta kjarasamnings BHM er verið að ræða „lagaumhverfi og réttindamál – verkefni verði m.a. að fara yfir lagaumhverfi og kjarasamningsbundin réttindi félagsmanna BHM hjá ríki“. Er það varhugavert?

Ég sakna þess hins vegar að hún ræði ekki niðurstöður og ábendingar þeirrar skýrslu sem hún vitnar í. Það er að segja skýrslu Ríkisendurskoðunar um mannauðsmál.

Þetta snýst ekki einungis um hagræðingu. Ef marka má yfirlýsingar formanns BHM í Vísi 5. október þá líkar fólki ekki að vinna hjá hinu opinbera og flýr yfir í einkageirann. En í viðtali við hana kemur fram að „Starfsaldur fimmtíu prósent ungra háskólamenntaðra opinberra starfsmanna er eitt til fjögur ár og erfiðlega gengur að halda þeim í vinnu“.

Getur verið að það sé eitthvað hjá einkageiranum sem er betra en hjá hinu opinbera? Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru með ríkisábyrgð og starfsöryggið miklu meira en annars staðar, en samt sem áður helst ríkinu ekki á starfsfólki ef marka má orð formanns BHM.

**➜ Orð mín hafa vakið mikil viðbrögð og nokkrir hafa haft uppi stóryrði. Hvar var þetta yfirlýsingaglaða fólk á síðasta kjörtímabili? Þá var stefnan að hlífa öllum nema heilbrigðisstarfsmönnum og lögreglumönnum.**

### Uppnefni, rangtúlkanir og ósannindi

Grein framkvæmdastjóra SFR í Fréttablaðinu verður seint talin innlegg í málefnalega umræðu. Uppnefni, rangtúlkanir og ósannindi einkenna grein þessa valdamikla manns. Greinarhöfundur er líka mjög seinheppinn þegar hann ásakar mig og formann fjárlaganefndar um að vilja losna við heilbrigðisstarfsmenn og lögreglumenn, en við beittum okkur sérstaklega fyrir því að færa fjármuni í þessa málaflokka við síðustu fjárlagagerð. Það þýðir einfaldlega að mun meiri fjármunir voru til þess að ráða fólk í störf hjá heilbrigðisstofnunum og lögreglu.

Á síðasta kjörtímabili fækkaði störfum á almenna markaðinum um nærri 9–16 þúsund. Opinberum starfsmönnum fjölgaði á árunum 2007–2011 skv. skýrslu sem gerð var fyrir Alþingi af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Á ákveðnum sviðum opinbera rekstrarins var hins vegar mikil fækkun, nánar tiltekið heilbrigðisgeiranum og þá sérstaklega hjá Landspítalanum (500 manns) og hjá lögreglunni.

Orð mín hafa vakið mikil viðbrögð og nokkrir hafa haft uppi stóryrði. Hvar var þetta yfirlýsingaglaða fólk á síðasta kjörtímabili? Þá var stefnan að hlífa öllum nema heilbrigðisstarfsmönnum og lögreglumönnum.

Aðalatriðið er að við verðum að nýta opinbera fjármuni betur, við verðum að forgangsraða í ríkisfjármálum. Það er ekki andstætt hagsmunum opinberra starfsmanna. Þvert á móti er það hagur allra að umhverfi opinberra starfsmanna verði aðlaðandi og hvetji fólk til að starfa þar.

# Aukið framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins

UTANRÍKISMÁL



**Þórunn Egilsdóttir**
þingmaður Framsóknar og formaður Íslandsdeildar NATO-þingsins

Allt frá stofnun Atlantshafsbandalagsins árið 1949 hefur Ísland verið aðildarríki. Aðildin ásamt varnarsamningnum við Bandaríkin hefur því verið hornsteinn íslenskra öryggis- og varnarmála í 65 ár. Samstarf við okkar nánustu bandalags- og vinaríki hefur gert það að verkum að uppbygging varnargetu landsins hefur ekki orðið Íslandi ofviða.

Sem aðildarþjóð getum við ekki verið eingöngu í hlutverki þiggjandans heldur ber okkur að taka þátt í víðtæku samstarfi sem fram fer á vettvangi bandalagsins og leggja okkar af mörkum með ýmsu móti.

Á nýafstöðnum leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Wales tilkynnti forsætisráðherra um fyrirætlanir íslenskra stjórnvalda að efla þátttöku og framlög í þágu eigin varna og bandalagsins. Efld þátttaka Íslands verður á sviði borgaralegrar sérfræðiþekkingar á þeim sviðum sem okkur hugnast og farnast best.

Aukið framlag verður m.a. nýtt til eflingar þyrlubjörgunarsveitar Landhelgisgæslu vegna loftrýmisgæslu, sem einnig kemur til góða almennri björgunarþjónustu í landinu.

Boðnir verða fram borgaralegir sérfræðingar til starfa á vettvangi bandalagsins þar sem það á við, til dæmis á sviði almannavarna, jafnréttismála, sprengjuleitar, vefvarna, upplýsingamiðlunar og öryggis á hafi.

Einnig verður lagt til fé í sjóði til styrktar uppbyggingu í Úkraínu og til framfylgdar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Þátttaka íslenskra starfsmanna í samstarfi af þessu tagi eykur þeim einnig þekkingu, innsýn og tengslanet sem aftur nýtist þegar heim er komið.

Þjóðaröryggi Íslands verður eingöngu tryggt með ábyrgum hætti með alþjóðasamstarfi við bandalagsríki okkar. Þó að engar beinar ógnir steðji að landi og þjóð væri það mikil skammsýni og beinlínis óábyrgt að standa berskjölduð gagnvart utanaðkomandi hættum.

Því hefur frá upphafi ríkt þverpólitísk samstaða um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þó ekki hafi aðildin verið óumdeild.



# Auðkennisrétturinn

HÆLISLEITENDUR



Toshiki Toma
prestur innflytjenda

**➜ Auðkennisleysi fólks á flótta er ekkert nýtt mál. Við áhugafólk um flóttafólk höfum margsinnis bent Útlendingastofnun á vandamálið og krafist úrbóta.**

Sérhver maður sem býr á Íslandi eða dvelur hér á ákveðnu tímabili vegna vinnu sinnar eða náms hefur rétt til þess að auðkenna sig. Og raunar er það svo að um þessi réttindi er fjallað í íslenskum stjórnsýslulögum, þar sem þau eru nefnd kennitala.

Ef um ferðamenn er að ræða, geta þeir vísað til vegabréfs síns eða ökuskírteinis ef þeir þurfa að auðkenna sig af einhverri ástæðu. Auðkenningin snýst um mannréttindi, er grundvallaratriði og ómissandi í athöfnum daglegs lífs.

### Utan kerfisins

En þetta eru ekki sjálfssögð réttindi eins og fólk sem sækir um alþjóðlega vernd hérlendis, eða svokallaðir „hælisleitendur", veit svo vel. Auðvitað fær fólk á flótta kennitölu. Það er utan kerfisins á Íslandi. Þegar slík manneskja er svo heppin að öðlast dvalarleyfi hérlendis til bráðabirgða og vinnu fær hún fyrst gefna út kennitölu, sem samt er bara til bráðabirgða. Reglugerð um útlendingalög kveður á að „Umsækjandi (um hæli) skal afhenda með umsókninni vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem hann hefur í fórum sínum" (88 gr. 1. mgr.) en: „Umsækjandi um hæli [...] skal eins fljótt og verða má eftir komu til landsins, fá í hendur skráningarskírteini hælisumsækjanda ..." (92 gr. 1. mgr.)

Það er hins vegar ekki alltaf farið eftir hinu síðarnefnda. Staðreyndin er sú að fólk á flótta verður að afhenda Útlendingastofnun skjöl sem það hefur með sér, en fær ekkert skírteini um hæli. Næstum enginn sem dvelur í Fit hosteli hefur skírteini sem auðkennir hann, þó að viðkomandi hafi verið hérlendis hálft ár eða jafnvel lengur.

Þetta getur skapað margvísleg vandræði, jafnt stór sem smá. Það getur verið vesen að fara inn á skemmtistað ef maður getur ekki framvísað skírteini. Einnig er mér minnisstætt þegar strákur frá Afríku lenti í bílslysi og kalla þurfti á sjúkrabíl. Þá kom í ljós að enginn gat staðfest hver hann var eða hvar hann bjó. Sem betur fer var slysið ekki alvarlegt en það gæti gerst í dag eða á morgun. Hver á að bera ábyrgð á slíku tilfelli?

Auðkennisleysi fólks á flótta er ekkert nýtt mál. Við áhugafólk um flóttafólk höfum margsinnis bent Útlendingastofnun á vandamálið og krafist útbóta. Það tók ár þar til allir fengu skírteini. Við vorum ánægð í bili en núna, nokkrum árum seinna hef ég tekið eftir að flest flóttafólk sem ég þekki hefur ekki fengið skírteini aftur.

Hvað er svona erfitt við að það gefa út auðkennisskírteini fyrir fólk á flótta á Íslandi sem staðfestir hvert það er (a.m.k. segist vera)? Eða eru réttindi fólks á flótta svo ómerkileg að það megi ekki einu sinni auðkenna sig sem manneskju, sem sjálfa sig. Ég óska þess að allir umsækjendur um alþjóðlega vernd fái auðkennisskíreini fljótt og vel eins og reglugerðin kveður á um.

# Ávinningur fyrirtækja og heimila

FJÁRMÁL



Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri SA

**➜ Það verður að vera forgangsverkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar að stilla betur saman strengi. Við verðum að taka höndum saman og koma í veg fyrir hörð átök á vinnumarkaði.**

Á undanförnum mánuðum hefur mikill árangur náðst á vinnumarkaði sem kemur bæði fyrirtækjum og heimilum til góða. Á tæpu ári hefur verðbólgan hjaðnað hratt og er nú aðeins 1,8% á ársgrunni. Undanfarna átta mánuði hefur hún verið undir 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans sem er lengsta samfellda tímabil verðstöðugleika frá árinu 2003. Þessi hraða hjöðnun verðbólgu ber árangri síðustu kjarasamninga glöggt vitni. Þar lögðu aðilar vinnumarkaðar upp með að hóflegar launahækkanir myndu stuðla að lægri verðbólgu og meiri kaupmáttaraukningu en ella. Minna gæti orðið meira.

Þetta hefur gengið eftir. Kaupmáttur launa í september er 4% hærri en fyrir ári. Á árinu má ætla að kaupmáttur launa vaxi um 3,5% sem er einsdæmi á síðustu fimmtán árum að undanskyldu ofþensluárinu 2007. Við erum komin á ákjósanlegan stað en ákvarðanir aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda á næstu vikum og mánuðum munu ráða því hvort árangurinn verði varanlegur. Það eru jákvæð merki til staðar. Til dæmis gera stjórnendur 400 stærstu fyrirtækja landsins ráð fyrir því að verðlag fyrirtækja þeirra hækki aðeins um 1% á næstu 6 mánuðum sem er vel undir verðbólgumarkmiði Seðlabankans.

En varanlegur árangur í baráttunni við verðbólguna verður ekki tryggður ef hækkun launakostnaðar heldur áfram að vera tvöfalt til þrefalt meiri en í viðskiptalöndunum og langt umfram það sem aukin framleiðni og bætt frammistaða skapar svigrúm fyrir.

Verðbólgunni má í grófum dráttum skipta í þrennt; í hækkun innlendra vöru- og þjónustuliða, innfluttra vara og húsnæðiskostnaðar. Innlendu liðirnir vega 44% í vísitölu neysluverðs, innfluttu vörurnar 34% og húsnæðisliðurinn 22%. Í mælingu Hagstofunnar á verðlagi í september var tólf mánaða hækkun innlendu liðanna 2,1%, innflutningsverð lækkaði um 1,8% en húsnæðisliðurinn hækkaði um 6,7%. Með öðrum orðum hefur styrking gengis og lækkun innflutningsverðs fært verðbólguna undir verðbólgumarkmiðið.

Ekki er hægt að búast við því að gengi krónunnar styrkist frekar og leggi lóð á þær vogarskálar að halda verðlagi niðri og ekkert lát er á verðhækkunum húsnæðis. Það er því undir innlendri vöru og þjónustu komið hvort verðbólgan helst undir markmiði, en það eru einkum þeir liðir sem næmir eru fyrir launabreytingum hér á landi. Af þeim sökum er þess ekki að vænta að verðbólgan verði undir markmiði Seðlabankans ef launabreytingar halda áfram að vera eins miklar og raun ber vitni.

### Betri vinnubrögð

Enn ríkir of mikil óvissa um verðbólgu á komandi misserum. Ný peningastefna hefur ekki verið mótuð, líkt og stefnt var að. Launahækkanir á vinnumarkaði eru meiri en ráð var fyrir gert og samrýmast ekki verðstöðugleika til lengri tíma. Síðast en ekki síst er ekki samstaða milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um efnahagsstefnuna.

Gamalkunnug hringekja gæti brátt farið af stað og snúist með ógnarhraða. Vaxandi viðskiptahalli sem endar með gengisfalli, vaxandi verðbólgu og lífskjaraskerðingu í kjölfarið. Vonir um áframhaldandi hagvaxtarskeið á komandi árum geta brostið á skömmum tíma, verði ekki gripið í taumana.

Forsenda þess að gerðir verði kjarasamningar á grundvelli verðstöðugleika er að traust og gott samstarf sé á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar. Þar má margt betur fara og að óbreyttu stefnir í óefni á vinnumarkaði í vetur ef ekkert verður að gert. Sameiginleg sýn á meginlínur efnahagsstefnunnar er nauðsynleg forsenda slíks trausts. Það verður að vera forgangsverkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar að stilla betur saman strengi. Við verðum að taka höndum saman og koma í veg fyrir hörð átök á vinnumarkaði.

Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur á undanförnum misserum. Áframhaldandi uppbygging kaupmáttar á grundvelli verðstöðugleika er besta leiðin til að bæta lífskjör hér á landi. Þar verða allir að axla ábyrgð.


KOLABRAUTIN
RISTORANTE




*Þó að nú sé farið að kólna eru kokkarnir okkar eru enn með glóð í hjarta og bjóða upp á þriggja rétta seðil til að fagna því.*

ANTIPASTI
*Parmaskinka á glóðuðu brauði með geitaostasósu og klettakáli*
SECONDI
*Spaghetti með humar, chili og hvítlauk*
DOLCI
*Tíramísú*

6.900 kr.

Kolabrautin er á fjórðu hæð Hörpu

Borðapantanir
+354 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

ALWAYS A BETTER WAY

# FARÐ'OG SLEPPTU ÞÉR

AYGO er þessi skemmtilegi í hópnum og geislar af þínum eigin persónuleika. Þú ræður endanlegu útliti AYGO sem er kraftmikill, sparneytinn og leikandi léttur í akstri. Aygo-margmiðlunarkerfið nær góðu sambandi við símann þinn og ríkulegur staðalbúnaður gefur tilverunni nýjan lit.

Gerðu þér glaðan AYGO hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota og fáðu að reynsluaka.




**AYGO - verð frá: 1.960.000 kr.**
Útborgun: 196.000 kr.*

AYGO

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Allt að 90% lánshlutfall og lægri vextir Lykill

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
* Miðað við 90% lánshlutfall hjá Lykli – nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 70603 09/14

## MERKISATBURÐIR

**1945** Pierre Laval, leiðtogi, Vichy-stjórnarinnar í Frakklandi, er tekinn af lífi fyrir landráð.

**1955** Nóbelsverðlaunahafinn Willam Faulkner les úr óbirtri skáldsögu sinni á samkomu í Háskóla Íslands.

**1975** Fiskveiðilögsagan er færð út í 200 sjómílur. Deilum við Breta lýkur með samningum sumarið 1976.

**1979** Ríkisstjórn Benedikts Gröndal tekur við völdum og situr í tæpa fjóra mánuði.

**1998** Um sex þúsund Íslendingar halda dagbók á Degi dagbókarinnar.

**2003** Kínverjar senda fyrsta mannaða geimfar sitt út í geim.

# FH á 85 ára afmæli

**Hafnfirðingar fagna 85 ára afmæli Fimleikafélags Hafnarfjarðar sem var stofnað þennan dag árið 1929. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og aðstaðan er hin glæsilegasta.**

„Mér líst mjög vel á framtíðina og er þess fullviss að á 100 ára afmælinu verði FH enn í fremstu röð á öllum vígstöðvum með eina bestu aðstöðu sem fyrirfinnst á Íslandi," segir Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri Fimleikafélags Hafnarfjarðar.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar, FH, er 85 ára í dag, 15. október. Af því tilefni hefur félagið boðið öllum FH-ingum og velunnurum félagsins í afmæliskaffi milli klukkan 17 og 19 í dag að Sjónarhóli í Kaplakrika. Félagið hefur verið sigursælt síðustu árin, jafnt í knattspyrnu, handknattleik og frjálsum íþróttum.

Birgir segir alla starfsemi FH vera til fyrirmyndar og að uppbygging Kaplakrika sé liður í því að halda félaginu enn í fremstu röð. „Við erum með bestu skylmingadeild landsins, frjálsíþróttadeildin hefur verið í fremstu röð í áratugi, mikill uppgangur hefur verið í handboltanum síðustu ár eftir nokkur mögur ár og flestir vita að knattspyrnulið okkar hefur verið á toppnum í tíu ár í karlaboltanum. Uppbygging mannvirkja mun hjálpa til við að halda okkur áfram í fremstu röð," segir Birgir.

Uppbyggingin í Kaplakrika hefur verið mikil síðustu ár. Knattspyrnuhús, yfirbyggð stúka yfir aðalleikvangi knattspyrnunnar og frjálsíþróttahöll hafa risið á svæðinu á síðustu árum. „Nú er á teikniborðinu að byggja tvö ný knattspyrnuhús á efra svæðinu, sem mun nýtast yngri iðkendum gríðarlega vel. Þótt aðstaðan sé góð hafa yngstu iðkendurnir þurft að glíma við plássleysi upp á síðkastið," segir Birgir.

Einn af forvígismönnum stofnunar Fimleikafélagsins árið 1929 var Hallsteinn Hinriksson, faðir Geirs Hallsteinssonar sem gerði garðinn frægan með handknattleiksliði FH á sínum tíma, og afi Loga Geirssonar, sem var einn af silfurdrengjum landsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008.

sveinn@frettabladid.is



**AFMÆLI** Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri FH, segir alla starfsemina hjá félaginu til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐLAUGUR HELGI KARLSSON**
**loftskeytamaður og fyrrv. símafulltrúi, Siglufirði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar laugardaginn 11. október. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 18. október kl. 14.00.

**Magðalena Sigríður Hallsdóttir**
**Guðný Sigríður Guðlaugsdóttir — Ómar Einarsson**
**Guðrún Herdís Guðlaugsdóttir — Kristján Sigfús Sigmundsson**
**Karl Guðlaugsson — Kristjana Sæberg Júlídóttir**
**Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir — Nils Gústavsson**
**afabörn og langafabörn.**

---

✝



Okkar innilegustu þakkir til allra er sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför bróður okkar og frænda,

**JÚLÍUSAR FRIÐRIKS MAGNÚSSONAR.**

Alúðarþakkir til Dvalarheimilisins Hlíðar og sérstaklega til starfsfólks Grenihlíðar.

**Systkin hins látna og fjölskyldur þeirra.**

---

✝



Við þökkum auðsýnda samúð vegna fráfalls ástkærar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

**HREFNU LÁRUSDÓTTUR KVARAN.**

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnar G. Kvaran**
**Anna Ragnhildur Kvaran**

---

✝



Þökkum sýndan vinarhug vegna andláts systur okkar og mágkonu,

**SIGRÍÐAR JÓNASDÓTTUR**
**Dalalandi 12, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Múlabæjar og Grundar.

**Haraldur Jónasson**
**Marta María Jónasdóttir**
**Böðvar Jónasson — Erna Aradóttir**
**og fjölskyldur.**

---

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni
Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni



Graníthöllin Legsteinar
www.granitholllin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

---

✝



Kæru vinir og vandamenn. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**DAGNÝJAR PÁLSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sóltúns, 2. hæð, E-gangi.

**Elísabet Bjarnhéðinsdóttir — Jörg Steinmann**
**Hallgerður Bjarnhéðinsdóttir — Ingi Bogi Bogason**
**Dagný Bjarnhéðinsdóttir — Bernt Roar Kaspersen**
**Karen Bjarnhéðinsdóttir — Tómas Torfason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR R. KARLSSON**
**Sólheimum 25, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum mánudaginn 13. október. Útförin auglýst síðar.

**Erna Þ. Guðmundsdóttir — Gunnlaugur Guðjónsson**
**Steinunn Gunnlaugsdóttir — Ragnar Lövdahl**
**Hjalti Gunnlaugsson**
**Gunnar Karl Gunnlaugsson**
**og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær dóttir, tengdadóttir, móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

**GUÐBJÖRG ELSIE EINARSDÓTTIR**
**Brekkustíg 35c, Reykjanesbæ,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 11. október 2014.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 21. október kl. 12.00.

**Guðbjörg Jóhanna Vagnsdóttir — Dagga Lis Kjærnested**

**Vilhjálmur Vagn Steinarsson — María I. Vilborgardóttir**
**Sæmundur Örn Kjærnested — Bylgja Pálsdóttir**
**Jón Oddur Sigurðsson**
**Gunnar Örn Arnarson — Soffía Rún Skúladóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN ÞORLEIFSDÓTTIR**
**Stella frá Felli í Breiðdal,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 8. október síðastliðinn. Útför verður frá Heydalakirkju í Breiðdal laugardaginn 18. október kl. 14.00.

**Árni Einarsson**
**Guðleif Sigurjóna Einarsdóttir**
**Þórdís Sigríður Einarsdóttir**
**Þorleifur Ingi Einarsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ALBERTSSON**
**Heggsstöðum, Kolbeinsstaðahreppi,**

sem lést fimmtudaginn 9. október, verður jarðsunginn frá Kolbeinsstaðakirkju laugardaginn 18. október kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð dvalarheimilisins Brákarhlíðar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elsku pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**EINAR JÓNSSON**
**Nestúni 2, Hvammstanga,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga þann 11. október.
Útför hans fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 17. október kl. 15.00.

**Jón Rúnar Einarsson — Kristín Valborg Sævarsdóttir**
**Anna Einarsdóttir**
**Herdís Einarsdóttir — Indriði Karlsson**
**Aðalheiður Sveina Einarsdóttir — Jón Ingi Björgvinsson**
**Hlynur Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓN GUÐMUNDSSON**
**pípulagningameistari,**
**Víðigerði 12, Grindavík,**

lést á deild 11-G á Landspítalanum við Hringbraut mánudagskvöldið 6. október.
Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju 18. október kl. 13.00.

**Ingveldur Kristjana Eiðsdóttir**
**Eiður Ágúst Jónsson — Birgitta Helga Sigurðardóttir**
**Guðmundur Stefán Jónsson**
**Guðrún Kristjana Jónsdóttir — Adam Miroslaw Sworowski**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, systir okkar, mágkona og trúsystir,

**IIRIS GEELNARD**
**trúboði,**

lést þann 10. október sl. á Kvennadeild Landspítalans við Hringbraut. Útför fer fram í kyrrþey en minningarathöfn verður haldin í ríkissal Votta Jehóva að Hraunbæ 113 í Reykjavík þann 22. október kl. 14.00.

**Kjell H. Geelnard**
**Roope og Lill Engstrøm**
**Rolf N. Nordstrøm**
**Gulli Geelnard**
**Eylon og Harriet Nilzen**
**Hans Birgit og Ellkvist**
**og öll trúsystkini.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. október 2014 | 27. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

STAFRÆN PRENTUN! GuðjónÓ VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




*Markaðsverðmæti trygginga-félaganna í Kauphöll Íslands hefur lækkað töluvert í ár.* SÍÐA 6

## Þykir gagnrýnin ósanngjörn

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, gefur lítið fyrir ásakanir um að leyndarhyggja hafi hvílt yfir forvali Isavia. Valferlið hafi verið opið og gagnsætt.



„Mér finnst gagnrýnin hafa verið ósanngjörn og það hvílir alls engin leyndarhyggja yfir þessu ferli. Sömu aðilar og töluðu áður um að ferlið væri faglegt hafa síðar gefið í skyn að það hafi verið óljóst hvaða gögn þeir áttu að senda inn með sínum umsóknum og gagnrýnt upplýsingagjöf Isavia,“ segir Hlynur. ➜ SÍÐA 4

## Samherji vill kaupa 80% í ESTIA

Sjávarútvegsfyrirtækið Samherji verður meirihlutaeigandi í Slippnum Akureyri ehf. ef kaup fyrirtækisins á 80 prósenta hlut í fjárfestingarfélaginu ESTIA hf. verða samþykkt af Samkeppniseftirlitinu.

„Við gerðum öllum eigendum ESTIA, sem ekki tengjast Samherja, nýverið tilboð í þeirra hlutabréf. Við vonumst eftir því að þetta gangi í gegn hjá Samkeppniseftirlitinu sem fyrst,“ segir Eiríkur S. Jóhannsson, stjórnarformaður Samherja. ➜ SÍÐA 2

## Ólst upp í bíóinu hjá Árna Sam



„Ég er á harða hlaupum við að koma mér inn í alla þá hluti sem tengjast starfinu enda fyrirtækið með mörg stór verkefni í pípunum,“ segir Björn Þórir Sigurðsson, sem var í síðustu viku ráðinn til að hafa umsjón með innlendri framleiðslu RVK Studios. Björn, eða Bússi eins og hann er kallaður, hefur lengi starfað við dagskrárgerð, bæði fyrir sjónvarp og útvarp, og fékk sitt uppeldi í viðskiptum hjá Árna Samúelssyni, eiganda Sambíóanna. ➜ SÍÐA 8

ERTU Á LEIÐ TIL ÚTLANDA?

OPTICAL STUDIO – LEIFSSTÖÐ

Verslaðu á hagstæðara verði. Allt að **50% ódýrari** en sambærileg vara á meginlandinu



KAUPAUKI

Með öllum margskiptum glerjum* fylgir annað par FRÍTT með í sama styrkleika. Tilvalið sem sólgleraugu eða varagleraugu.

* Margskipt gler á við Varilux, Multifocal, Progressive og tvískipt gler.



ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUAÐILAR:

**Optical Studio Smáralind** og **Optical Studio Keflavík**

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**FIMMTUDAGUR 16. OKTÓBER**
**Hagstofan - Fiskafli í september 2014**
**Þjóðskrá - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**

**FÖSTUDAGUR 17. OKTÓBER**
**Hagstofan - Samræmd vísitala neysluverðs í september 2014**
**Þjóðskrá - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis**

**MÁNUDAGUR 20. OKTÓBER**
**Hagstofan - Vísitala byggingarkostnaðar fyrir nóvember 2014**

**ÞRIÐJUDAGUR 21. OKTÓBER**
**Hagstofan - Verðmæti sjávarafla janúar-júlí 2014**

**FIMMTUDAGUR 23. OKTÓBER**
**Össur hf. - Uppgjör þriðja ársfjórðungs**
**Hagar hf. - Uppgjör þriðja ársfjórðungs**

**FÖSTUDAGUR 24. OKTÓBER**
**Nýherji hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*


# ÁHÆTTUÁLAG HLUTABRÉFA
## OG ÁHRIF ÞESS Á FJÁRFESTINGASTEFNU



**Fyrirlestur í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands fimmtudaginn 16. okt. kl. 12.00-13.30**

**Í fyrirlestrinum mun prófessor Rajnish Mehra fara yfir sögulegt áhættuálag hlutabréfa og hvernig hægt er að spá fyrir um þróun þess í framtíðinni.**

Rajnish Mehra er fjármálaprófessor sem er m.a. þekktur fyrir rannsóknir sínar á ávöxtun hlutabréfa (áhættuálagi hlutabréfa). Hann hefur birt vísindagreinar í virtum tímaritum um fjármál og hagfræði.

Grein sem hann skrifaði með Nóbelsverðalaunahafanum Edward Prescott; *The Equity Premium, A Puzzle*, er ein áhrifamesta fjármálagrein síðustu aldar á sínu sviði.

Rajnish Mehra er eftirsóttur fyrirlesari hjá háskólum og fjármálafyrirtækjum og hefur verið ráðgjafi hjá fjármálafyrirtækjum og ríkisstjórnum.

**Aðgangur ókeypis, allir velkomnir!**

HÁSKÓLI ÍSLANDS VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
Samtök sparifjáreigenda


# Ekki sama hver lánar

Skjóðan



**HÉR Á LANDI** hefur alltaf skipt miklu máli hvort það er Jón eða séra Jón sem á í hlut. Í síðustu viku kom það fram hjá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra í umræðum á Alþingi að verklagsferlar hafi ekki verið hefðbundnir þegar Seðlabankinn lánaði Kaupþingi 500 milljónir evra (76 milljarða króna) með veði í danska bankanum FIH í byrjun október 2008.

**ÓNEITANLEGA** kemur nokkuð á mann við þessi tíðindi. Hvernig var brugðið frá hefðbundnum verklagsferlum við þessa lánveitingu? Var lánið samþykkt á milli lánanefndafunda? Var forminu ekki fylgt? Var lánið greitt út án þess að fundargerð lægi fyrir. Lánaði bankastjórinn peningana sjálfur og fékk samþykki stjórnar eftirá?

**DÓMSTÓLAR** landsins kljást þessi misserin við opinber mál sem Sérstakur saksóknari hefur höfðað á hendur fyrrverandi stjórnendum gömlu bankanna. Mörg þeirra fjalla fyrst og fremst um umboðssvik sem felast þá í því að stjórnendur bankanna hafi ekki fylgt verklagsferlum við lánveitingar. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur komist að þeirri niðurstöðu að það flokkist undir alvarlegt refsivert athæfi að fylgja ekki verkferlum út í hörgul og hefur dæmt fyrrverandi bankastjórnendur í margra ára fangelsi fyrir slíkt. Engar skýringar á frávikum frá verklagsferlum hafa verið teknar til greina og ekki talið skipta máli hvort viðkomandi lánveitingar hafi orðið viðkomandi fjármálastofnun til hags eða skaða.

**Í ÞESSARI** viku er dómtekið mál á hendur stjórnendum og stjórn SPRON vegna tveggja milljarða lánveitingar til Exista, helsta hluthafa bankans, nokkrum dögum áður en umrætt 500 milljóna evra lán Seðlabankans til Kaupþings var veitt. Í SPRON-málinu virðast sakarefnin að stærstum hluta vera þau að lánið hafi ekki endurheimst og því hafi orðið tveggja milljarða tjón.

**NÚ ER KOMIÐ** á daginn að Seðlabankinn tapaði gríðarlegum fjármunum á lánveitingunni til Kaupþings. Þar lánaði Seðlabankinn næstum allan gjaldeyrisforða landsins í einni lánveitingu og braut allar reglur í leiðinni. Verkferlum var vikið til hliðar og formreglur að engu hafðar. Tjónið vegna þessa eina láns er litlir 35 milljarðar króna.

**SAMKVÆMT** þeirri skilgreiningu sem Sérstakur saksóknari og Héraðsdómur Reykjavíkur beita gagnvart athæfi stjórnenda viðskiptabankanna eru öll skilyrði umboðssvika uppfyllt í þessari dæmalausu lánveitingu, þegar Seðlabankinn lánaði gjaldeyrisforðann á einu bretti. Það kostar um 40 milljarða á ári að reka Landspítalann sem þýðir að Seðlabankinn tapaði öllu rekstrarfé Landspítalans fram í nóvember með þessari einu lánveitingu.

**EN Í SEÐLABANKANUM** var enginn ábyrgur og enginn Sérstakur saksóknari kallaður til. Já, það er með þá Jón og séra Jón…

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.




**FYRIRTÆKIÐ** Slippurinn Akureyri er stærsta skipasmíða- og málmvinnslufyrirtæki á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Samherji að eignast meirihluta í Slippnum

***Sjávarútvegsfyrirtækið Samherji hf. hefur gert tilboð í 80 prósenta hlut í ESTIA hf. Verður meirihlutaeigandi í stærsta skipasmíðafyrirtæki landsins ef Samkeppniseftirlitið samþykkir kaupin.***

**VIÐSKIPTI**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Samherji verður meirihlutaeigandi í Slippnum Akureyri ef kaup fyrirtækisins á 80 prósenta hlut í fjárfestingarfélaginu ESTIA hf. verða samþykkt af Samkeppniseftirlitinu.

Þetta staðfestir Eiríkur S. Jóhannsson, stjórnarformaður Samherja hf. Hann segir kaupin hafa átt skamman aðdraganda.

„Við gerðum öllum eigendum ESTIA, sem ekki tengjast Samherja, nýverið tilboð í þeirra hlutabréf. Við vonumst eftir því að þetta gangi í gegn hjá Samkeppniseftirlitinu sem fyrst,“ segir Eiríkur.

Samherji gerði ekki tilboð í 19,7 prósenta hlut sem er í eigu Fjárfestingafélagsins Fjarðar ehf. Fjörður er meðal annars í eigu Kristjáns Vilhelmssonar, framkvæmdastjóra útgerðarsviðs Samherja, og Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri sjávarútvegsfyrirtækisins, á 25 prósenta hlut í félaginu í gegnum eignarhaldsfélagið Stein ehf.

ESTIA á 71 prósents hlut í Slippnum Akureyri ehf. sem rekur skipasmíðastöð, dráttarbraut og flotkví. Einkahlutafélagið var stofnað í október 2005 eða nokkrum mánuðum eftir að Slippstöðin hf. hafði verið lýst gjaldþrota. Félagið hagnaðist um 112,5 milljónir króna á síðasta ári, samkvæmt ársreikningi, og rekur einn fjölmennasta vinnustað Norðurlands.

„Samherji og eigendur fyrirtækisins komu að stofnun Slippsins fyrir níu árum, eftir að félagið fór í þrot. Nýverið óskuðu nokkrir eigendur ESTIA eftir því að komast út og Samherji varð við því og gerði í kjölfarið öðrum eigendum tilboð,“ segir Eiríkur.

Hann segir aðspurður að stjórnendur Samherja hafi engin áform um breytingar á rekstri Slippsins.

„Enn sem komið er liggur ekki fyrir af hálfu Samherja um nokkuð annað en að fyrirtækið haldi áfram í óbreyttum rekstri. Við munum ekki leiða hugann að öðru fyrr í en í fyrsta lagi eftir að Samkeppniseftirlitið hefur gefið samþykki sitt.“

# Við stöndum vörð um öflug fyrirtæki

### Atlantsolía

Með 19 sjálfsafgreiðslu-stöðvum, birgðastöð og fjórum olíubílum er hægt að tryggja aukna samkeppni á eldsneytismarkaði á Íslandi.

### Brim

Þrír afkastamiklir frystitogarar og öflugt starfslið tryggja Íslendingum hærri útflutnings-tekjur af gæðahráefni.

### Isavia

Það þarf mikil umsvif til að tryggja öryggi á öllum flugvöllum landsins og sjá um nærri 5,5 milljóna km² flugstjórnarsvæði.

### Landsbankinn

Stærsta fjármálafyrirtæki á Íslandi með víðtækasta útibúa-netið tryggir trausta og alhliða fjármálaþjónustu um allt land.

### Hér er góður staður fyrir þitt fyrirtæki

### Landsvirkjun

Stærsta fyrirtæki landsins í orkuvinnslu vinnur 73% allrar raforku innanlands til að tryggja fólki og fyrirtækjum rafmagn.

### Marel

Eitt af stærstu útflutnings-fyrirtækjum Íslands tryggir markaðnum hugvitsamlegar lausnir til vinnslu matvæla.

### RÚV

Til að tryggja landsmönnum fréttir, skemmtun og fróðleik þarf fjölda starfsmanna, tæknibúnað og húsnæði.

### Össur

Rannsóknir og nýsköpun styrkja stoðir atvinnulífsins með framleiðslu sem tryggir að fólk geti staðið á eigin fótum.

**Traustsins verðir**

Vörður nýtur trausts hjá öflugum íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Áhersla okkar á einföld og þægileg viðskipti er nokkuð sem fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum kunna að meta.

**Hafðu samband og fáðu tilboð í tryggingar þíns fyrirtækis.**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÍNU FYRIRTÆKI BETUR**

vörður

ÍSLENSKA/SIA.IS VOR 71087 10/14




**STÝRIR LEIFSSTÖÐ** Hlynur Sigurðsson segir ýmsar ástæður liggja að baki ákvörðun Isavia um að breyta brottfararsal flugstöðvarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þykir gagnrýnin hafa verið ósanngjörn

***Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, gefur lítið fyrir ásakanir um að leyndarhyggja hafi hvílt yfir forvali Isavia. Valferlið hafi verið opið og gagnsætt. Framkvæmdir hefjast í nóvember.***

**VIÐTAL**
**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is

„Mér finnst gagnrýnin hafa verið ósanngjörn og það hvílir alls engin leyndarhyggja yfir þessu ferli," segir Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, um umdeilt val Isavia á fyrirtækjum sem fá að sinna smásölu og veitingarekstri í brottfararsalnum í Keflavík.

Eigendur fyrirtækja sem fengu ekki aðstöðu í flugstöðinni hafa gagnrýnt forval Isavia og sagt það einkennast af leynd og ógagnsæi. Samtök verslunar og þjónustu hafa tekið undir þau orð.

„Sömu aðilar og töluðu áður um að ferlið væri faglegt hafa síðar gefið í skyn að það hafi verið óljóst hvaða gögn þeir áttu að senda inn með sínum umsóknum og gagnrýnt upplýsingagjöf Isavia," segir Hlynur.

### Funduðu með fyrirtækjunum

Isavia hefur meðal annars verið gagnrýnt fyrir að fara ekki í útboð á verslunar- og veitingarýminu þar sem fyrirtækið, sem er hlutafélag í eigu ríkisins, hefði þurft að fara eftir útboðslögum sem eiga að tryggja opið og gagnsætt ferli.

„Ef við hefðum farið í útboð hefðu umsækjendurnir getað gert ráð fyrir óraunhæfum tekjum af sölu í flugstöðinni í sínum tilboðum og þar af leiðandi unnið með ranga spá um hvað Isavia fengi í sinn hlut. Reglur um útboð hefðu þýtt það að við hefðum þurft að taka þeim tilboðum. Forvalið kemur hins vegar í veg fyrir að menn séu að taka of háum tilboðum sem eru ekki raunhæf og það er mjög mikilvægt í rekstri sem þessum þar sem við getum ekki jafn auðveldlega skipt út verslunum og veitingastöðum."

Hlynur segir alla umsækjendur hafa setið við sama borð. Það hafi legið fyrir frá upphafi hvaða umsóknargögn Isavia myndi láta af hendi að forvalinu loknu.

„Útboðsskyldan nær ekki yfir útleigu á plássi og í forvalinu erum við að gefa upp ákveðin trúnaðargögn, þar á meðal upplýsingar um rekstraraðila á svæðinu, svo aðrir umsækjendur geti setið við sama borð. Að sama skapi erum við bundin trúnaði um hvað viðkomandi bauð, hvað hann skrifaði í sína viðskiptaáætlun og hvernig við mátum umsóknir þeirra," segir Hlynur.

Meðlimir úr valnefnd Isavia hafa að hans sögn fundað með forsvarsmönnum nokkurra fyrirtækja sem óskuðu eftir frekari rökstuðningi. Þeir hafi fengið útskýringar á einkunnagjöf Isavia og hvar fyrirtæki þeirra hafi staðið í sínum flokkum.

„Það gætir misskilnings að við höfum ekki gert það. Hins vegar eru sumir að sækjast eftir því að fá einkunnir annarra fyrirtækja og það gefum við ekki upp. Ég skil þó vel að það er mikilvægt fyrir þessi fyrirtæki að ná árangri og flugstöðin er auðvitað mjög ákjósanlegur staður."

Spurður hvort Isavia hefði mögulega átt að fara aðrar leiðir í valferlinu, í ljósi umræðunnar í kringum forvalið, segir Hlynur að hann telji ferlið hafa verið eins opið og gagnsætt og mögulegt hafi verið.

„Hins vegar höfum við skrifað hjá okkur einhver smáatriði sem betur hefðu mátt fara. Þegar við förum í okkar næsta forval þá munum við að sjálfsögðu byggja á því sem við punktuðum niður í þessu ferli."

### Fá meira fyrir plássin

Hlynur segir ýmsar ástæður liggja að baki ákvörðun Isavia um að breyta brottfararsal flugstöðvarinnar og fara í forval. Farþegum sem fari um Leifsstöð hafi fjölgað, og muni fjölga, og því þurfi meðal annars að stækka vopnaleitarsvæðið og haga rekstrinum þannig að hann skili Isavia tekjum í hlutfalli við farþegafjölgunina. Einnig renna núgildandi samningar um verslana- og veitingarými út um næstu áramót en þeir voru gerðir á árunum 2004-2006. Hlynur segir það hafa ráðið miklu hvað fyrirtækin sáu fram á að geta skilað til Isavia með veltutengdri leigu.

„Auknar tekjur þýða að við getum boðið lægri flugvallarskatta og önnur gjöld. Við höfum að undanförnu séð að við erum töluvert langt á eftir öðrum flugvöllum þegar kemur að veltutekjum. Með þessum breytingum getum við aukið tekjur af þessum hluta verslunarsvæðisins um sextíu prósent. Ástæðan er sú að við munum bæði fá hærri veltutengda leigu frá fyrirtækjunum og síðan erum við að auka plássið um 20-30 prósent."

Þrettán umsóknir af 71 urðu á endanum fyrir valinu og var niðurstaðan kynnt á blaðamannafundi í byrjun októbermánaðar. Sex verslanir og einn veitingastaður munu halda áfram rekstri í flugstöðinni en fjórir nýir veitingastaðir og tvær verslanir koma inn til viðbótar. Á meðal þeirra eru franska fyrirtækið Lagardère Services, sem fékk aðstöðu til reksturs sælkeraverslunar og fjögurra veitingastaða sem verða rekin í samstarfi við íslenska fyrirtækið Nord, og norska tískuvöruverslunin Airport Retail Group.

„Um allan þann rekstur sem erlendir aðilar koma að verða stofnuð íslensk fyrirtæki sem greiða hér skatta og gjöld. Það er því ekki verið að taka allan arðinn út úr landinu eins og einhverjir hafa gefið til kynna. Einnig lögðum við áherslu á að fá inn íslenskar vörur en þær geta líka verið dýru verði keyptar ef tilboðin sem við fáum eru ekki góð," segir Hlynur.

Hann segir breytingarnar í brottfararsalnum eiga að auka sýnileika verslana og veitingastaða og þá um leið veltu þeirra. Í núverandi skipulagi séu verslanir í einhverjum tilvikum faldar úti í hornum á bak við veitingastaði og aðrar verslanir.

„Ferlið hefst í byrjun nóvember en þá munum við byrja á að skipta um gólfefni og færa ákveðnar verslanir til í smáum skrefum. Ef þessi farþegafjölgun sem við höfum séð heldur áfram þá flýtir það síðan fyrir því að við þurfum að taka ákvörðun um að stækka brottfararsalinn sjálfan. Hvenær það verður veit ég ekki en það verður jafnvel fyrr en menn reiknuðu upphaflega með."

## JOE AND THE JUICE VERÐUR Á TVEIMUR STÖÐUM




Isavia samdi meðal annars við Joe Ísland ehf. sem mun reka djús- og samlokubar Joe and the Juice í brottfararsalnum. Fyrirtækin gerðu einnig samning um að Joe Ísland fái aðstöðu við innritunarsal Leifsstöðvar á fyrstu hæð undir veitingastað þar sem farþegar og aðrir geta verslað.

Kaffitár rekur nú kaffihús á sama stað og annað í brottfararsalnum á hæðinni fyrir ofan en verður að loka þeim á næstu mánuðum. Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri og einn af stofnendum Kaffitárs, hefur gagnrýnt forvalið harðlega og sagt leikreglurnar hafa verið óskýrar og ógagnsæjar.

„Þetta var ekki hluti af forvalinu. Ástæðan fyrir þessu er að það er mjög dýrt að vera með rekstur í flugstöðinni og ákveðin stærðarhagkvæmni í því fyrir Joe and the Juice að geta selt sínar vörur og samnýtt starfsfólk á báðum stöðum. Einnig spilar inn í að í flugstöðinni starfa um fimmtán hundruð til tvö þúsund manns sem mega ekki kaupa mat í brottfararsalnum. Þess vegna ákváðum við að það myndi þjóna breiðari markhópi að bjóða djús, samloku og kaffiþjónustu Joe and the Juice heldur en að gera áframhaldandi samning við Kaffitár," segir Hlynur.

## FRÍHÖFNIN VELTIR MEIRA EN AÐRAR VERSLANIR TIL SAMANS

Fríhöfnin, dótturfyrirtæki Isavia, mun áfram sjá um sölu á áfengi, tóbaki og snyrtivörum í Leifsstöð enda féll sá rekstur ekki undir forvalið.

Umsókn Fríhafnarinnar um áframhaldandi rekstur tískuvöruverslunarinnar DutyFree Fashion var hins vegar hafnað af valnefnd Isavia, eins og komið hefur fram í Markaðinum. Norska fyrirtækið Airport Retail Group (ARG) mun yfirtaka rekstur verslunarinnar. Hlynur segir Fríhöfnina hafa þurft að lúta sömu reglum og aðrir umsækjendur. Viðskiptaáætlun dótturfyrirtækisins hafi á endanum tapað fyrir áætlun ARG.

„Þar urðu þau undir og urðu að lúta því," segir Hlynur.

Sex mánaða uppgjör Fríhafnarinnar var kynnt í september. Þá kom fram að fyrirtækið var rekið með tapi upp á 61 milljón króna á tímabilinu, þrátt fyrir að tekjur hefðu aukist um 14,5 prósent frá fyrra ári.

„Það er ekkert óeðlilegt að fyrstu sex mánuðirnir séu í mínus því seinni hluti ársins er mjög sterkur. Fyrirtækið greiðir hátt veltugjald til Isavia enda megintilgangur Fríhafnarinnar að velta sem mestu og skila sem mestu til móðurfélagsins sem síðan fer í uppbyggingu flugvallarins," segir Hlynur.

„Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því að Fríhöfnin hefur verið að greiða um átta og hálfan milljarð til Isavia á síðustu fjórum árum. Velta Fríhafnarinnar er meiri en allra hinna verslananna í brottfararsalnum til samans."




Þjónusta við fyrirtæki

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við út á hvað starfið gengur.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf fyrir stór og smá fyrirtæki í smásölu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt smásölufyrirtækjum þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

**Rúnar Björgvinsson** hefur 25 ára reynslu af ráðgjöf til fyrirtækja í smásölu. Rúnar er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

islandsbanki.is   Netspjall   Sími 440 4000   Facebook

Íslandsbanki

# Tryggingafélögin hafa öll tekið dýfu í Kauphöll Íslands á yfirstandandi ári

*Markaðsverðmæti tryggingafélaganna þriggja sem skráð eru í Kauphöll Íslands hefur lækkað nokkuð á undanförnum mánuðum. Arðgreiðslur skýra hluta lækkunarinnar. En lækkunina má hugsanlega einnig skýra á þann hátt að fjárfestar telji afkomuhorfur lakari en áður, tjónaþróun neikvæðari og ávöxtun á mörkuðum sé minni.*



**ÚTTEKT**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is

Markaðsverðmæti tryggingafélaganna þriggja sem skráð eru í Kauphöll Íslands hefur lækkað verulega á síðastliðnum tólf mánuðum. Þó ber að hafa í huga að tvö af félögunum hafa greitt út arð sem hefur áhrif á gengi bréfanna.

Stærsta félagið á markaðnum er Vátryggingafélag Íslands (VÍS). Markaðsverðmæti félagsins var 27,3 milljarðar þann 11. október 2013. Það fór svo alla leið upp í 28,1 milljarð þann 31. október 2013 en þann 10. október síðastliðinn var það komið niður í 20,8 milljarða króna. VÍS var fyrst tryggingafélaganna til þess að verða skráð á aðallista Kauphallarinnar eftir bankahrun. Það gerðist í apríl 2013. Með því varð Sigríður Ragna Ólafsdóttir, sem hafði verið fengin til að stýra félaginu í gegnum skráningu, fyrsti kvenforstjórinn sem stýrði skráðu félagi eftir hrun. Hún er enn í dag eina konan sem stýrir skráðu félagi. Félagið var skráð að undangengnu útboði þar sem 70 prósenta hlutur í félaginu var seldur. Tæplega 5.000 fjárfestar óskuðu eftir að kaupa hlutabréf í útboðinu fyrir samtals um 150 milljarða króna. Söluandvirði hlutarins sem var seldur nam hins vegar 14,3 milljörðum króna og umframeftirspurnin var því liðlega tíföld.

Rekstur félagsins hefur gengið ágætlega, en hagnaðurinn dróst verulega saman á fyrri helmingi þessa árs. Var 451 milljón króna núna samanborið við 1.094 milljóna króna hagnað á sama tímabili árið 2013. Í afkomutilkynningu eftir annan fjórðung 2014 sagði Sigríður Ragna að þróun á fjármálamörkuðum á tímabilinu hefði leitt af sér að ávöxtun af fjárfestingasafni félagsins væri nokkuð undir væntingum.

Tryggingamiðstöðin fylgdi fast á eftir VÍS og var skráð á markað í maí 2013 eftir að hlutabréfaútboði lauk þann 24. apríl. Sjö þúsund áskriftir bárust að heildarandvirði 357 milljarðar króna, en verðmæti þess 28,7% hlutar sem var seldur nam 4,4 milljörðum króna. Eftirspurnin var því áttatíuföld. Bréfin hækkuðu nokkuð eftir skráningu og nam heildarverðmæti Tryggingamiðstöðvarinnar 22,7 milljörðum íslenskra króna þann 11. október 2013. Það fór hæst upp í 25,2 milljarða króna þann 11. desember, en hefur lækkað og stóð í 18,1 milljarði króna síðastliðinn föstudag. Á einu ári hefur markaðsverðmætið því lækkað um 7,1 milljarð, eða um 28,1 prósent.

Sjóvá var skráð á markað 11. apríl síðastliðinn. Markaðsverðmæti félagsins var 21,8 milljarðar í lok fyrsta dagsins, en var 18,9 milljarðar á föstudaginn. Breytingin frá skráningu nemur 2,9 milljörðum króna eða 13,3 prósentum. Í afkomutilkynningu vegna fyrri árshelmings 2014 kemur fram að hagnaður af rekstri Sjóvár á þeim árshelmingi var 205 milljónir króna, eða 0,13 krónur á hlut samanborið við 843 milljóna króna hagnað á sama tíma árið 2013, sem var 0,53 krónur á hlut. Hagnaður af vátryggingastarfsemi nam 792 milljónum króna samanborið við 1.092 milljónir á sama tíma árið á undan, en



**SJÓVÁ** Almennar hf. tekin inn í Kauphöll Íslands Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvá Páll Harðarsson, forstjóri Kauphallarinnar (Nasdaq OMX Iceland)

> **Ég hugsa að fjárfestar vænti þess að meirihluti hagnaðar tryggingafélaganna á hverju ári verði greiddur út í arð. Þeir virðast hins vegar meta afkomuhorfur lakari en þeir gerðu áður. Þar kemur aðallega til tvennt, neikvæðari tjónahorfur og minni ávöxtun.**

### VERÐMÆTI SKRÁÐRA TRYGGINGAFÉLAGA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS

| | *Tryggingamiðstöðin* | *Sjóvá* | *VÍS* |
|---|---|---|---|
| Nafnverð hlutafjár | **760.000.000 kr.** | **1.593.000.000 kr.** | **2.503.000.000 kr.** |
| Gengi bréfa 11. október 2013 | **29,90 kr.** | **13,70 kr.*** | **10,92 kr.** |
| Hæsta verð á síðustu 12 mánuðum | **33,10 kr.** | **13,70 kr.** | **11,22 kr.** |
| Gengi bréfa 10. október 2014 | **23,80 kr.** | **11,87 kr.** | **8,32 kr.** |
| Markaðsverðmæti 10. október 2014 | **18.088.000.000 kr.** | **18.908.910.000 kr.** | **20.824.960.000 kr.** |
| Breyting á tólf mánuðum | **28,10%** | **13,30%*** | **23,81%** |

** Sjóvá var sett á markað 11. apríl 2014 og miðast tölurnar við þann tíma.*

tap af fjárfestingarstarfsemi nam 539 milljónum samanborið við 58 miljóna króna tap á fyrri árshelmingi 2013.

**Miklar arðgreiðslur**

Lakari afkomutölur eru ekki einu skýringarnar á lægra hlutabréfaverði, eins og Stefán Broddi Guðjónsson hjá Greiningadeild Arion banka bendir á. „Frá skráningu á markað hafa tryggingafélögin TM og VÍS greitt um 3,3 milljarða króna í arð til eigenda sinna. Til viðbótar kaupa þau nú eigin bréf á markaði í samræmi við endurkaupaáætlun,“ segir Stefán Broddi.

Hann bendir á að þriðja tryggingafélagið, Sjóvá, hafi verið skráð síðar á markað en hafi sett sér það markmið að greiða að minnsta kosti helming hagnaðar hvers árs í arð. „Ég hugsa að fjárfestar vænti þess að meirihluti hagnaðar tryggingafélaganna á hverju ári verði greiddur út í arð. Þeir virðast hins vegar meta afkomuhorfur lakari en þeir gerðu áður. Þar kemur aðallega tvennt til, annars vegar að tjónaþróun virðist neikvæðari á þessu ári en

## MET Í KORTAVELTU

**Kortavelta erlendra ferðamanna á Íslandi fyrstu níu mánuði ársins nemur 93,3 milljörðum króna. Hún er nú þegar orðin meiri en hún var allt árið 2013.**





LOKAHELGI ÚTSÖLUNNAR

Barskápar
Glerskápar
Skenkar
Speglar
Sófaborð
Bókahillur
Púðar
Sófasett
Tungusófar
Hornsófar
Stakir sófar
Borðstofuborð
Sjónvarpsskápar
Fjarstýringavasar

10-70% afsláttur
af völdum vörum




Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



Þvílíkur árangur!




„Ég er allt annar maður eftir að ég fór að taka inn **Pharmepa Omega 3 EPA** frá Igennus og er miklu fljótari að jafna mig eftir æfingar og lengri sund.

**Auk þess finn ég fyrir mun meiri orku og einbeitingin er betri.“**

Árni Þór Árnason, 44 ára
afreksmaður og sjósundkappi

PRENTUN.IS

Pharmepa

**Igennus Pharmepa** endurstillir hlutfallið af Omega 3 EPA og Omega 6 og dregur úr bólgumyndun í líkamanum sem er undirliggjandi þáttur varðandi þróun á mörgum lífsstílssjúkdómum.

**Fæst í Heilsuhúsinu, Lyfjaveri, Heilsuveri, Lyfsalanum, Árbæjarapóteki, Urðarapóteki, Heilsutorginu Blómavali, Lyfjavali ogApóteki Suðurnesja**




# GOTT AÐ GEFA AF SÉR

**FJALLAFERÐIR** *Lilju Björk Baldursdóttur finnst það vera þess virði að eyða öllum frítíma sínum í sjálfboðaliðastarf hjá hjálparsveit enda félagsskapurinn og öll útiveran frábær. Nýliðaþjálfun sem hún stundar nú tekur átján mánuði.*

Lilja Björk Baldursdóttir fór í sína fyrstu æfingaferð með Hjálparsveit skáta í Kópavogi um síðustu helgi, en hún hefur lengi haft áhuga á útivist og hentar hjálparsveitarstarfið henni því vel. „Ástæðan fyrir þessu brölti mínu, sem það er, þar sem ég er einstæð þriggja barna móðir og þetta tekur allan minn frítíma, er sú að ég fæ ómetanlega þjálfun í fjallamennsku þar sem okkur er kennt meðal annars að veita fyrstu hjálp, klifur, vetrarfjallamennska, snjóflóðaleit og rötun.“

Ferðin um helgina með hjálparsveitinni var á Fimmvörðuháls. Lagt var af stað klukkan sjö á laugardagsmorgun og gengið af stað um klukkan tíu. „Færið var ágætt um helgina. Ég gekk þarna síðast í júní og þá var meiri snjór. Núna var undirlagið harðara og til dæmis var mikið harðfenni í Bröttufönn þar sem við þurftum að leggja línu. Heljar- ▶

**SKAGFJÖRÐSSKÁLI** Hópurinn aðstoðaði skálavörð við að ganga frá og þrífa skálann í Langadal og taka niður fánastöngina.
AÐSENDAR MYNDIR


natures aid

3 mest seldu þyngdarstjórnunar-efnin í heiminum í dag
**Nú í einu hylki!**




Green Tea Extrakt
- Andoxun
- Heilbrigð efnaskipti

Garcinia Cambogia
- Minni sykurlöngun
- Jafnar blóðsykur
- Brennir umframfitu

Green Coffee Extrakt
- með SVETOL
- Eykur brennslu



www.gengurvel.is

Jafnar blóðsykur • Minnkar sykurlöngun • Brennir umframfitu • Dregur úr matarþörf • Eykur vellíðan

OptiBac probiotics

One week flat

Minnkar þembu og losar vind úr meltingunni á viku!






"Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra"

Marta Eiríksdóttir jógakennari

@OptiBac www.facebook.com/optibaciceland

GRAM

HEIMILISTÆKJADAGAR Í FÖNIX



20% afsláttur



FÖNIX Hátúni 6a • 105 Reykjavík • Sími 552 4420 • www.fonix.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT



**KÁTUR HÓPUR** Lilja segir félagsskapinn í hjálparsveitinni vera frábæran.

kambur var líka mjög erfiður yfirferðar fyrir þá sem ekki voru með brodda undir skóm. Við komum niður í Langadal í myrkri þannig að við þurftum að nota höfuðljós síðasta spölinn sem var nokkuð krefjandi. Við hjálpuðum svo skálaverði að ganga frá skálanum í Langadal (Skagfjörðsskála) fyrir veturinn. Við vorum 35 manns í ferðinni og þar af voru fjórtán nýliðar en þeir sem fara í gegnum nýliðaþjálfun þurfa að verða sér úti um ýmsan búnað fyrir fjallaferðamennsku og vera komnir með allan búnað áður en þjálfun lýkur eftir átján mánuði," segir Lilja.

Hún segir félagsskapinn ekki vera síst mikilvægan þátt í hjálparsveitastarfinu. „Hópurinn er samheldinn og skemmtilegur. Mér finnst líka gott að geta gefið af mér til samfélagsins og tekið þátt í að hjálpa fólki sem lendir í erfiðum aðstæðum í lífinu. Það er alveg ótrúlega gefandi að öðlast þessa reynslu og að geta miðlað henni til samfélagsins á þennan hátt. Þessi þjálfun mun fylgja mér alla ævi og gera mig að hæfari einstaklingi til að bjarga mér við erfiðar aðstæður í lífinu og einnig opnast sá möguleiki að ég geti jafnvel nýtt mér þessa reynslu seinna meir við atvinnusköpun í fjallaferðamennsku."



**HARÐFENNI** Hópurinn fór niður Bröttufönn sem var eins og gler vegna hálku.



**MAGNAÐ ÚTSÝNI** Lilja á Valahnúk en þangað var rölt daginn eftir gönguna yfir Fimmvörðuháls.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


565 6000 / somi.is
ÞAÐ ER BÆÐI HOLLT OG SKEMMTILEGT AÐ FARA ÚT AÐ BORÐA
Skráargatið sýnir þér hollustu.
Hollustan er líka góð á bragðið. Sómavörur merktar Skráargatinu uppfylla ströng skilyrði og innihalda m.a. meira grænmeti og minna af sykri og salti.
SÓMI
Ferskt á hverjum degi

## BÍLAR & FARARTÆKI

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgerð 2002, ekinn 175 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.270316.

**Toyota Kletthálsi**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**


vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


bilfang.is
S. 567 2000



**GLÆSILEGUR !**

BMW 520 DIESEL (NEW) 12/2012 (móð 2013) ek 32 þ.km Bíll hlaðinn búnaði (raðnr 125830) er á staðnum verð 6.680

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



HYUNDAI I 30 stw . Ár 2008, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.340.000. Rnr.130822. Er á staðnum !

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝJIR DODGE DURANGO CITADEL 4X4**

Með öllum aukahlutum, V8 Hemi, 360hö, 7 manna, Sjón er sögu ríkari, Rosalega flottir bílar, Aðeins 1 eftirársbíll eftir, Verð áður 11.490þkr, Tilboðsverð 9.990þkr, Eru í salnum,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



AUDI A4 avant. Árgerð 2012, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.210569.



MMC Pajero instyle. Árgerð 2012, ekinn 40 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.890.000. Rnr.240379.



MERCEDES-BENZ C 200 CDI. Árgerð 2013, ekinn 16 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. Rnr.240348.



Kia Carens . Árgerð 2014, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.210544. 7 ára verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



BMW 525 xdrive luxuryline. Árgerð 2012, ekinn 28 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.590.Mjög vel útbúinn bíll Rnr.114269.



VOLVO Xc90 momentum d5. Árgerð 2011, ekinn 54 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.590.Umboðsbíll Rnr.219617.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100bilar.is
bílasala



Toyota Land Cruiser 120VX 35", árg. 5/2003, ek 226þkr, Ný 35" dekk, 8 manna, Leður, Mjög flottur bíll, Ásett verð 3490þkr, Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

VETRARLEIGA til 6 mánaða



Hyundai i10
50.000 á mánuði m/ vsk



Suzuki Grand Vitara 4WD
95.000 á mánuði m/ vsk



Hyundai SantaFe 4WD
125.000 á mánuði m/ vsk

Innifalið:
- Tryggingar
- Bifreiðagjöld
- Þjónustuskoðanir
- Olíuskipti
- Ný vetrardekk

REYKJAVIK rent a car
Bílaleiga Reykjavíkur ehf
Hlíðasmára 13, 201 Kópavogur
sími 569 3300

# BÍLABORG.is

**Stórhöfði 26**
**við Gullinbrú**
**Sími: 517 1111**



**MMC Pajero did.**
Árgerð 2006, ekinn 150 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 2.590.000.** Rnr.133685.



**TOYOTA Land cruiser 100 diesel**
Árgerð 2002, ekinn 247 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 2.890.000.** Rnr.133790.



**LAND ROVER Discovery 3 se.**
Árgerð 2007, ekinn 107 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 4.990.**



**LAND ROVER Discovery 4 diesel.**
Árgerð 2013, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 10.900.000.** Rnr.126337.



**LAND ROVER Range rover sport se.**
Árgerð 2007, ekinn 167 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 4.990.000**



**LAND ROVER Discovery 4 HSE 256hö.**
Árgerð 2012, ekinn 54 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 13.900.000.** Rnr.133529. **Hlaðinn aukabúnaði.**



**MAZDA 5 sport.**
Árgerð 2008, ekinn 80 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.490.000.** Rnr.126315.



**NISSAN Kubistar dci diesel .**
Árgerð 2008, ekinn 120 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.290.000.** Rnr.125208.



**VW Golf diesel 1.6.**
Árgerð 2013, ekinn 62 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 2.990.000.** Rnr.150119.



**LINCOLN Navigator 4wd.**
Árgerð 2003, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.790.000.** Rnr.125944.



**TOYOTA Aygo h/b.**
Árgerð 2013, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.590.000.** Rnr.126302.



**KIA Rio ex 1.4 bensín.**
Árgerð 2013, ekinn 52 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.590.000.** Rnr.126270.



**OPEL Astra gtc opc.**
Árgerð 472007, ekinn 90 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 1.490.000.** Rnr.150016.



**CHEVROLET Lacetti station.**
Árgerð 5/2005, ekinn 90 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 890.000.** **Tilboðsverð 790 þús.** Rnr.133943.



**DACIA Duster plus diesel 4x4.**
Árgerð 2013, ekinn 51 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.990.000.** Rnr.150116.



**MMC Lancer comfort sjálfskiptur**
Árgerð 2005, ekinn 135 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 690.000**



**VW Touareg.**
Árgerð 2004, ekinn 170 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.490.000.** Rnr.122948.



**NISSAN Micra visia 1200 ssk.**
Árgerð 5/ 2012, ekinn 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.590.000.** Rnr.125909.

ergo **www.bilaborg.is** ergo

til dæmis í fyrra og hins vegar að ávöxtun á eignamörkuðum, og þar af leiðandi ávöxtun fjárfestingareigna tryggingafélaganna, virðist hafa verið lakari en fjárfestar reiknuðu með í byrjun þessa árs," segir Stefán Broddi.

**Lítil stemming á markaðnum**

Jóhann Viðar Ívarsson hjá IFS greiningu bendir líka á að arðgreiðslurnar úr félögunum skipti máli, en fleira komi til. „Þetta er hluti af stemmingunni á markaðnum. Hlutabréf hafa í það heila haldur verið að lækka," segir hann.

Hann segir að IFS hafi tekið saman umfjöllun um markaðinn fyrir viðskiptavini sína í september og samkvæmt þeirri úttekt höfðu fimm félög hækkað á aðallistanum í ár, en meirihlutinn, eða sjö félög, höfðu lækkað. Lækkun á verði tryggingafélaganna sé hluti af þessari stemmingu markaðarins í heild. Tryggingafélögin hafi aftur á móti lækkað einna mest félaga í ár og það sé vert að spyrja sig af hverju.

„Ég held sjálfur að þau hafi kannski verið fullhátt verðlögð á tímabili," segir Jóhann Viðar. Einnig beri að líta til þess að ávöxtun eigna, bæði hlutabréfa og skuldabréfa, hafi verið bágborin það sem af er ári. Þess vegna hafi tryggingafélögunum gengið illa að ávaxta fjármuni sína. „Það eru litlar líkur á því að menn nái einhverri viðlíka ávöxtun á fé í ár eins og í fyrra og hittifyrra," segir Jóhann Viðar. Þá hafi stórtjón og hækkandi tjónahlutföll orðið til að minna menn á áhættuna í tryggingarekstri og það að tjónahlutföll síðustu ár séu lægri en að jafnaði.

Jóhann Viðar segist ekki vilja fullyrða að það hafi verið bólueinkenni á hlutabréfamarkaði í fyrra og hittifyrra. „Það má alveg deila um það hvort hækkun síðustu ára var merki um eignabólu. En það sem mér finnst hins vegar tryggara að taka undir er að það er ekkert neikvætt að hlutabréf hafi ekki hækkað á árinu 2014. Við höfum verið að skoða kennitölur fyrir íslensku félögin og bera þau saman við það sem gerist í helstu kauphöllum annars staðar. Íslensk hlutabréf eru ekki lágt verðlögð en þó ekki það hátt að maður vilji segja að það sé bólueinkenni. En þau eru á það háu verði að það var engin sérstök ástæða önnur en höftin til að þau ættu að hækka mikið á árinu 2014," segir Jóhann Viðar. Hann segir að menn geti verið sáttir við stöðuna og það sé ekkert að því að eitthvað sem hækki lækki aftur. Það sé því ekkert neikvætt við það að það komi smá hik á markaðinn. „Heilt yfir erum við með býsna hátt verðlag á hlutabréfunum," segir Jóhann Viðar.

> Ég held sjálfur að þau hafi kannski verið fullhátt verðlögð.

Hann segist líka minna viðskiptavini IFS reglulega á að þegar menn beri saman lykiltölur á Íslandi og á stærri mörkuðum annars staðar séu tvenn meginrök fyrir því að hlutabréf ættu að vera lægri hér. „Í fyrsta lagi vegna þess að við búum við miklu hærra vaxtastig. Vextir eru mjög lágir á helstu mörkuðum og almennt miklu lægri en hjá okkur. En háir vextir ættu að hafa lækkunaráhrif á hlutabréfaverð," segir Jóhann Viðar. Hin ástæðan sé sú að íslenski markaðurinn sé agnarsmár. „Hann er svo lítill og einhæfur og seljanleikinn svo lítill að þetta á allt að draga úr verðlagningunni," segir Jóhann Viðar.

## KLAKKI SELDI FYRIR TÆPA 1,7 MILLJARÐA

Klakki, sem áður hét Exista, seldi í fyrradag 200 milljónir hluta í Vátryggingafélagi Íslands, eða VÍS. Þetta kom fram í flöggun til Kauphallarinnar. Markaðsvirði hlutarins var 1,66 milljarðar íslenskra króna miðað við gengi bréfa þann daginn. Helstu eignir Klakka eru hlutir í VÍS og Lýsingu, en eftir viðskiptin á Klakki um 374 milljónir hluta í VÍS. Markaðsverð hlutarins sem eftir stendur er þá 3,1 milljarður króna.

Fyrir viðskiptin var Klakki stærsti hluthafinn með 22,95 prósenta hlut, Lífeyrissjóður verslunarmanna var næstur í röðinni með 9,81 prósents hlut og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild með 6,34 prósent. Nýr hluthafalisti hefur ekki verið birtur.

Lífeyrissjóður verslunarmanna er stærsti eigandi Tryggingamiðstöðvarinnar með 9,9 prósenta hlut, Gildi lífeyrissjóður á 6,9 prósenta hlut og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A deild á 6,26 prósenta hlut.

Stærstu hluthafar í Sjóvá eru hins vegar SAT eignarhaldsfélag sem á 13,67 prósent, SVN eignafélag sem á 11,68 prósent og Gildi lífeyrissjóður sem á 9,9 prósent. SAT eignarhaldsfélag er svo í eigu þrotabús Glitnis banka og SVN er í eigu Síldarvinnslunnar.




**FYRSTA KONAN** Sigríður Ragna Ólafsdóttir er enn í dag eina konan sem stýrir skráðu félagi. Fréttablaðið/ Valli

## GENGI BRÉFA Í TRYGGINGAFÉLÖGUM




## NAFNVERÐ HLUTAFJÁR

| Sjóvá | VÍS | TM |
|---|---|---|
| 1.593.000.000 kr. | 2.503.000.000 kr. | 760.000.000 kr. |



AVIS bílarnir eru komnir á Bílasölu Reykjavíkur

Auðveld kaup á nýlegum bílum

Engin lántökugjöld á bílafjármögnun til einstaklinga í október hjá Landsbankanum

Allt að 80% lánshlutfall

**Opið**
Laugardag 12-16
Virka daga 10-18

AVIS®

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Engin lántökugjöld á bílafjármögnun í október

AVIS® Bílaleiga

Bíldshöfða 10 • S: 5878888 • br.is

# Bússi ólst upp í bíóinu hjá Árna Sam

***Björn Þórir Sigurðsson var nýverið fenginn til að hafa umsjón með innlendri framleiðslu RVK Studios. Hann hefur lengi starfað við dagskrárgerð fyrir sjónvarp og útvarp. Vinnan og hestamennska eru aðaláhugamálin.***

**SVIPMYND**
Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

„Ég er á harða hlaupum við að koma mér inn í alla þá hluti sem tengjast starfinu enda fyrirtækið með mörg stór verkefni í pípunum," segir framleiðandinn Björn Þórir Sigurðsson, sem var í síðustu viku ráðinn til að hafa umsjón með innlendri framleiðslu RVK Studios.

Björn, eða Bússi eins og hann er kallaður, hafði áður umsjón með framleiðslu Turner Broadcasting Systems á Latabæjarþáttunum. Hann hefur lengi starfað við dagskrárgerð bæði fyrir sjónvarp og útvarp.

„Hins vegar var mitt fyrsta starf fólgið í að skúra gólf og þrífa kaffistofur í rörasteypuverksmiðju sem var í Fífuhvammi í Kópavogi. Ég var þá þrettán ára gamall og vann þar þangað til ég fór að vinna hjá Árna Samúelssyni í Sambíóunum fjórum árum síðar. Þar fékk ég mitt uppeldi í viðskiptum og vinnu og dugnað og hörku í gjöf frá SAM-fjölskyldunni," segir Björn.

Hann var ráðinn dagskrárgerðarmaður útvarpsstöðvarinnar Stjörnunnar árið 1989 og þaðan lá leiðin á Bylgjuna. Á þeim tíma stundaði hann einnig nám við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og lauk síðan BA-gráðu í auglýsingahönnun frá American InterContinental University í Los Angeles árið 1994.

„Þegar ég kom heim var enn ein kreppan þannig að ég endaði aftur í fjölmiðlunum. Þá hafði Árni Sam keypt FM957 og hann bað mig um að taka við stöðinni og byggja hana upp," segir Björn.

„Síðan var ég fenginn til að taka við Popptíví þar sem ég notaði viðskiptamódel sem byggði meðal annars á því sem ég gat fært úr útvarpinu yfir í sjónvarpið."

Björn hefur einnig starfað sem dagskrárstjóri Stöðvar 2, sjónvarpsstjóri Skjás eins og yfirmaður sölu- og markaðssviðs Morgunblaðsins. Hann er giftur Berglindi Viðarsdóttur, birtingafulltrúa hjá Pipar, og þau eiga tvær dætur.

Spurður um áhugamál nefnir Björn aðallega vinnuna og hestamennsku.

„Undanfarin ár hefur það verið vinnan. En ég er einnig í hestamennsku, datt út úr henni á unglingsárunum en er kominn aftur á fullt, og mér finnst gaman að keyra mótorhjól. Svo má nefna kvikmyndir og afþreyingu enda hefur maður unnið í þeim bransa frá því maður var unglingur," segir Björn að lokum.

> **Hins vegar var mitt fyrsta starf fólgið í að skúra gólf og þrífa kaffistofur í rörasteypuverksmiðju sem var í Kópavogi.**


**KOMIÐ VÍÐA VIÐ** Björn hefur að auki setið í stjórn Eddu útgáfu og Smáís. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## GERIR MIKLAR KRÖFUR


„Björn Þóri eða Bússa, eins og hann er jafnan kallaður, hef ég þekkt í hátt í tvo áratugi. Fundum okkar bar saman hjá Íslenska útvarpsfélaginu hf., sem þá átti og rak bróðurpartinn af einkareknum ljósvakamiðlum landsins. Strax þá urðu mér mannkostir hans ljósir. Bússi er ósérhlífinn og harðduglegur, enda skólaður til á sjó. Allt sem hann tekur sér fyrir hendur gerir hann óaðfinnanlega. Í hans huga er ekki til sú hugsun að bíða með það til morguns sem gera má í dag. Slíkir menn eru ekki á hverju strái. Baltasar og félagar geta verið ánægðir með að hafa fengið Bússa í hópinn."

**Sigurður G. Guðjónsson lögmaður**


„Bússi er frábær vinur og heiðarlegasti maður sem ég þekki. Hann er kletturinn sem brýtur á í hafinu, hann stendur alltaf upp úr þar sem hann kemur. Hann hefur einstakt nef hvað varðar að sjá hæfileika í/hjá fólki, framkalla það besta/skemmtilegasta og veit upp á hár hvað fólk vill hverju sinni. Bússi er einstakur stjórnandi og hef ég lært ótrúlega margt af honum. Hann hefur þann einstaka hæfileika að spyrja réttu spurninganna á rétta augnablikinu. Hann gerir gríðarlegar kröfur til sjálfs sín og fer fram á 110% árangur hjá sjálfum sér í þeim verkefnum sem hann tekur sér fyrir hendur."

**Steinn Kári Ragnarsson, framkvæmdastjóri Rekkjunnar**

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**3 Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**8 Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**3 STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
**NÝHERJI** 60,3% frá áramótum
**EIMSKIP** 0,9% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
**TM** -25,7% frá áramótum
**N1** -3,1% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 109,00 | -16,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 232,00 | -11,5% | 0,9% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 33,55 | 23,1% | 1,1% |
| Hagar | 45,00 | 17,2% | 0,0% |
| Icelandair Group | 17,65 | -3,0% | -1,4% |
| Marel | 104,50 | -21,4% | -1,9% |
| N1 | 18,80 | -0,5% | -3,1% |
| Nýherji | 5,85 | 60,3% | 0,0% |
| Reginn | 14,90 | -4,2% | -2,3% |
| Tryggingamiðstöðin* | 23,80 | -25,7% | -1,2% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 8,25 | -23,5% | 0,6% |
| Össur | 308,00 | 34,5% | -2,4% |
| HB Grandi | 31,30 | 13,0% | -0,2% |
| Sjóvá | 11,71 | -13,3% | -2,0% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.156,14 | -8,2% | -1,1% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 2.500,00 | 117,4% | 0,0% |
| Hampiðjan | 20,00 | 50,9% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,33 | 9,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

Rannveig Rist og Margrét Guðmundsdóttir sitja áfram í stjórnum HB Granda og N1:

# Gera ekki athugasemdir við stjórnarsetu sakborninga

Stjórn HB Granda hf. telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við áframhaldandi stjórnarstörf Rannveigar Rist fyrir HB Granda, þrátt fyrir framkomna ákæru á hendur henni. Í yfirlýsingu sem stjórn HB Granda sendi frá sér í gær segir að Rannveig njóti fulls trausts stjórnarinnar. Meginregla íslensks réttarfars sé að hver maður skuli teljast saklaus þar til sekt hans sé sönnuð og það mat sé í höndum dómstóla. Því telur stjórn HB Granda hf. að ekki sé tilefni til sérstakra viðbragða og ítrekar að hún beri fullt traust til Rannveigar.

Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarformaður N1, hefur verið ákærð vegna sömu saka og bornar eru á Rannveigu. N1 hafði áður sent frá sér tilkynningu þar sem lýst var trausti í garð hennar.

Eins og áður hefur verið greint frá sátu þær Rannveig og Margrét í stjórn SPRON árið 2008, í aðdraganda þess að bankinn varð óstarfhæfur. Stjórn SPRON og framkvæmdastjóri hafa verið ákærð fyrir lán sem veitt var fjárfestingafélaginu Existu í lok september það ár.

- jhh


**SITUR ÁFRAM** Stjórn HB Granda telur ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við setu Rannveigar í stjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Vegna niðurfellingar vörugjalds**
hafa öll helstu heimilistækin lækkað í verði um **17%** og sjónvörp, hljómtæki og annað um **20%**.

**EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA**
Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt að afnema þessi gjöld nú þegar.
Viðskiptavinir okkar þurfa því ekki að bíða eftir nýju ári til að gera hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur geta þeir nú komið í verslanir ORMSSON um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður. *Nú er lag að njóta lífsins!*




SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
SAMSUNGSETRID.IS

ORMSSON
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON.IS

# ASUS SMÁTÖLVUR

Öflugar og hljóðlátar borðtölvur sem hægt er að festa aftan á tölvuskjái.
Kraftmiklar og hraðvirkar með nýjustu kynslóð Intel örgjörva
og háhraða þráðlausri tengingu með nýrri AC tækni.




RAUNSTÆRÐ: 19 sm

## VINNUSTÖÐVAR FRAMTÍÐARINNAR

VivoPC er spennandi nýjung frá Asus. Smátölvur sem hafa afköst og eiginleika stærri borðtölva. Fyrirtæki geta valið milli Intel Celeron, i3 eða i5 örgjörva eftir því hvað hentar vinnslu viðkomandi starfsmanns best. Intel HD skjástýring og hágæða hljómur með innbyggðum hátölurum og SonicMaster hljómtækni.

Glæsilega hönnuð og tekur lítið pláss á borði - aðeins 19 sm á breidd og lengd.
Með VESA festingu er hægt að skrúfa smátölvuna aftan á tölvuskjá.

Traustur og hagkvæmur kostur fyrir þá sem vilja öflugar borðtölvur sem taka lítið pláss.




tl.is
TÖLVULISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
414-1710 / sala@tl.is

Ýmsar spurningar vöknuðu á miðvikudaginn fyrir viku:

# Allt þetta á einum degi?

Það var í nógu að snúast hjá starfsmönnum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins síðasta miðvikudag. Þeir þurftu þá að bregðast við tveimur fréttatilkynningum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og birta úrskurð um umdeilda ákvörðun sem Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hafði tekið átta mánuðum áður.

Ef við byrjum á úrskurðinum þá tengdist hann stjórnsýslukæru sem lögð var fram vegna ákvörðunar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um að banna sölu á þorrabjór sem var bruggaður úr mjöli sem er ekki ætlað til manneldis og inniheldur innyfli, þarma og þarmainnihald hvala. Bjórinn var aldrei bannaður enda tók Sigurður Ingi fram fyrir hendurnar á eftirlitinu með þeim rökstuðningi að lagagrundvöllur ákvörðunarinnar væri óljós. Átta mánuðum eftir að bjórinn seldist upp kynnti ráðuneytið úrskurð sinn um að ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands hefði verið rétt.



**Markaðshornið**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

**Hvernig geta stjórnvöld unnið í nokkur ár að gerð samninga án þess að athuga fyrst hvort þeir séu löglegir?**

Fréttatilkynningin um þessa atvinnuskapandi ákvörðun ráðherrans var enn glóðvolg þegar ráðuneytið sendi frá sér aðra frétt um að ESA teldi íslenska löggjöf um innflutning á fersku kjöti, sem er ætlað til manneldis, brjóta í bága við EES-samninginn. Niðurstaða ESA er sú að íslensk löggjöf feli í sér óréttlætanlegar og ónauðsynlegar viðskiptahindranir sem ekki sé hægt að réttlæta með þeim rökum að þær séu nauðsynlegar til að vernda líf og heilsu manna og dýra.

Þegar þarna var komið grunaði fáa að ráðuneytið ætti enn eftir að greina frá annarri fréttatilkynningu ESA um að íslensk stjórnvöld hefðu veitt ólögmæta ríkisaðstoð við gerð fimm fjárfestingarsamninga. Niðurstaða ESA í því máli er sú að samningarnir, sem gerðir voru í tíð síðustu ríkisstjórnar, hefðu verið handónýtir enda engan veginn fallið að reglum EES-samningsins um veitingu ríkisaðstoðar. Fyrirtæki sem í góðri trú sömdu við ríkið um ívilnanir vegna nýfjárfestinga þurfa því að endurgreiða tugi milljóna króna.

Á dögum sem þessum vakna ýmsar spurningar. Hvernig getur ráðherra farið gegn ákvörðun eftirlitsstofnunar og leyft sölu á matvælum sem innihalda þarmamjöl sem er ekki ætlað til manneldis? Af hverju búa íslensk innflutningsfyrirtæki og neytendur ekki við sama umhverfi og aðrir innan Evrópska efnahagssvæðisins? Hvernig geta stjórnvöld unnið í nokkur ár að gerð samninga án þess að athuga fyrst hvort þeir séu löglegir? Er það ekki fullmikið þegar kynna þarf þrjá áfellisdóma vegna misgáfulegra ákvarðana íslenskra stjórnmálamanna á einum og sama deginum?






FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FRAMKVÆMDIR AÐ HEFJAST** Fyrsta skóflustungan að nýju 93 herbergja hóteli við Þórunnartún 4 var tekin í gær. Hótelið, sem er reist af Hótelbyggingum ehf., verður þriggja stjörnu og alls 3.000 fermetrar að stærð. Magnús Einarsson, framkvæmdastjóri Hótelbygginga, segir heildarkostnað verkefnisins um 1.200 milljónir króna og að það hafi verið í undirbúningi í tæpt ár. Félagið sé í viðræðum við erlendar hótelkeðjur um mögulegt samstarf og að tilkynnt verði um þá samninga síðar.

# Hausnum stungið í gagnasand

**Skoðun**



Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri
Viðskiptaráðs

Á undanförnum vikum hefur Viðskiptaráð Íslands deilt við BSRB um þróun í fjölda opinberra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði. Þær deilur hófust í kjölfar fundar Viðskiptaráðs um ríkisfjármál þar sem fram kom að opinberum störfum hefði fjölgað hraðar en störfum á almennum vinnumarkaði á undanförnum árum. Sú þróun er varhugaverð af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi eru opinber störf fjármögnuð í gegnum skattkerfið og því mikilvægt að fjöldi þeirra haldist í hendur við þróun starfa í einkageiranum. Að öðrum kosti er fjármögnun þeirra ekki sjálfbær. Í öðru lagi dregur mikill fjöldi starfsmanna úr getu hins opinbera til að bjóða samkeppnishæf launakjör. Afleiðingin verður minni framleiðni og aukin starfsmannavelta.

Í stað þess að taka þátt í umræðu um lausnir á þessum vanda kaus BSRB að fara í hártoganir um hvort fjölgunin hafi átt sér stað hjá ríki eða sveitarfélögum og í hvaða árabili fjölgunin ætti sér stað. Þetta skýtur skökku við, enda hlýtur það að vera meginmarkmið samtakanna að tryggja samkeppnishæf starfskjör félagsmanna sinna en ekki fjölgun opinberra starfa. Þannig er hausnum stungið í sandinn fremur en að ræða breytingar sem geta snúið þessari þróun við.

**Aðgengi og áreiðanleika gagna er ábótavant**

Upplýsingar og gagnsæi knýja fram breytingar. Gott dæmi um þetta er virkni fjármálamarkaða. Fyrirtæki keppa um fjármagn og gefa út ítarlegar upplýsingar um rekstur sinn svo fjárfestar geti tekið ákvarðanir um mögulegar fjárfestingar. Liggi þær upplýsingar ekki fyrir munu fáir vilja fjárfesta í viðkomandi félagi. Þetta upplýsingaaðhald hvetur fyrirtækin enn fremur til að taka til í rekstri sínum og gera hann samkeppnishæfan við önnur félög.

> **Viðnám við breytingum er undantekningarlítið til staðar þar sem miklir hagsmunir eru í húfi.**

Hið opinbera þarf ekki að keppa um fjármagn og því eiga sömu samkeppnislögmál ekki við í rekstri þess. Rekstrarumbætur eiga sér því ekki stað nema einstaklingar beiti sér fyrir því. Virk miðlun áreiðanlegra gagna gegnir þar lykilhlutverki. Deilur Viðskiptaráðs og BSRB eru birtingarmynd þess vanda sem fylgir skorti á upplýsingamiðlun. Fullnægjandi gögn um fjölda opinberra starfa eru ekki aðgengileg og því hefur umræðan snúist um áreiðanleika gagnanna í stað þeirra umbóta sem ráðast mætti í. Afleiðing þessa er að umræðu um aukna hagkvæmni í opinberum rekstri hefur verið drepið á dreif.

**Eitt dæmi af mörgum**

Þetta er fjarri því að vera eina dæmið um skort á fullnægjandi gögnum fyrir upplýsta umræðu. Á fundi Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins í síðustu viku sagði menntamálaráðherra að sér liði eins og hann væri að stýra farþegaþotu með afar fáum mælum. Gögn um íslenska skólakerfið séu svo fátækleg að það standi breytingum fyrir þrifum. Þá hefur umræða um landbúnaðarmál liðið fyrir sama gagnaskort. Í báðum tilfellum er um að ræða málaflokka þar sem tækifæri til umbóta eru veruleg.

Viðnám við breytingum er undantekningarlítið til staðar þar sem miklir hagsmunir eru í húfi. Ef þær upplýsingar sem skipta máli fyrir ákvarðanatöku liggja fyrir er hins vegar hægt að beina umræðunni í markvissari farveg. Í öllum ofangreindum dæmum er hægt að framkvæma breytingar sem koma sér betur fyrir alla hagsmunaaðila innan kerfisins en núverandi fyrirkomulag. Til að svo megi verða þarf að gera sömu aðilum kleift að sjá skóginn fyrir trjánum.

**Án breytinga ríkir stöðnun**

Það er hluti af mannlegu eðli að vera illa við breytingar. Á sama tíma eru breytingar grunnforsenda efnahagslegra og samfélagslegra framfara. Með þetta í huga er opin og málefnaleg umræða um þau tækifæri sem við höfum til að gera betur einn helsti drifkraftur bættra lífskjara. Til að virkja slíka umræðu þarf bæði áreiðanlegar upplýsingar og lausnamiðuð viðhorf. Hvort tveggja skortir í dag. Þessu þarf að breyta nema svo ólíklega vilji til að sátt ríki um stöðnun.

# Hver er sérstaða þín á markaði?

**Hin hliðin**

Rúna Magnúsdóttir,
alþjóðlegur stjórnandi,
markþjálfi og fyrirlesari



Við lifum í heimi sem breytist hratt dag frá degi. Fyrir ekkert svo óskaplega mörgum árum var góð menntun, með góðri gráðu og nokkrum vel völdum bókstöfum fyrir aftan nafnið þitt það sem gaf þér farmiða á fyrsta klassa inn í hinn fullkomna starfsvettvang. Ef þú hafðir ofan á prófgráðuna skrifleg meðmæli frá fyrrverandi vinnuveitendum þá var lífið draumur.

**En nú er öldin önnur.**

Með tilkomu gífurlegrar fjölgunar á vel menntuðu fólki hér á landi, opnun atvinnumarkaða úti í heimi, sem og óendanlegra möguleika á verkefnum og störfum sem eiga sér stað í gegnum internetið svo og hins gífurlega hraða sem einkennir hið daglega líf, dugar einfaldlega ekki lengur að veifa prófgráðum og nokkrum meðmælum til að fá draumastarfið í hendurnar. Já, jafnvel þótt þú eigir fimm háskólagráður, eins og vinur okkar Bjarnfreðarson sagði svo eftirminnilega.

**Hver er þinn X-faktor?**

Já, til að ná athygli fólks á þér, þinni sérþekkingu og hæfileikum þarftu að sýna og segja á örstuttan og hnitmiðaðan máta hver þú ert, hvað það er sem gefur þér sérstöðu á markaði, ég kalla þetta þinn X-FAKTOR.

Þú þarft í raun að geta sett saman, helst í einni setningu hvað það er sem fær þig til að hendast fram úr rúminu á morgnana, smella þér í gírinn og takast á við verkefni dagsins af gleði og ástríðu. Ég segi ástríðu því að það eru engin ný sannindi að til þess að ná árangri í lífi og starfi þarftu hreinlega að elska vinnuna þína.

Þú veist þetta alveg upp á tíu. Ég er að tala um þig. Þú þarft „bara“ að segja hver þú ert, hvað gerir þig sérstaka/n og hvers vegna það skiptir þig máli að fá að gera það sem þú elskar að gera.

**Hvernig finnur þú þinn X-faktor?**

En er það einfalt að þekkja og geta komið sínum X-faktor á framfæri? Nei, það er hreinlega allt annað en einfalt fyrir langflest okkar að vita hvað það er sem gerir okkur einstök. Ein einfaldasta leiðin er að leggja vel við hlustir. Gefðu þér tíma til að HLUSTA vel á það sem aðrir segja við þig. Hugsaðu um þau verkefni sem þú færð oftast upp í hendurnar? Hvað einkennir þessi verkefni? Hvað er það sem aðrir sjá við að þú gætir komið með lausnina?

Athyglisverðar leiðir til að uppgötva þinn X-faktor. Farðu í gegnum 360° viðhorfsmat og fáðu innsýn í hvað samferðafólkið þitt sér við þig, „brandið“ þitt, styrkleika og hæfileika. 360° viðhorfsmatið er nafnlaus könnun sem gefur þér kristaltæra sýn á þínum X-faktor.

Taktu próf á netinu, til dæmis The Vitality Test, Wealth Dynamics eða DISC.com og fáðu dýpri innsýn í þinn náttúrulega X-faktor. Leyfðu þér að vera ÞÚ.


Make it matter.
intel inside
Kipptu kassanum með þér
HP MX-10 kassakerfislausnin
með Intel® Atom™ örgjörva Z2760
G8C31EA, F3K89AA
HP MX-10 kassakerfalausnin ásamt HP strimlaprentara, strikamerkjaskanna og peningakassa sem eru seldir aukalega.
Innbyggður strikamerkjaskanni
Innbyggður kortaskanni
Kynntu þér MX-10 kassakerfislausnina nánar á www.ok.is/mx10/
Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Atom og Intel Atom Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.
OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið
Platinum Partner
OPIN KERFI | HÖFÐABAKKA 9 | 110 REYKJAVÍK | SÍMI 570 1000 | OK@OK.IS

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 121,02 | DKK 20,563 | NOK 18,47 | CHF 126,72 |
| GBP 192,98 | EUR 153,06 | SEK 16,70 | JPY 1,13 |

**FTSE**
**6.392,68**
-102,90
**(1,58%)**

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## 10,1 MILLJARÐS KORTAVELTA

### Aukning um 21 prósent

Alls nam kortavelta útlendinga hér á landi 10,1 milljarði króna í september síðastliðnum. Það er aukning upp á rúmlega 21 prósent í krónum talið á milli ára, samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands um greiðslumiðlun.

Þessi mikla aukning kemur ekki á óvart enda voru erlendir ferðamenn einnig 21 prósenti fleiri í september en í sama mánuði í fyrra, samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu Íslands. Jafnframt er þetta sama þróunin og verið hefur samfellt í hverjum einasta mánuði í fjögur ár, eða allt frá því í október 2010.

**9.10.2014** „Við sem höfum heimsótt Evrópu og önnur lönd þekkjum sælkeraverslanir þar sem hægt er að kaupa ost, kjöt og viðeigandi vín með. Þetta er svona í mörgum löndum sem við berum okkur saman við. Í mörgum löndum sem standa okkur framar hvað varðar minni unglingadrykkju og færri vandamál tengd áfengisneyslu. Er þetta ekki eitthvað sem við eigum að ræða?“

***Unnur Brá Konráðsdóttir** alþingismaður.*



## 247 MILLJARÐA HAGNAÐUR

### Besti mánuður Benz frá upphafi

Einkar vel gengur þessa dagana hjá Daimler, eiganda bílaframleiðandans Mercedes Benz, en fyrirtækið greindi frá 29 prósenta hagnaðaraukningu á þriðja fjórðungi þessa árs miðað við sama ársfjórðung í fyrra. Hagnaður Daimler á fjórðungnum, það er frá júlí til september, nam 247 milljörðum króna. Sala Mercedes Benz-bíla hefur gengið afar vel á árinu og sækir Benz að BMW og Audi í fjölda seldra bíla.

## STJÓRNARMAÐURINN

# Af hverju ekki neitt?

Í síðustu viku voru liðin sex ár frá því að Geir Haarde bað Guð að blessa Ísland. Óhætt er að segja að á þeim sex árum sem síðan komu hafi ýmislegt gerst. Ríkisstjórnir hafa komið og farið, Ísland er land í höftum og iPadar og snjallúr eru nú, eða verða brátt, í almenningseign.

**BREYTINGAR** eru þó ekki örar á öllum sviðum, en erlent eignasafn gamla Kaupþings hefur breyst hægar en menn hefðu ef til vill spáð á haustdögum 2008. Ef eignir félagsins í Bretlandi eru skoðaðar er erfitt að draga aðra ályktun en að setja megi slitastjórnina í hóp langtímafjárfesta. Það verður að teljast nokkuð kyndugt í tilviki banka í slitameðferð, þar sem markmiðið ætti að vera að hámarka eignir búsins og ljúka skiptum á tilhlýðilegum tíma.

**NOKKUÐ ERFITT** er að nálgast heildstæðar upplýsingar um eignir gamla Kaupþings. Stjórnarmaðurinn getur þó talið eftir minni; tískuverslanakeðjurnar Karen Millen, Coast, Oasis og Warehouse, Asquith-leikskólana, tapaskeðjuna La Tasca, Stonegate-pöbbakeðjuna og Stanhope-fasteignafélagið. Allar þessar eignir og fleiri hafa verið a.m.k. að hluta í eigu gamla Kaupþings frá hruni.

Stjórnarmanninn rekur ekki minni til þess að Kaupþing hafi selt margar eignir sem telja má verulegar, frá sölunni á All Saints vorið 2011. Vera kann að smærri einingum hafi verið komið í verð síðan, og vissulega var bankinn neyddur til að losa sig við danska FIH-bankann. Að öðru leyti hefur verið nokkuð tíðindalaust úr herbúðum gamla Kaupþings.

**NOKKUÐ AÐRA SÖGU** er að segja af hinum stóru bönkunum tveimur. Þannig hafa þeir í samfloti selt tvær af sínum verðmætustu eignum – matvælakeðjuna Iceland og House of Fraser-verslanirnar.

Erfitt er að staðhæfa af hverju þessi sölutregða Kaupþings stafar. Ljóst er að það er ekki vegna áhugaleysis á þeim eignum sem að ofan eru taldar, en stjórnarmaðurinn þekkir til a.m.k. nokkurra tilvika þar sem viljugir kaupendur hafa verið fyrir hendi. Við þetta má bæta þeirri staðreynd að ytri aðstæður eru nú hagstæðar í bresku hagkerfi, og virðast ætla að vera áfram.

**Í KRINGUM SKIPTI** á íslensku bönkunum hefur orðið til einhvers konar iðnaður sem margir sækja lífsviðurværi sitt í. Sala á þessum erlendu eignum myndi þýða að margir þessara aðila, bæði innlendir og erlendir, töpuðu tilgangi sínum.

**ER ÞAÐ NEMA VON** að tregða sé innbyggð í störf manna sem að endingu hafa það að markmiði að gera sjálfa sig óþarfa?

**@stjornarmadur**


# Glös við öll tækifæri

fyrir veitingastaði með stórar og smáar veislur




ARCOJ1842
Rauðvínsglas 35cl
Axiom

ARCOJ1840
Hvítvínsglas 24cl
Axiom

ARCOJ0378
Kampavínsglas 17cl
Axiom

Mikið úrval af glösum fyrir öll tilefni - stór og smá. Þess má geta að Axiom línan frá Arcoroc er 50% sterkari en aðrar línur frá Arcoroc, þegar kemur að miklu álagi á borðbúnað vegna almennrar notkunar og slits í uppþvotti. Þetta lágmarkar áhættuna á að það kvarnist upp úr brúnum eða sprungum í gleri. Eitthvað sem skiptir alla veitingastaði máli.



DURO71671
Bjórglas á fæti 48cl
Breugel

DURO71662
Bjórglas á fæti 36cl
Breugel

ARCOE5284
Glas Trek 40cl

ARCOE5454
Glas Trek 30cl

DURO9090/07
Púrtvínsglas 7cl

KILN0025.476
Drykkjarkönnur m/ loki

KILN0025.452
Lok á drykkjarkönnu
6 lok í pakka

FASTUS_H_42.10.14

Kynntu þér úrvalið og fáðu faglega ráðgjöf hjá sérfræðingum Fastus þegar kemur að því að velja glös fyrir þinn veitingastað.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

**Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Mercedes Benz 2.3 árg. ,99. sjálfskiptur, skoðaður 15, bensín. Verð 690 tilboð 350 þús. s.6162597.

## 0-250 þús.



**ÓDÝR SPARIBAUKUR 250 ÞÚS!**
Daewoo Matiz SE-X 800 árg' 99 ek.115 þús,sk.15, nagladekk og sumardekk á felgum fylgja, fínn snattari sem eyðir mjög litu verð 250 þús s.841 8955

## 500-999 þús.



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 890ÞÚS STGR !!!**
Lexus IS 200 árg ,02. ek 175þús km. sjálfskiptur. sk ,15. ný vetrardekk. ný tímareim. smurbók frá upphafi. frábær í akstri. ásett v:1.250þús. Tilboðsverð 890þús stgr. 100% vísalán í boði. s:659-9696



**EKINN AÐEINS 110ÞÚS KM !!!**
VW Golf 1.6. árg ,05. ekinn aðeins 110þús km. bsk. sk ,15. ný vetrardekk. 5dyra. fallegur og sparneytinn bíll. ásett v:1.190þús. Tilboðsverð aðeins 890þús stgr. 100% vísalán í boði. s:659-9696



**FRÁBÆR Í VETURINN !**
Hyundai Santa fe 4x4 árg ,03. ek.165þús km. sjálfsk.. sk.'15. krókur. mjög heill og góður bíll. Vetradekk Tilboðsverð aðeins 690þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**FRAMLEIÐIR BENSÍN !!!**
Toyota Aygo 1.0 árg ,06. ek 151þús km. skoðaður ,15. beinskiptur. 5dyra. álfelgur. spoiler. mjög eyðslugrannur bíll. Tilboðsverð aðeins 690þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**DISEL - TILBOÐ 899 ÞÚS 100% VISALÁN**
VW GOLF DISEL árg 2007 6 gíra ek. 204 þús, 5 dyra, heilsársdekk, filmur álfelgur ofl. mjög góður bíll sem eyðir engu ásett verð 1390 þús TILBOÐ 899 ÞÚS möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-600 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 600 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar

**VÖRUBÍLASTÖÐ HAFNARFJARÐAR**
Getum útvegað sand og önnur fyllingarefni og fjarlægt efni úr lóðum. Höfum trailera, kranabíla og vörubíla. Getum útvegað gröfur.
**Upplýsingar veittar í síma 555 0055**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

STARFSMANNALEIGAN
Getum útvegað:
- Smiði
- Flísara
- Múrara
- Verkamenn
- Járnamenn

699-0921
www.starfsmannaleigan.is

**SMÍÐAR OG RAFMAGN. ÁRATUGAREYNSLA**
Getum bætt við ökkur verkefnum í raflögnum og smíðavinnu. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 848 6904

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 8694650



**BÍLL DAGSINS**

**Honda Civic Sedan 1.5LSi**
Nýskráður 9/1998, ekinn 137 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Bíll dagsins kr. **440.000**



PEUGEOT
**207 98g**
Nýskráður 5/2012, ekinn 29 þús.km., dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 2.490.000**



PEUGEOT
**2008 Active**
Nýskráður 9/2014, sýningarbíll frá umboði., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.465.000**



HONDA
**Jazz 1.4 LS**
Nýskráður 5/2008, ekinn 103 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.540.000**



HONDA
**CR-V Lifestyle dísil**
Nýskráður 8/2012, ekinn 149 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.590.000**



HONDA
**Civic Sport**
Nýskráður 8/2013, ekinn 11 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 3.290.000**



TOYOTA
**RAV4 GX**
Nýskráður 9/2006, ekinn 163 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.590.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 6/2012, ekinn 55 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.990.000**



MITSUBISHI
**Pajero GLX 2.5TDi**
Nýskráður 1/2004, ekinn 121 þús.km., dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 1.590.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spáði í beinni í Sunnudagsmorgnum hjá Sirrý fyrir tveimur árum. Uppl. í S. 690 8160

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Samskipti annast uppsetningu, hönnun og prentun ársskýrslna. Erum með ýmsan möguleika í bókbandi S: 5807820 eða sendu okkur fyrirspurn á sala@samskipti.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**HELLULAGNIR - MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI**
Óska eftir að ráða vana menn í vinnu við hellulagnir og til annarra starfa tengda lóðavinnu og yfirborðsfrágangi. Einnig óskast meiraprófsbílstjóri til starfa á vörubíl sem og til annarra starfa við lóðavinnu.
**Nánari upplýsingar veitir Gylfi s. 899-2962**

KORNIÐ BAKARÍ — HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT

Kornið Bakery is looking for assistants in the Bakery. Please send you job application to umsokn@kornid.is

RESTO

**NÝR VEITINGASTAÐUR!**
Óskum eftir góðu fólki til starfa. Í boði eru hádegisvaktir og kvöldvaktir í sal. Nánari upplýsingar veitir Jóhann 899 5503

VDO Borgardekk — Fljót og góð þjónusta

Óskum eftir starfsmanni á dekkjaverkstæðið hjá okkur. Viðkomandi þarf að vera vanur, áreiðanlegur og stundvís. Upplýsingar í síma 588 9747 eða á verslun@vdo.is

Castello Pizzeria

**CASTELLO PIZZERIA**
óskar eftir hraustum og duglegum starfskrafti í full og hlutastarf, þarf að vera með bílpróf. Sendið umsóknir á castello2@simnet.is eða í síma 6923051 wishes healthy and energetic Employer to full and part time work , must have drivers license. Send applications at castello2@simnet.is or call 6923051

**KAFFI KLASSÍK KRINGLUNNI**
Óskar eftir vönu fólki til afgreiðslu- og þjónustustarfa. Framtíðarstarf. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

Óskum eftir samviskusömum og duglegum einstaklingi á hjólbarða og smurþjónustu Bílkó. Nánari uppl. gefur Guðni í s. 618 0560. We are looking for experienced workers for tire season For more information contact Gudni on 692-0560

**BIFVÉLAVIRKJAR-TÆKNIMENN**
Vantar 2-3 Bifvélavirkja og tæknimenn. Góð vinnuaðstaða og laun fyrir góða menn. BSA hf Akureyri S. 460 7700 eða 660 1075 Dagbjartur

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN OG MÚRARA
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Árakur 5 - Garðabæ. 3ja herbergja íbúð til leigu**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ kl. 17.15-17.45**




Vel skipulögð 3ja herbergja 104,7 fm. íbúð á efri hæð í tveggja hæða fjölbýlishúsi í Akralandinu í Garðabæ. Sér inngangur er í íbúðina. Stórar og skjólgóðar svalir til suðurs. Rúmgóð stofa og tvö rúmgóð svefnherbergi. Stutt í skóla og leikskóla. ***Íbúðin er til afhendingar strax.*** **Leiguverð er kr. 220 þús. pr. mán**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Kelduland 9 - 4ra herbergja útsýnisíbúð.**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ kl. 17.15 - 17.45**




Falleg 85,8 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð (efstu) í Fossvoginum. Mjög stórar svalir til suðurs með nýklæddu viðargólfi og frábært útsýni yfir Fossvoginn, að Bláfjöllum, Reykjanesi og víðar. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl árum m.a. eldhúsinnrétting og tæki, innihurðir, gólfefni o.fl. Nýjar hurðir eru úr íbúðum og í stigahús. Hús að utan nýlega málað og viðgert. Frábær staðsetning við Fossvogsdalinn þaðan sem stutt er í fallegar gönguleiðir, skóla og aðra þjónustu.
**Verð 32,9 millj. Íbúð 0301, Bjarni á bjöllu. Verið velkomin.**

## til leigu

**Iðnaðarhúsnæði til leigu**



Óskum eftir leigjanda að um 200 fermetra iðnaðarhúsnæði að Malarhöfða 2. Tvær rennihurðir eru að húsnæðinu, sem eru 4.22 á hæð og 4.20 á breidd.
**Verð er um 290 þúsund**. Húsnæðið **er laust strax.**
Leigutími samkomulag en að lágmarki til 31. maí 2016.

Áhugasamir hafi samband við Viktor í síma 696-9420 eða sendist til Fréttablaðsins á netfangið: box@frett.is merkt **„Malarhöfði"**





## námskeið

**Létt og skemmtileg spænskunámskeið**

**Verða haldin í Borgartúni 1. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu verður Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi.**

**Eftirfarandi námskeið eru í boði:**
**Mánudaga og miðvikudaga frá 13:00-14:30 eða 17:30-19:00**
**Þriðjudaga og fimmtudaga frá 13:00-14:30 eða 17:30-19:00**

**Námskeiðin í boði eru:**

**20.10 - 05.11**
**21.10 - 06.11**
**Verð á mann:**
**18.500 krónur**



**Upplýsingar í s. 698 50 33 eða binsina@gmail.com**

## atvinna

**Silkiprentari óskast**

Óskum eftir að ráða starfsmann í silkiprent í fullt starf. Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á sala@bolasmidjan.is

Bolasmiðjan sérhæfir sig í merkingu stuttermabola og hefur stækkað jafnt og þétt síðastliðin ár og þarf að bæta við sig duglegum starfskrafti í okkar góða hóp.

**BOLASMIÐJAN**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT




# EIN STÆRSTA MÁLNINGARDEILD




Sadolin
**Veggmálning 5, 8 l**
Gljástig 10. Mött gæðamálning sem þekur einstaklega vel. Hentar á veggi sem þarf að þrífa oft, hægt að blanda í ljósari litum.
ALMENNT VERÐ 7.995.-

Sadolin
**Veggmálning 10, 8 l**
Mött gæðamálning sem þekur vel. Þolir vel þvott og er því tilvalin á stofur og herbergi, hægt að blanda í mörgum litum. Gljástig 10.
ALMENNT VERÐ 7.995.-

Sadolin
**Veggmálning 20, 8 l**
Hálfmött gæðamálning. Þolir vel þvott og þekur vel. Tilvalin á eldhús og baðherbergi, þar sem mikið mæðir á, hægt að blanda í þúsundum lita. Gljástig 20.
ALMENNT VERÐ 7.995.-



## UPPLIFÐU ALLA LITI HEIMSINS

Komdu í verslunina og fáðu innblástur fyrir málningarverkin úr bæklingnum okkar og litaspjöldunum. Líttu á glæsilegan sýningarvegg okkar, þar sem einnig er hægt að fá litasýnishorn sem taka má með heim. Við blöndum málninguna í þeim lit sem þú kýst og fagmenntað starfsfólk okkar veitir fúslega góð ráð og leiðbeiningar um málningarvinnuna.




**AÐ EIGIN VALI**
**6.995.-**




Sadolin
**V super 40 málning á við og járn, 1 l**
Yfirborðslag eins og eftir úðun. Slétt, slitsterkt yfirborð og einstaklega góð þekja. Hálfglansandi, með gljástig 5 eða 40.
**3.995.-**




Sadolin
**Loftmálning, 10 l**
Auðvelt að vinna með og ýrist ekki. Má einnig nota á veggi sem lítið mæðir á. Gljástig 2.
**4.995.-**



tesa
**TESA málningarlímband**
50 x 38 mm.
50 x 50 mm **995.-**
**795.-**



**Basic innipenslasett**
25 mm.
**495.-**

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 16. október til og með miðvikudeginum 22. október 2014.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



KL. 20:05
**Heimsókn**
Sindri Sindrason lítur inn hjá íslenskum fagurkerum, bæði hér heima og erlendis.

# Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:25
**A To Z**
Rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew og Zeldu og þeirra undarlega og skemmtilega ástarsambandi.



KL. 20:50
**Grey's Anatomy**
Ellefta þáttaröð þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.



KL. 21:35
**Forever**
Stórgóð þáttaröð um Dr. Henry Morgan, réttarmeinafræðing, sem á sér afar litríka og langa fortíð. Hann getur nefnilega ekki dáið.



KL. 22:45
**Cold Case**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.



KL. 20:35
**Flash**
Fyrsti þáttur hörkuspennandi þáttaseríu sem byggð er á teiknimyndaseríunni Flash Gordon.




KL. 18:00
**Dóra landkönnuður**
Við fylgjumst með Dóru og hundinum Klossa í ævintýrum þeirra yfir fjöll og firnindi.



Fáðu þér áskrift! 365.IS




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 7 | | | | 6 | 3 | |
| | 1 | | 4 | | | 9 | | |
| 5 | | 6 | 2 | | | 7 | | |
| | | | 3 | 4 | | 8 | 6 | 7 |
| | | | | 8 | 1 | | | 3 |
| | | 2 | | 7 | | | | |
| 6 | | | 1 | | 4 | 3 | | |
| 4 | 2 | 8 | | 3 | | | 5 | |
| 9 | | | | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | | | 9 | 1 | | 7 | |
| 9 | 1 | | 6 | | 2 | | | 4 |
| | | | 3 | | | 5 | | |
| 6 | 2 | | 9 | 3 | | | | 8 |
| 8 | 5 | | 2 | | | | 6 | 7 |
| | | 9 | 7 | | | 3 | | 5 |
| 4 | | 1 | | | | 6 | | |
| | 6 | | 1 | | | | | |
| | 3 | 8 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | | 1 |
| | 1 | | 8 | | | | | |
| 9 | | 2 | | 1 | | | | 8 |
| 1 | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| | | 4 | 1 | | 7 | | 6 | |
| 6 | | | | | | 9 | | |
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 7 | | | | 8 | | | | 6 |
| | | | | 5 | 1 | 2 | 9 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 | 9 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 4 | 3 | 1 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 1 | 6 | 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 4 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 8 | 1 | 9 |
| 9 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 7 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 6 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 8 |
| 7 | 9 | 8 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 4 |
| 5 | 4 | 9 | 8 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 1 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 8 | 6 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 1 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 9 | 2 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 |
| 4 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 2 | 8 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 |
| 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 5 | 1 | 7 |
| 9 | 2 | 5 | 1 | 3 | 6 | 4 | 7 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 2 | 5 | 1 | 9 | 3 |
| 1 | 4 | 3 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 6 | 4 | 5 | 9 | 8 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 5 | 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 2 | 4 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Einfaldleiki er hin fullkomna fágun."

*Leonardo da Vinci.*

## KROSSGÁTA




**LÁRÉTT**
**2.** plat, **6.** í röð, **8.** fley, **9.** næra, **11.** ullarflóki, **12.** strengjahljóðfæri, **14.** skammt, **16.** pot, **17.** bar, **18.** frjó, **20.** pfn., **21.** lokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vag, **3.** frá, **4.** trjátegund, **5.** stjórnpallur, **7.** klína, **10.** sigað, **13.** umfram, **15.** rótartauga, **16.** Skst., **19.** rás.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** jk, **8.** far, **9.** ala, **11.** rú, **12.** gítar, **14.** stutt, **16.** ot, **17.** krá, **18.** fræ, **20.** ég, **21.** laða.
**LÓÐRÉTT: 1.** kjag, **3.** af, **4.** barrtré, **5.** brú, **7.** klístra, **10.** att, **13.** auk, **15.** tága, **16.** ofi, **19.** æð.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Fabiano Caruana (2.789) hafði hvítt gegn Georg Meier (2.632) á ofurskákmótinu í Dortmund í sumar.**

**Hvítur á leik:**



**38. g6!** Svartur gafst upp enda mát eftir 38. ... Hxg6 39. Hxg6 fxg6 40. Dh6+ Kg8 41. Dg7#.
Caruna er efstur með 3½ vinning eftir fjórar umferðir.
**www.skak.is** Rússneska kvennaliðið fær ekki að keppa.

# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

## 20 ára



## INDVERSKT AFMÆLI

*5.990 kr. mán.-mið. og 6.990 kr. fim.-sun.*

### *FORRÉTTUR*

*(veljið einn)*

Jeera grillað lamb
Chicken "65"
Cafreal kjúklingur
Malwani risarækjur

### *AÐALRÉTTIR*

*(veljið þrjá)*

**Úr Tandoori ofninum**
Kalimirchi lamb
Chutneywala lamb
Lagan kjúklingur
Lasooni kjúklingur
Hariyali lax

**Aðrir aðalréttir**
Vindaloo lamb
Achari lamb
Tikka Masala kjúklingur
Kori Gassi kjúklingur
Aloo Baigan Rajawadi grænmetisréttur
Meloni Sabzi grænmetisréttur

### *MEÐLÆTI*

*(fylgir allt með)*

Blanda af Naan brauði,
Raitha, Pulao hrísgrjón
og heimalagað Chutney

### *EFTIRRÉTTUR*

*(veljið einn)*

Engifer crème brûlée
Pistasíu Kulfi

## BROT AF ÞVÍ BESTA

Í október galdra kokkarnir fram eftirlætisrétti úr 20 ára reynslubrunni Austur-Indía. Ekta indverskt afmæli í gjörbreyttum og glæsilegum veitingasal - þetta verður meiri veislan!

**Fimm rétta hátíðarmatseðill:**
**5.990 kr.** mán.-mið. og **6.990 kr.** fim.-sun.

Sérvalin vín með mat á aðeins 4.990 kr. og seiðandi afmæliskokteill á vafalítið huggulegasta bar landsins á aðeins 1.500 kr.

**Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.**

*„Einfaldlega besti indverski matur í heimi"*

*Jakob Frímann Magnússon*

# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

## INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

**Borðapantanir: 552 1630** Hverfisgata 56 Opið: sun.-fim. 17:30-22:00 og fös.-lau. 17.30-23.00



**DANCING HORIZON 1977**



**A PICTURE 1978**



**TRIANGLE 1980**

# Innskeif og rangeygð póesía

**Bókin Dancing Horizon inniheldur ljósmyndaverk Sigurðar Guðmundssonar frá árunum 1970-1982 og er þetta í fyrsta sinn sem þeim er safnað saman á bók. Sigurður hefur verið búsettur erlendis áratugum saman en segir íslenska póesíu viðvarandi áhrifavald.**



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

„Þetta er í fyrsta sinn sem þessum myndum er safnað í eina bók, en auðvitað er búið að sýna þessi verk úti um allan heim,“ segir Sigurður Guðmundsson um verkin í bókinni Dancing Horizon sem komin er út bæði á íslensku og ensku hjá Crymogeu. Í bókinni eru ljósmyndaverk Sigurðar frá árunum 1970-1982. „Verkin eru tvístruð út um allan heim en nú eru þau komin í eina bók sem inniheldur öll þessi verk í mjög góðu formi, fín prentun, réttar upplýsingar og þessum verkum hafa aldrei verið gerð jafn góð skil og í þessari bók.“

Þessi verk spanna tólf ára tímabil, hvers vegna hvarfstu frá þessu formi eftir þann tíma? „Kannski tæmdi ég þetta svið fyrir sjálfan mig, kannski átti ég á hættu að fara að endurtaka mig, ég veit það ekki. Ég haga mér pínulítið eins og dýr; fer svangur í eitthvað en leita svo að einhverju grænna hinum megin við girðinguna eftir ákveðinn tíma. Annars hugsa ég aldrei svoleiðis. Eina hugsunin er: mig langar, mig langar! Síðan geri ég það.“

### Ómálga löngun

Sigurður bjó í Hollandi lengst af þessu tímabili, en var þá þegar orðinn alþjóðlega þekktur myndlistarmaður og ferðaðist víða til að sýna. „Já, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum þá varð ég þekktur um 1975-6, en ég þurfti þó að vinna með listinni þrátt fyrir það. Þannig var þetta þá. Ef þú verður þekktur í dag þá ertu eins og skot orðinn milljónamæringur því frægðin er aðalsöluvaran, eins hallærislega og það nú hljómar.“

Hvers vegna byrjaðirðu að vinna með ljósmyndaformið? „Það hef ég ekki hugmynd um. Maður hefur einhverja ómálga löngun sem leitar í rólegheitum að sínu formi. Það sem þú sérð á þessum myndum hefði ég ekki getað málað, það hefði orðið mjög hallærislegt og myndi ekki virka. Vídeóið var ekki komið á þessum tíma þannig að þetta var allt tekið á filmur. Ég bjó til þessar aðstæður úti á grasbletti eða inni í herbergi og allar myndirnar voru teknar á þrífæti eftir að ég hafði raðað upp í þær. Fyrst planaði ég þær í smáatriðum í hausnum og hjartanu enda hefur alltaf verið mikil forvinna að mínum verkum, þótt fæst af því sé til á blaði eða sjáanlegt. Ég reyni að vinna verkið sem mest á því sviði þangað til það smellur saman á einhverju mómenti og þá framkvæmi ég það. Ég er alls ekkert góður ljósmyndari, gildi og framgangur verkanna liggur ekki í því, heldur sennilega í eins konar heimspekilegri póesíu sem allar þjóðir geta notið. Hún liggur alfarið fyrir utan þennan litla þjóðlega reit sem allir búa á, enda líður mér sem einstaklingi best með það að vera útlendingur, vera ekki einnar þjóðar maður.“

### Háður því að vera útlendingur

Sigurður hefur búið í Xiamen í Kína undanfarin átján ár, en bjó þar áður lengi í Hollandi og hefur haft búsetu víðar. Hvers vegna ákvað hann að setjast að í Kína? „Ég spyr ekki sjálfan mig slíkra spurninga. Þetta æxlast bara svona. Ég kom fyrst til Kína 1997, var þar í nokkrar vikur, horfði í kringum mig og hugsaði: ég verð bara hér. Síðan hef ég búið þar.“

Sigurður segist vera orðinn útlendingur á Íslandi og reyndar alls staðar. „Ég er orðinn svo háður því að vera útlendingur. Mér þykir óþægilegt þegar maður fer að eiga sitt landslið og svona. Ég lenti í smá tilvistarkreppu í gær þegar Ísland og Holland voru að keppa í fótbolta, með hverjum átti ég að halda? Það er betra að vera laus við það. Auðvitað eru þetta allt saman ágætis lönd, en það er ekki hægt að bera lönd saman frekar en manneskjur. Það hafa allir svo ólíka eiginleika“

Meinarðu að það sé nauðsynlegt fyrir þig sem listamann að horfa á heiminn með augum útlendingsins? „Kannski, já. Það hentar mér voðalega vel. Það felst eitthvert frelsi í því og andlega hliðin er mjög interessant. Ég næ betri einbeitingu þegar ég er engrar þjóðar. Ef við tökum verkin í Dancing Horizon sem dæmi þá var hollenska pressan alltaf að hæla mér fyrir að sýna íslenskt landslag í Hollandi, en það er engin mynd frá Íslandi í þessari bók, þetta var allt gert í Hollandi.“

### Spesíalisti í tilfinningum

Lily van Ginneken talar um það í inngangi að bókinni að það sé tilfinningin sem sé þungamiðjan í þessum verkum. „Já, það er það sem ég vinn með. Ég vinn ekki með neinar sögulegar staðreyndir eða tek vitsmunalegar ákvarðanir í sambandi við það hvernig verkin þróast. Tilfinningin er miklu meira akkúrat heldur en vitsmunirnir, þeir eru miklu ónákvæmari. Þú getur aldrei doblað tilfinninguna neitt. Ef þú ert ástfanginn þá ertu bara ástfanginn, en það verðurðu ekki þótt þú lesir allt um ástina. Ég hef notað þetta alla mína tíð og kannski er ég spesíalisti í tilfinningum, það gæti alveg eins verið, en þetta er reyndar í fyrsta skipti sem ég geri mér grein fyrir því.“

Þú ert nú samt oft ansi vitsmunalegur í bókunum sem þú skrifar. „Bækurnar eru geðklofalegar. Þá lifi ég rasjónal lífi en klóna um leið fólk út úr sjálfum mér. Skrifa skáldskap sem er alveg jafn raunverulegur og hinn svokallaði raunveruleiki sem alltaf er meira og minna skáldaður af okkur sjálfum.“

Sigurður vill ekki gangast við því að verk hans séu eitthvað sérstaklega íslensk, nema að einu leyti. „Íslensk póesía er viðvarandi áhrifavaldur í mínum verkum. Mér finnst ekkert verk eftir mig heppnast nema það sé póetískt. Ekki lýrískt, það má ekki rugla því saman. Lýríkin er alltaf falleg, alltaf svo mjúk og fín, en póesían getur verið innskeif og rangeygð en samt virkað. Það er mín deild. Mín póesía er pínulítið heimspekilegs eðlis, svona heimspekilegar tilfinningar, og fjallar voða lítið um dægurmál. Samt er það hið daglega líf hjá venjulegu fólki sem höfðar mest til mín. Þangað sæki ég póesíuna í verkin mín.“

Hvaða áhrif leitastu við að hafa á viðtakendur verka þinna? „Ef þú hrífst af listaverki, mínu eða annarra, þá verðurðu hrærð og þú hreyfist. Færist á örlítið annan stað í tilvistinni. Það er þetta ferðalag sem listin snýst um.“



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON** „Kannski er ég spesíalisti í tilfinningum, það gæti alveg eins verið, en þetta er reyndar í fyrsta skipti sem ég geri mér grein fyrir því.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

➜ Sigurður Guðmundsson
Dancing Horizon
Ljósmyndaverk Sigurðar Guðmundssonar 1970-1982
Ritstjóri er Kristín Dagmar Jóhannesdóttir
Inngang ritaði Lily van Ginneken
Bókarhönnun: Arnar Freyr Guðmundsson

VÖRU-
GJÖLD
AFNUMIN

# FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

## ORMSSON HEFUR AFNUMIÐ **VÖRUGJÖLD** Í ÖLLUM VERSLUNUM SÍNUM FYRSTIR ALLRA

**Vegna niðurfellingar vörugjalds hafa öll helstu heimilistækin lækkað í verði um 17% og sjónvörp, hljómtæki og annað um 20%.**

MÍNUS 20%



**SAMSUNG**

UE**32/40/48**H5005
LED SJÓNVARP · 100 Hz.
Full HD 1920x1080p · Mega skerpa · Afspilun USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist · Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2

**32"** **87.920** áður 109.900
**40"** **111.920** áður 139.900
**48"** **151.920** áður 189.900

MÍNUS 20%



**SAMSUNG**

UE**48**H6675
LED SJÓNVARP · 600 Hz. · Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV · Gervihnatta móttakari · Micro Dimming · Gervihnatta móttakari

**48"** **229.920** áður 287.400

MÍNUS 20%



**SAMSUNG**

UE**32/40/55/65**H6475
LED sjónvarp · 400 CMR (rið)
3D · smart TV með þráðlausu neti.

**32"** **119.920** áður 149.900
**40"** **151.920** áður 189.900
**55"** **279.920** áður 349.900
**65"** **519.920** áður 649.900




MÍNUS 20%

**SAMSUNG**

UE**46/55/65**H8005
LED SJÓNVARP · 1000 Hz. · Full HD 1920x1080p SMART TV · CURVED

**46"** **399.920** áður 499.900
**55"** **511.920** áður 639.900
**65"** **719.920** áður 899.900

## EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA

Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt að afnema þessi gjöld nú þegar. Fólk þarf því ekki að bíða eftir nýju ári til að gera hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur getur þú nú komið í verslanir ORMSSON um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður.

**SAMSUNG SETRIÐ**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**

**SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is**
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10–18 · LAUGARDAGA KL.12–16

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is**
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10–18 · LAUGARDAGA KL.11–15

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GONE GIRL | KL 4.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| GONE GIRL LÚXUS | KL 4.45 - 8 | 16 |
| DRACULA | KL 5.45 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE EQUALIZER | KL 8 - 10.45 | 16 |
| THE MAZE RUNNER | KL 5.30 - 8 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 | 12 |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| SMÁHEIMAR 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GONE GIRL | KL 5.45 - 9 | 16 |
| THE EQUALIZER | KL 9 | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| BOYHOOD | KL 5.45 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 6 - 9 Q&A | 14 |

LAUGARÁSBÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| GONE GIRL | 7, 10 | 16 |
| DRACULA UNTOLD | 8, 10 | 16 |
| SMÁHEIMAR | 5:40 | L |
| WALK AMONG TOMBSTONES | 5:40, 8, 10:20 | 16 |

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 - 10:10 | L |
| THE ANGRIEST MAN IN BROOKLYN | KL. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| ANNABELLE | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| ANNABELLE VIP | KL. 5:40 - 10:20 | VIP |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 9 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 6:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| THE ANGRIEST MAN IN BROOKLYN | KL. 10:20 | 12 |
| ANNABELLE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DRACULA UNTOLD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 | L |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 5:40 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MACBETH ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 | L |
| ANNABELLE | KL. 10:40 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 9:30 | L |
| IF I STAY | KL. 10:20 | 12 |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 - 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 8 | L |
| GONE GIRL | KL. 8 | 16 |
| ANNABELLE | KL. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 | L |
| THE ANGRIEST MAN IN BROOKLYN | KL. 10:20 | 12 |
| ANNABELLE | KL. 10 | 16 |
| AFINN | KL. 8 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 6 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

# Skaut á Madonnu

Indírokkarinn Ariel Pink segir að plötufyrirtækið Interscope hafi haft samband við sig og beðið hann um að vinna í nýju plötunni með Madonnu.

„Þá vantaði eitthvað ögrandi. Þau vantar alvöru lagasmíðar. Hún getur ekki einfaldlega fengið einhvern handahófskenndan pródúsent til að búa til nýtt teknólag svo að hún geti hrist sig og þóst vera 20 ára," sagði Pink, sem segist telja að Madonna hafi verið á niðurleið síðan hún gaf út fyrstu plötuna sína.

Ummælin kveiktu miklar umræður á Twitter þegar söngkonan Grimes gagnrýndi Pink harðlega. „Ranghugmyndirnar og kvenhatrið í Ariel Pink eru einkennandi fyrir kjaftæðið sem allar konur í þessum bransa þurfa að kljást við á hverjum degi," ritaði hún.

Umboðsmaður Madonnu svaraði síðan að hvorki hann né Madonna hefðu heyrt um Pink. „Hún hefur ekki áhuga á að vinna með hafmeyjum."

- þij

# Snjallsímaleysið

**BAKÞANKAR**
Viktoríu Hermannsdóttur



Fíni iPhone-snjallsíminn minn bilaði um helgina. Sem er kannski ekki í frásögur færandi þar sem ég fer örugglega að eiga Íslandsmet í bilanatíðni þessara síma (ekki mér að kenna – pottþétt galli í hönnuninni).

**SNJALLSÍMINN** fór í viðgerð og í staðinn fékk ég ósnjallan Nokia-síma. Það er hægt að komast á netið á honum en það tekur svo langan tíma að ég fer ekki inn á það, hann er með tökkum og gamla góða Nokia-hringingin hljómar frá honum.

**SNJALLSÍMALEYSIÐ** hefur fært mig aftur til einfaldari tíma þegar maður gerði eitthvað annað en að stara stanslaust á símann. Ekkert Snapchat eða Instagram til þess að eyðileggja einbeitingu eða tölvupóstur og Facebook-skilaboð að trufla venjulegar samræður.

**ÁN ÞESS AÐ** við áttum okkur á því, eða kannski áttum við okkur alveg á því en viljum ekki viðurkenna það; þá er mín kynslóð og kynslóðirnar í kring nefnilega hættar að lifa eðlilegu lífi. Við lifum í gegnum símann. Þetta litla tæki sem færir okkur heiminn í gegnum skjáinn er nefnilega að skerða lífsgæði okkar töluvert.

**Í STAÐ** þess að njóta þess að horfa á útsýnið tökum við mynd af því, hendum á það filter og dúndrum því inn á Instagram og bíðum eftir like-um. Við erum hætt að geta notið þess að borða góðan mat því við verðum að taka mynd af honum og deila með heiminum. Partí fara líka að miklu leyti fram í gegnum síma þar sem þarf að taka sem flestar myndir svo allir sjái hvað það er gaman og við eigum örugglega nóg af minningum frá gleðinni en á sama tíma gleymum við að skemmta okkur.

**VIÐ ERUM** í stöðugu sambandi við umheiminn en nánast engu við þá sem eru rétt við hliðina á okkur. Ég er að segja ykkur það, þessir snjöllu símar eru að rústa lífi okkar.

**ÞÓTT ÉG** eigi örugglega eftir að snúa til snjallsímans á ný þá hefur þetta verið ágætis áminning um að leggja stundum símanum og lifa lífinu – fyrir utan skjáinn.

# Íslendingar fengu hlutverk í rómantískri, þýskri mynd

Sumar á Íslandi er hluti af rómantískri myndaröð þýsku stöðvarinnar ZDF um heimsóknir til ýmissa landa. Kristbjörg Kjeld og Jóhann Sigurðarsson á meðal leikara. Tökumenn fengu sýnishorn af íslenskri veðráttu.



**SPJALLAÐ SAMAN** Kristbjörg Kjeld ásamt aðalleikkonunni Catherine Bode. MYND/ZDF

„Í stórum dráttum ganga sjónvarpsseríurnar út á að Þjóðverji kemur til einhvers lands, lendir í alls konar ævintýrum og verður ástfanginn. Það sama er uppi á teningnum á Íslandi," segir Fahad Jabali, framleiðslustjóri sjónvarpsmyndarinnar Sommer im Island, sem þýska sjónvarpsstöðin ZDF framleiðir.

Myndin er hluti af röð sjónvarpsmynda frá ZDF sem eru teknar upp í hinum ýmsum löndum og var á dagskrá stöðvarinnar síðastliðið sunnudagskvöld.

Auk leikstjórans, fulltrúa framleiðslufyrirtækisins og kvikmyndatökumannsins eru aðalleikkonurnar þýskar, eða þær Catherine Bode og Heike Trinker, sem leikur reyndar íslenska konu að nafni Freyja. Hvorug er stórstjarna en báðar þekkt andlit í Þýskalandi. Kristbjörg Kjeld, Jóhann Sigurðarson og Erla Brynjarsdóttir eru í nokkuð burðugum hlutverkum, sérstaklega Kristbjörg, sem leikur konu með tengsl við álfa. Aukaleikararnir eru íslenskir. Aukinheldur er íslenskt landslag í stóru hlutverki.

Í myndinni tala íslensku leikararnir óaðfinnanlega þýsku en raddirnar koma að vísu ekki úr þeirra barka heldur kollega þeirra í Þýskalandi. Fahad, sem tók að sér framleiðslustjórn Sommer im Island fyrir TrueNorth ehf., segir allt hafa verið afskaplega vel undirbúið eins og Þjóðverja sé von og vísa.

„Veðrið gátu þeir þó ekki skipulagt og fengu sýnishorn af alls konar veðri. Þeir vonuðust eftir sól allan tímann en því gátum við auðvitað ekki lofað. Myndin er 90 mínútur að lengd eins og aðrar í þessari seríu, sem ZDF hefur gert í mörgum löndum," segir Fahad. Þótt mest væri tekið á suðvesturhorninu var komið víða við, t.d. á Þingvöllum, bóndabæ rétt hjá Akranesi og í fjörunni við Vík. Spurður hvort myndirnar í seríunni séu svolítið í ætt við svokallaðar póstkortamyndir fyrir túrista vill Fahad hvorki játa því né neita. „TrueNorth fékk fyrirspurn um fyrirgreiðslu og þjónustu frá framleiðslufyrirtæki ZDF í desember 2013 og tökur stóðu yfir í 22 daga síðastliðið vor. Allt gekk greiðlega fyrir sig, enda aðstandendur myndarinnar vanir menn," segir hann. „Fyrir þá var verkefnið hálfgerð rútína, handritið tilbúið, búið að ráða þýsku leikarana og við búnir að ráða þá íslensku og aðra starfsmenn svo sem leikmyndahönnuð og aðstoðarleikstjóra."

valgerdur@frettabladid.is

## ➜ Draumaprinsar á Íslandi

Söguþráðurinn gengur í stórum dráttum út á að aðalsöguhetjan, Jette, gengur á land í Stykkishólmi og er fyrr en varir búin að hitta draumaprinsinn. Í farangri Jette er aska Rosalie frænku hennar, sem einnig hafði hitt sinn draumaprins þegar hún réð sig í vinnu á Íslandi eftir stríðið. Hún sneri þó aftur til síns heima – makalaus. Hinsta ósk frænkunnar var að hvíla hjá stóru ástinni í lífi sínu að jarðvist beggja lokinni. Jette tekur sér fyrir hendur að uppfylla ósk frænku sinnar.

➜ Sjónvarpsmyndin Sumar á Íslandi hverfist um ástir og örlög. Álfar, tröll og Eyjafjallajökull koma líka við sögu.

# Ljósmyndari og geðlæknir skrifa skáldsögu

Gísli Dúi Hjörleifsson og Mikkel Vossen Rasmussen skrifa bók um týndan geimfara á Íslandi.

Gísla Dúa Hjörleifssyni ljósmyndara og danska geðlækninum Mikkel Vossen Rasmussen varð vel til vina þegar þeir voru nágrannar í Árósum fyrir fimm árum. Í kjölfarið fóru þeir í ferðalag um Ísland þar sem Gísli Dúi var að viða að sér efni í ljósmyndabók.

„Hugmyndin að vísindaskáldsögunni The Lost Astronaut eða Týnda geimfaranum kviknaði á ferðalaginu. Við ákváðum að vinna frekar saman að bók, sem væri hvort tveggja ljósmyndabók og vísindaskáldsaga með geimfara og íslenska náttúru í aðalhlutverkum. Mikkel kom enda margt undarlega fyrir sjónir í ferðinni og hafði á orði að sér liði stundum eins og geimveru á Íslandi," segir Gísli Dúi. „Þess vegna er bókin næstum því sannsöguleg," bætir hann við.

Þótt Mikkel, höfundur sögunnar, skrifi á dönsku, kemur fyrsta prentun út í enskri þýðingu. Þeir félagar hafa verið með bókina í smíðum í fjögur ár og verkaskiptingin er skýr: Auk þess að taka ljósmyndirnar sinnir Gísli Dúi hvers kyns utanumhaldi; myndböndum, auglýsingum og því um líku. Mikkel er hins vegar höfundur sögunnar og jafnframt fyrirsæta Gísla Dúa. „Það kom sér vel að hann hafði fjárfest í grænum geimferðabúningi í Rússlandi löngu áður en vísindaskáldsagan varð að hugmynd. Hjálminn keyptum við hins vegar dýrum dómum á netinu," segir Gísli Dúi.

Hugmyndin að baki bókinni er m.a. sú að hún höfði til túrista, sem geti lesið söguna sér til ánægju og jafnframt gagns á ferðum sínum um landið. GPS-punktarnir við myndirnar eigi svo að leiðbeina þeim á söguslóðir. Til að eiga upp í útgáfukostnað leita Gísli Dúi og Mikkel styrktaraðila og áheita á Karolina Fund.

- vþj



**FYRIRSÆTAN** Mikkel vísindaskáldsöguhöfundur og fyrirsæta Gísla Dúa ljósmyndara.

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!









**2198** kr. kg
ÍSLENSKT
KS hálfur lambahryggur

**1298** kr. kg
ÍSLENSKT
KS lambaöxl (snyrtur lambabógur)

# NÝTT FERSKT LAMBAKJÖT úr Skagafirði







**1698** kr. kg
ÍSLENSKT
KS lambalæri án mjaðmabeins

**3998** kr. kg
ÍSLENSKT
KS lambakóróna

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

## Ronaldo bjargaði Portúgal



**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo var hetja sinna manna í portúgalska landsliðinu í gærkvöldi þegar það vann Danmörku, 1-0, á Parken í Kaupmannahöfn. Markið skoraði Ronaldo með skalla á fimmtu mínútu í uppbótartíma, en sigurinn var kærkominn eftir tapið óvænta fyrir Albaníu í fyrstu umferð.

John O'Shea var einnig hetja sinna manna í írska landsliðinu þegar hann náði í stig fyrir Írana á útivelli með marki í uppbótartíma eftir að Toni Kroos hafði komið heimsmeisturunum yfir. Írarnir fögnuðu gífurlega, en þeir eru á toppi riðilsins ásamt Pólverjum með sjö stig.

Ótrúlegt atvik kom upp í leik Serba og Albana þar sem dróni með albanska fánann flaug yfir völlinn. Þegar Stefan Mitrovic, miðvörður Serba, tók flaggið niður varð allt vitlaust og þurfti Martin Atkinson, dómari leiksins, að blása hann af.

## Hann flautaði bara út af einhverju

**FÓTBOLTI** „Þetta var bara mark. Dómarinn flautar bara ósjálfrátt. Hann veit ekki sjálfur á hvað hann flautar," sagði Ólafur Karl Finsen, vængmaður Íslands, um dóminn umdeilda í leiknum.

Spurður hvort markmenn væru heilagir svaraði hann:„Mér sýnist það vera þannig. Hann vissi ekki hvað var að. Hann flautaði bara út af einhverju."

Ljós er að markið hefði komið okkar strákum í góða stöðu þar sem Danir hefðu þurft að sækja enn meira og opna sig til baka.

„Þetta hefði farið langleiðina með þetta, en svona er þetta sport. Það er ekki hægt að væla yfir þessu núna. Þetta var mjög erfiður leikur líkamlega og andlega. Mér fannst okkur takast þetta ágætlega. Það var farið af draga af mér í endann," sagði Ólafur Karl.

Hann segir Danina mjög góða. „Þeir eru mjög sterkir. Það eru kannski einhverjir að vanmeta þá af því að þetta er ekki Spánn eða Portúgal, en þeir hafa sýnt það að þeir eru heimsklassalið. Við þurftum 100% einbeitingu í að halda þeim frá markinu, en því miður tókst þetta ekki alveg," sagði Ólafur Karl. - iþs



**BROT?** Ólafur Karl Finsen var dæmdur brotlegur í þessu atviki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Evrópumeistararnir úr leik

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Spánar verja ekki titil sinn á EM U21 árs landsliða í Tékklandi næsta sumar. Þeir töpuðu, 1-2, á heimavelli gegn Serbum í umspilinu í gærkvöldi og féllu úr leik á sömu markatölu eftir markalaust jafntefli í fyrri leiknum. Spánn hefur unnið síðustu tvö Evrópumót.

Svíar komu til baka eftir 2-0 tap gegn Frökkum. Þeir unnu 4-1 í gær og komust á EM ásamt: Ítalíu, Englandi, Þýskalandi, Portúgal, Dönum og vitaskuld gestgjöfum Tékka. Mótið fer fram næsta sumar. - tom

**Ísland 1-1 Danmörk**

**Laugardalsv.**
Áhorf: 2.503
**István Vad, Ungverjal. (6)**

**Mörkin:** 0-1 Nicolaj Thomsen (90.), 1-1 Hólmbert Aron Friðjónsson (90.+2, víti).

**ÍSLAND (4-3-3):** Fredrik August Schram - Orri Sigurður Ómarsson, Sverrir Ingi Ingason, Brynjar Gauti Guðjónsson, Hjörtur Hermannsson - Andri Rafn Yeoman, Þorri Geir Rúnarsson, Guðmundur Þórarinsson - Arnór Ingvi Traustason (90. Árni Vilhjálmsson), Ólafur Karl Finsen (90. Emil Atlason), Hólmbert Aron Friðjónsson.

**DANMÖRK (4-3-3):** Jakob Jensen - Alexander Scholz, Jores Okore, Jannik Vestergaard, Jonas Knudsen - Andreas Christensen, Lasse Christensen, Nicolaj Thomsen - Danny Amankwaa (90. Frederik Sörensen), Youssef Toutouh, Andreas Cornelius.

**Skot (á mark):** 7-19 (1-5) **Horn**: 1-9
Varin skot: Fredrik 4 - Jensen 0

## ÚRSLIT

### D-RIÐILL

**ÞÝSKALAND - ÍRLAND 1-1**
1-0 Toni Kroos (71.), 1-1 John O'Shea (90.+1)
**GÍBRALTAR - GEORGÍA 0-3**
**PÓLLAND - SKOTLAND 2-2**
**Staðan:** Pólland 7, Írland 7, Skotland 4, Þýskaland 4, Georgía 3, Gíbraltar 0.

### E-RIÐILL

**SAN MARINÓ - SVISS 0-4**
**Staðan:** England 9, Slóvenía 6, Litháen 6, Sviss 3, Eistland 3, San Marínó 0.

### F-RIÐILL

**FÆREYJAR - UNGVERJALAND 0-1**
**FINNLAND - RÚMENÍA 0-1**
**GRIKKLAND - N-ÍRLAND 0-2**
**Staðan:** Norður-Írland 9, Rúmenía 7, Finnland 4, Ungverjaland 4, Grikkland 1, Færeyjar 0.

### I-RIÐILL

**DANMÖRK - PORTÚGAL 0-1**
0-1 Cristiano Ronaldo (90.+5).
**SERBÍA - ALBANÍA LEIK HÆTT**
Staðan: Danmörk 4, Albanía 4, Portúgal 3, Serbía 1, Armenía 1.






**AFSAKIÐ ÞETTA** Stjórnumaðurinn fyrrverandi, Alexander Scholz, þakkar niðurlútum fyrirliða Íslands, Sverri Inga Ingasyni, fyrir leikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Danir gerðu út um drauminn

**Danmörk tryggði sér farseðilinn á Evrópumót U-21 árs landsliða í Tékklandi á næsta ári á kostnað Íslands. Liðin skildu jöfn á Laugardalsvelli í gær með einu marki gegn einu, en umdeilt atvik hafði mikil áhrif.**

**FÓTBOLTI** Ferðalag íslenska U-21 árs landsliðsins í fótbolta í undankeppni EM 2015 tók enda á Laugardalsvellinum í gær. Eftir að Íslendingar höfðu haldið markinu hreinu í þrjá klukkutíma skoruðu Danir á 90. mínútu.

Það var að verki Nicolaj Thomsen með skoti af stuttu færi. Íslenska liðinu tókst að jafna leikinn þegar Hólmbert Aron Friðjónsson skoraði af vítapunktinum, en það kom of seint. Danir fóru áfram á marki skoruðu á útivelli.

**Umdeild ákvörðun**

Leikurinn hefði getað farið á annan veg ef ungverski dómarinn István Vad hefði dæmt mark Ólafs Karls Finsen á 81. mínútu gilt. Erfitt var að sjá hvað Vad fannst athugavert við markið, en Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari, var að vonum óánægður þessa ákvörðun:

„Þetta er virkilega sorglegt og sérstaklega þar sem við skoruðum löglegt mark," sagði Eyjólfur eftir leikinn, en hann kvaðst stoltur af frammistöðu íslenska liðsins í leikjunum tveimur.

„Strákarnir voru sprækir í þessum leik og stóðu sig virkilega vel í einvíginu gegn gríðarlega öflugu liði Dana. Þetta er mjög svekkjandi og strákarnir áttu meira skilið," sagði landsliðsþjálfarinn.

**Enginn sóknarleikur**

Líkt og í fyrri leiknum voru Danir mun meira með boltann og stjórnuðu ferðinni. Þeim gekk samt mun betur að skapa sér færi en í leiknum í Álaborg.

Fredrik Schram, sem stóð í íslenska markinu í stað Rúnars Alex Rúnarssonar sem var meiddur, þurfti nokkrum sinnum að taka á honum stóra sínum, auk þess sem dönsku leikmennirnir hittu ekki íslenska markið í upplögðum færum.

Sóknarleikur Íslands var, líkt og í fyrri leiknum, varla til staðar. Íslenska liðinu gekk illa að halda boltanum og sóknir þess voru fáar og ómarkvissar. Ekki bætti úr skák að íslensku leikmennirnir fóru illa með föst leikatriði í einvíginu.

Íslendingar áttu sinn besta kafla í einvíginu í upphafi seinni hálfleiks í gær, þegar boltinn gekk betur og liðið þorði að sækja. „Við tókum vel á því, sérstaklega í seinni hálfleik," sagði Eyjólfur sem gerði fyrstu skiptingar sínar í einvíginu í uppbótartíma í leiknum í gær. Spurður um ástæðu þess svaraði hann:

„Þetta gekk vel og þá er maður ekki að breyta miklu. Við vorum að velta þessu fyrir okkur. Það voru tveir leikmenn sem voru orðnir lúnir, en þeir eru jafnframt góðar vítaskyttur svo við ákváðum að bíða aðeins og skoða þetta eftir venjulegan leiktíma," sagði Eyjólfur. Honum gafst því miður ekki tækifæri til þess. ingvithor@365.is

# Við viljum verja gullin á heimavelli okkar

**Evrópumeistaramótið í hópfimleikum hefst í Laugardalshöllinni í dag. Fimm íslensk lið taka þátt í því.**

**FIMLEIKAR** „Nú síðustu dagana snúast æfingarnar aðallega um að fínstilla síðustu atriðin," segir Ása Inga Þorsteinsdóttir, yfirþjálfari íslensku hópfimleikalandsliðanna, sem verða í eldlínunni á Evrópumeistaramótinu sem hefst í Laugardalshöllinni í dag. Að baki er langur og strangur undirbúningur sem hófst með úrtökuprófum í janúar.

„Fram að sumri æfðu liðin 2-4 sinnum í viku en frá því í júní hafa þau æft 4-6 sinnum í viku og sum oftar. Þetta hefur gengið svakalega vel og verður að gaman að sjá hver útkoman verður."

Ísland á titil að verja í bæði kvenna- og stúlknaflokki í hópfimleikum auk þess sem kvennaliðið varð einnig meistari árið 2010. Ása Inga segir að sú reynsla komi sér að góðum notum nú.

„Hún gerir það svo sannarlega en þegar svo stutt er í keppni skiptir mestu máli að hugarfarið og hausinn sé í lagi," segir Ása Inga, sem á von á harðri keppni í öllum flokkum. „Eftir að hafa séð bæði danska liðið og það sænska á æfingum, sem eru sterkustu liðin ásamt okkur, er ljóst að þetta verður hörkukeppni og mun koma til með að ráðast af því hverjir lenda stökkunum sínum best. Þetta verður í raun bara keppni í lendingum," segir Ása Inga.

Alls er keppt í sex flokkum og á Ísland lið í fimm þeirra. Ísland á einungis ekki fulltrúa í karlaflokki en sendir drengjalið til þátttöku í fyrsta sinn.

„Við viljum fyrst og fremst að strákarnir öðlist reynslu af því að taka þátt í svona stóru móti og erum við með örlítið aðrar áherslur fyrir þá," segir hún en bætir við að kvenna- og stúlknaliðin ætli sér vitanlega stóra hluti á heimavelli.

„Markmið okkar er að allir geri sitt hundrað prósent. Ef okkur tekst það og við verðum ánægð með þær æfingar sem við gerum þá er góður möguleiki á því að við tökum gull. Og auðvitað ætla þær sér að vinna gullið á heimavelli."



**ÁNÆGÐ MEÐ UNDIRBÚNINGINN** Ása Inga Þorsteinsdóttir hefur staðið í ströngu síðustu mánuðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ása Inga segir að öll umgjörð í kringum mótið hafi verið til fyrirmyndar en glæsilegri áhorfendaaðstöðu hefur verið komið fyrir í Laugardalshöllinni. „Nú vantar bara Íslendinga í stúkuna. Því miður er enn útlit fyrir að það verði fleiri útlendingar en Íslendingar í pöllunum en við vonum að miðasalan taki kipp nú þegar veislan byrjar." - esá

# Opnunartilboð

**13.-18. október að Bíldshöfða 10**




## LIQUI MOLY

Olíur og efnavörur fyrir bíla

**25%** afsláttur

## TRICO

Með hverjum tveimur Trico rúðuþurrkum fylgja 5 lítrar af Vaski rúðuvökva




## Wonder Wheels

Kauptu tvo brúsa af Wonder Wheels bílavörunum og sá þriðji fylgir með að eigin vali.

**3 fyrir 2**

Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu

## Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.05
**Heimsókn**

Sindri Sindrason snýr aftur og lítur inn hjá íslenskum fagurkerum, bæði heima og erlendis.

## Í KVÖLD



**A-Z**

**STÖÐ 2 KL. 20.25** Frábærir nýir rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu en hans helsti draumur er að hitta draumakonuna.



**Grey's Anatomy**

**STÖÐ 2 KL. 20.50** Ellefta þáttaröð þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



**Dark Knight Rises**

**BÍÓ KL. 22.00** Stórmynd með Christian Bale og Anne Hathaway í aðalhlutverkum. Átta ár eru liðin síðan Batman tók á sig ábyrgðina fyrir glæpi glæpaforingjans Two Face. Nú er kominn nýr hryðjuverkaleiðtogi fram á sjónarsviðið, Bane, en hann vekur ógn og skelfingu í Gothamborg.

## Bylgjan kl. 16.00
**Reykjavík síðdegis**

Málefni líðandi stundar á Íslandi. Þorgeir, Kristófer og Bragi í Reykjavík síðdegis fram að kvöldfréttum.




ÞÍN STUND
ÞINN STAÐUR




TIMEOUT hægindastóll. Svart leður og hnota.
STÓLL TILBOÐSVERÐ 254.990
SKEMILL TILBOÐSVERÐ 67.990

TIMEOUT FÆST Í MÖRGUM ÚTFÆRSLUM.

CONFORM®

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 og Skeiði 1
Ísafirði • Sími 456 4566 betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** Wipeout
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.00** Grand Designs
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.45** Gossip Girl
**14.35** Smash
**15.20** Victorious
**15.45** Grallararnir
**16.10** Arrested Development
**16.45** New Girl
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Bad Teacher
**19.40** The Middle
**20.05** Heimsókn
**20.25** A to Z
**20.50** Grey's Anatomy
**21.35** Forever
**22.20** Covert Affairs
**23.05** Enlightened
**23.35** NCIS
**00.15** The Blacklist
**01.00** Person of Interest
**01.45** Backdraft
**04.00** This Means War
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Danmörk - Portúgal
**08.40** Ísland U21 - Danmörk U21
**13.20** Slóvakía - Spánn
**15.00** Moto GP - Japan
**16.00** Tyrkland - Tékkland
**17.40** Ísland U21 - Danmörk U21
**19.20** Þýsku mörkin
**19.50** Þýskaland - Írland
**21.30** Euro 2016 - Markaþáttur
**22.25** Danmörk - Portúgal
**00.05** UFC Unleashed 2014

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Pólland - Skotland
**13.00** Eistland - England
**14.40** Skotland - Georgía
**16.20** Chelsea - Arsenal
**18.00** Pólland - Skotland
**19.40** Wales - Bosnía-Hersegóvína
**21.20** Messan
**22.35** Man. Utd. - Everton
**00.15** Premier League World 2014

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp**21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Guys With Kids
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Jamie's 30 Minute Meals
**20.10** Baby Daddy
**20.35** Flash
**21.20** Gang Related
**22.05** Damages
**23.05** Wilfred
**23.30** Originals
**00.15** Supernatural
**01.00** Hart of Dixie
**01.45** Jamie's 30 Minute Meals
**02.15** Baby Daddy
**02.40** Flash
**03.25** Gang Related
**04.05** Damages

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Skógardýrið Húgó **08.44** Skoppa og Skrítla **08.56** Tommi og Jenni**09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Skógardýrið Húgó **12.44** Skoppa og Skrítla **12.56** Tommi og Jenni **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær**13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson**15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Skógardýrið Húgó **16.44** Skoppa og Skrítla **16.56** Tommi og Jenni **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær**17.47** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Franklín **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.55** Strákarnir
**18.20** Frasier
**18.45** Friends
**19.10** Little Britain
**19.40** Modern Family
**20.05** Two and a Half Men
**20.30** Örlagadagurinn
**21.00** The Mentalist
**21.40** Heimsókn
**22.00** Chuck
**22.45** Cold Case
**23.30** E.R.
**00.15** Boss
**01.10** Örlagadagurinn
**01.45** Heimsókn
**02.00** The Mentalist
**02.40** Chuck
**03.25** Cold Case

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00** Hope Springs
**12.40** The Winning Season
**14.25** Stepmom
**16.30** Hope Springs
**18.10** The Winning Season
**19.55** Stepmom
**22.00** The Dark Knight Rises
**00.40** Resident Evil. Retribution
**02.15** Afterwards
**04.00** The Dark Knight Rises

## RÚV

**16.25** Frankie
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.51** Nýi skólinn keisarans
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Eldað með Niklas Ekstedt
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Neyðarvaktin
**20.45** Hæpið
**21.15** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Litir ljóssins
**23.05** Höllin
**00.05** Kastljós
**00.30** Fréttir
**00.40** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.40** Pepsi MAX tónlist
**15.30** The Royal Family
**15.55** Welcome to Sweden
**16.20** Parenthood
**17.05** Extant
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** 30 Rock
**20.10** Survivor
**20.55** Remedy
**21.45** Unforgettable
**22.30** The Tonight Show
**23.10** Fargo
**00.00** Under the Dome
**00.40** Remedy
**01.25** Unforgettable
**02.10** The Tonight Show
**02.50** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014
**11.00** Inside The PGA Tour 2014
**11.25** Golfing World 2014
**12.15** PGA Tour 2014 - Highlight
**13.10** PGA Tour 2014
**18.00** Golfing World 2014
**18.50** LPGA Tour 2014
**20.50** Golfing World 2014
**21.40** 2014 The LIFE Network Special
**22.25** Golfing World 2014
**23.15** European Tour 2014 - Highlight

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# TAXFREE

## Á Nature's heilsurúmum






**Tvennutilboð**



Hlý og vönduð dúnsæng og dúnkoddi

Aðeins kr. 18.900

Fullt verð: 23.800

DORMA
– býður góða nótt

**TAXFREE**

**20,32% afsláttur***
**á meðan birgðir endast!**

VERÐDÆMI
REST HEILSURÚM
**TAXFREE**
120 X 200 CM – TAXFREE-VERÐ
**KR. 63.664**

VERÐDÆMI
REST HEILSURÚM
**TAXFREE**
160 X 200 CM TAXFREE-VERÐ
**KR. 79.600**

EKKI MISSA AF ÞESSU

Heilsurúm í stærðunum 80, 90, 100, 120, 140, 160 og 180 cm. Dýna, botn og lappir.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað DORMA.

DORMA

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800** • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði ✆ 456 4566

**BESTI SKYNDIBITINN**



**Presley og Spicey Tuna á Lemon.**
Gassi Ólafsson ljósmyndari.

# 600 manns sækja EVE-ráðstefnu í Las Vegas

Fyrirtækið CCP stendur fyrir viðburði á hótelinu Planet Hollywood um helgina fyrir spilara EVE Online.

Sex hundruð gestir munu sækja ráðstefnuna EVE-Vegas sem verður haldin á hótelinu Planet Hollywood í borginni Las Vegas um helgina. Hún er haldin fyrir spilara tölvuleiksins EVE Online í Bandaríkjunum og kostar miðinn um 24 þúsund krónur.

„Þetta er að einhverju leyti svipað konsept og Fanfestið í Reykjavík,“ segir Eldar Ástþórsson hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP. „Þetta er ráðstefna en svo tengist skemmtanahald þessu líka. Það er auðvelt að fljúga til Las Vegas frá eiginlega allri Ameríku og þetta eru spilarar ánægðir með. Þeir geta hist í raunheimum og rætt ýmis mál varðandi leikinn,“ segir hann. „Síðan erum við með fyrirlestra þar sem við erum að tala um nýjustu viðburði í þróun leiksins, hvað er að gerast í efnahagskerfinu og annað slíkt.“

Eldar segir staðsetningu ráðstefnunnar vera mjög góða. „Þetta er á „The Strip“ í Las Vegas, á besta stað í borginni.“ Ráðstefnan hefur áður verið haldin í Vegas en þetta verður í fyrsta sinn sem CCP heldur utan um hana. „Spilararnir sjálfir tóku upp á því að halda þetta á sínum tíma en síðustu ár höfum við hjálpað til. Síðan ákváðum við að taka við viðburðinum og það hefur gefið mjög góða raun. Hann hefur stækkað um helming.“ **- fb**

> **Þetta er á „The Strip“ í Las Vegas, á besta stað í borginni.**
> *Eldar Ástþórsson.*



**ELDAR ÁSTÞÓRSSON** EVE-ráðstefnan er haldin fyrir spilara tölvuleiksins EVE Online í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MAÐUR Á AÐ FYLGJA FLÆÐINU** Teitur samdi textana á plötunni með Skarphéðni Bergþórusyni skáldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Suðupottur af heimstónlist og íslenskri dægurlagahefð

Teitur Magnússon úr hljómsveitinni vinsælu Ojba Rasta leggur lokahönd á fyrstu sólóplötuna.

Teitur Magnússon, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Ojba Rasta, leggur nú lokahönd á fyrstu plötuna sína, Tuttugu og sjö.

„Platan öll fór af stað á 27. aldursári mínu,“ segir Teitur. „Þetta var ekki beint eitthvað sem ég var búinn að plana heldur er hún kannski ákveðin sönnun á því að maður eigi bara að fylgja flæðinu.“

Teitur gaf út lagið Nenni í fyrradag en það var lagið sem lét boltann byrja að rúlla. „Skarphéðinn Bergþóruson frændi minn, grúskari og skáld, benti mér á rúmlega 100 ára gamalt ljóð eftir Benedikt Gröndal, sem birtist held ég aldrei neins staðar opinberlega á sínum tíma. Skarphéðinn hvatti mig til að semja lag við þetta gleymda ljóð. Síðan fóru lögin bara að flæða.“ Þess má geta að Skarphéðinn benti Teiti einnig á ljóðin sem urðu síðar textinn í laginu Hreppstjórinn, með Ojba Rasta.

Textarnir á plötunni voru samdir af Teiti og Skarphéðni en Bretinn Mike Lindsay, einnig þekktur sem Cheek Mountain Thief, tók plötuna upp áður en hann flutti af landi brott.

Að sögn Teits eru lögin á plötunni fjölbreytt. „Það er verið að styðjast við íslenska texta og dægurlagahefð en einhverjum ferskum andblæ er bætt við. Til dæmis fékk ég Samúel Jón Samúelsson til að spila á brasilíska hljóðfærið cuica í einu lagi og Arnljót Sigurðsson úr Ojba Rasta til að spila á hið arabíska saz í öðru. Í Nenni fékk ég Björgvin Gíslason til að spila á sítar og Mike Lindsay til að spila á taisho goto, japanskt þjóðlagahljóðfæri. Þetta er suðupottur með áhrifum frá ýmsum stöðum.“ **- þij**

> **27** Vinnan við plötuna fór af stað á 27. aldursári Teits.

# Selja lífræn barnaföt í hlutlausum litum

Hjónin Guðrún Tara Sveinsdóttir og Gísli Hrafn Magnússon opna netverslunina Eydalalilju, sem býður upp á ókynbundin barnaföt úr lífrænum efnum.

Guðrúnu Töru Sveinsdóttur fatahönnuði og myndlistarkonu fannst vanta úrval af lífrænum barnafötum á viðráðanlegu verði hér heima, svo hún ákvað að taka málin í sínar hendur.

Hún og maður hennar, Gísli Hrafn Magnússon, hafa ákveðið að flytja inn barnafatamerkið PurerBaby. Hún segist sjálf ekki hafa viljað vita kynið á sínu barni og þegar hún leitaði að lífrænum fötum í hlutlausum lit var úrvalið ekki mikið.

„Við skoðuðum mikið barnaföt á netinu, því okkur langaði að fá lífræn föt fyrir son okkar. Við uppgötvuðum svo merkið PurerBaby og leist rosalega vel á það og ákváðum að slá til og hefja lítinn innflutning og opna netbúð,“ segir Guðrún.

Hún segist hafa kynnst nýrri hlið á fataiðnaðinum þegar hún fór í starfsnám erlendis og það hafi vakið hana til umhugsunar um hvernig föt hún kaupi á sig og barnið sitt. „Við völdum þetta merki því við vildum geta boðið upp á lífræn barnaföt á viðráðanlegu verði. Bómullin í fötunum er ólituð og hefur ekki komist í snertingu við eiturefni og þeir sem vinna við að sauma þau fá sómasamlega greitt fyrir vinnu sína. Merkið er með GOTS-gæðastimpil, sem er alþjóðleg lífræn og fair-trade gæðavottun,“ segir Guðrún.

Ásamt því að bjóða upp á vörur frá PurerBaby er Guðrún að prjóna sokka og smekki úr lífrænni bómull sem er lituð með náttúrulegum litarefnum. „Ég lærði hjá Jet Korine í Gloriu að lita með náttúrulegum efnum og stefni á að nota þá þekkingu í mína hönnun. Þetta tengi ég mikið við Slow fashion-hugtakið, sem snýst um að gera vöruna persónulega, ekki fjöldaframleidda.“

En hvers vegna skiptir litavalið á fötunum þau máli? „Við viljum ekki kyngreina börnin með litum. Það virðist vera inngróið í samfélagið að stelpur eigi að vera í bleiku og strákarnir í bláu, sem gerir það að verkum að framboðið af öðru er lítið,“ segir hún.

Þau stefna að því að opna netverslunina á næstunni en byrja með sölu í gegnum Facebook-síðuna Eydalaliljaclothing. „Við ætlum að byrja rólega og hafa fá eintök af hverju. Við stefnum að því að vera með pop up-verslun líka svo ég hvet alla til þess að fylgjast með á Facebook-síðunni okkar,“ segir Guðrún.

**adda@frettabladid.is**



**PUREBABY** Guðrún ásamt syni sínum Úlfi Elía Fálka Gíslasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það skiptir okkur máli vegna þess að við viljum ekki kyngreina börnin með litum.**





BEINT Í ÆÐ
TILBOÐ Í EINN DAG
1000 kr. afsláttur af miðaverði á fyrsta degi forsölu
TM
FORSÖLUTILBOÐ
TM er einn af máttarstólpum Borgarleikhússins því býðst viðskiptavinum TM **25% afsláttur** á fyrstu 20 sýningarnar. A.T.H. - gildir ekki með öðrum tilboðum
FORSALA HEFST Í DAG KL. 10
FRUMSÝNING FÖSTUDAGINN 31. OKTÓBER!
Fös. 31/10 kl. 20
Lau 1/11 kl. 20
Sun 2/11 kl. 20
Þri 4/11 kl. 20
Mið 5/11 kl. 20
Fim 6/11 kl. 20
Fim 13/11 kl. 20
Fös 14/11 kl. 20
Lau 15/11 kl. 20
Sun 16/11 kl. 20
Mið 19/11 kl. 20
Fim 20/11 kl. 20
Fös 21/11 kl. 20
Lau 22/11 kl. 20
Sun 23/11 kl. 20
Fim 27/11 kl. 20
Lau 29/11 kl. 20
Sun 30/11 kl. 20
Fim 4/12 kl. 20
Fös 5/12 kl. 20
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
TM
MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW

## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Bryndís hitti Keanu Reeves

**Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir**, fyrrverandi varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar og framkvæmdastjóri Já-Ísland, hitti stórstjörnuna og hjartaknúsarann **Keanu Reeves** á frumsýningu myndarinnar John Wick í New York á mánudag. Keanu leikur aðalhlutverk myndarinnar en það er engin önnur en Elísabet Ronaldsdóttir sem klippir myndina. Bryndís Ísfold sem býr í New York ásamt fjölskyldu sinni sagði á Facebook-síðu sinni að þau Keanu hafi verið að ræða veðrið þegar eiginmaður hennar hafi truflað þau með myndatöku. - hó

### Íslandsfögnuður í Connecticut

Fríður flokkur íslenskra tónlistarmanna kemur fram á hátíðinni Iceland Affair í Connecticut-fylki Bandaríkjanna um helgina. Það eru þau **Snorri Helgason,** Lay Low, Svavar Knútur, Agnes Erna, Kristjana Stefánsdóttir, Myrra Rós og Björn Thoroddsen sem munu troða upp. Það er Íslandsvinurinn og stofnandi ferðaskrifstofunnar Krummi Travel, Gerri Griswold, sem stofnaði hátíðina. Ásamt tónleikunum verður hægt að prófa íslenska matargerð og sjá íslenska hesta og fjárhunda. Þá verður boðið upp á ýmsa áhugaverða fyrirlestra svo sem Blue-Eyed Pop eftir Dr. Gunna og fyrirlestur Jóns Baldurs Hlíðbergs um hið nýja „vandræðabarn“ Íslands, Bárðarbungu. - þij



## Mest lesið Vísir

1 Gullinbrú lokuð: Ökumaður slasaður
2 Drukkinn á 178 km hraða: Farþegi varanlega lamaður eftir bílveltu
3 Hátt í ársbið eftir lækni: „Ekki hægt að berjast við þetta kerfi“
4 Fjármagn skortir til að fylgja eftir málum sem snúa að lyfjamisnotkun
5 Reyna að bjarga sögufrægu samkomuhúsi






KATRÍNARTÚN 12 WOWAIR.IS WOWAIR@WOWAIR.IS
Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunar- og töskugjald ekki innifalið.

MARKMIÐ
HJÁLPAÐU OKKUR AÐ NÁ MARKMIÐINU
SLAUFAN